# FRÉTTABLAÐIÐ

109. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 10. MAÍ 2018




Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur afhenti Vigdísi Finnbogadóttur Mæðrablómið í gær. Mæðrablómið í ár er kerti og rennur allur ágóði af sölu þess í menntunarsjóð mæðrastyrksnefndar sem styrkir tekjulágar konur til menntunar. Þórunn Árnadóttir hannaði kertið. Þegar vax þess bráðnar koma í ljós skilaboð sem valin voru meðal annars af Elizu Reid forsetafrú. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hugsi yfir leynd hagsmunaskráningar

**Formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis setur spurningarmerki við leynd yfir hagsmunaskráningu ráðuneytisstjóra og spyr hver hafi eftirlit með henni og hvernig gegnsæi verði tryggt. Fyrirhuguð hagsmunaskráning er vegna ábendinga í Greco-skýrslu.**

**STJÓRNSÝSLA** Formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, Helga Vala Helgadóttir, segir tilgang með hagsmunaskráningu æðstu ráðamanna þjóðarinnar vera að tryggja að farið sé að réttum leikreglum og byggja upp traust.

Helga Vala spyr hvar gagnsæið verði í fyrirhugaðri hagsmunaskráningu ráðuneytisstjóra og aðstoðarmanna ráðherra sem ríkisstjórnin ákvað að verði ekki opinber.



**Helga Vala Helgadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis**

„Eiga ráðuneytin að hafa eftirlit með ráðuneytisstjórum og aðstoðarmönnum ráðherra?“ spyr Helga Vala. Hún vísar til þekktra mála um hagsmunaárekstra og spillingu æðstu embættismanna. „Þessi mál hafa yfirleitt komið upp vegna þess að það er einhver utanaðkomandi sem bendir á en ekki kerfið sjálft.“

Fyrirhuguð hagsmunaskráning kemur til vegna ábendinga frá Greco, samtökum Evrópuríkja, gegn spillingu. Í skýrslu Greco segir að dæmin sanni nauðsyn þess að reglur um hagsmunaskráningu nái yfir ráðuneytisstjóra og er þar vísað til innherjaupplýsinga sem hafi verið notaðar með refsiverðum hætti.

Í skýrslu Greco segir að huga beri að því að víkka reglurnar út svo þær nái til nánustu fjölskyldumeðlima. Stjórnvöld eru gagnrýnd fyrir að hafa ekki fylgt fyrri ábendingum Greco þess efnis í tilviki þingmanna og ráðherra. Nefndin hafi fundað með Persónuvernd, sem telji persónuverndarlög ekki í vegi fyrir því í tilviki nánustu skyldmenna, sé kveðið á um upplýsingagjöfina í lögum.

Þá vísar Greco til þess að framkvæmd gildandi reglna sé ábótavant og aðhaldið komi að mestu leyti frá fjölmiðlafólki með fréttum af rangri upplýsingagjöf eða endurteknum fyrirspurnum um hagsmunaskráningu stjórnmálamanna.

Greco-nefndin leggur ríka áherslu á umbætur þar að lútandi í þágu gegnsæis og ráðvendni æðstu embættismanna ríkisins. **– aá**

## Ríkið fellur frá forkaupsrétti

**VIÐSKIPTI** Kaupþing og stjórnvöld hafa gengið frá samkomulagi um að ríkið falli frá forkaupsrétti sínum að hlutabréfum Kaupþings í Arion banka upp að ákveðnum eignarhluta og í tiltekinn tíma þegar ráðist verður í hlutafjárútboð og skráningu bankans, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Samkomulag um endurskoðun á umræddum forkaupsrétti, sem virkjast að öðrum kosti ef hlutabréf Kaupþings eru seld á genginu 0,8 eða lægra miðað við eigið fé, náðist um síðustu helgi.

Ekki náðist þó samkomulag um að Kaupþingi verði gert að greiða ríkinu mismuninn ef sölugengið í útboðinu á þeim bréfum sem ríkið mun falla frá forkaupsrétti sínum að verður lægra en 0,8.

**– hae, kij /** **sjá síðu 14**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Sigmundur Davíð segir samgönguvandann versna með borgarlínu. 20

**SPORT** Hef bætt leik minn hér í Noregi, segir Svava Rós. 24

**MENNING** Stormfuglar eftir Einar Kárason gerist í fárviðri á íslenskum síðutogara við Nýfundnaland. 30



**LÍFIÐ** Hægt verður að kaupa dagpassa á aðaldaginn á Secret Solstice í sumar. 38

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **ÚT AÐ HJÓLA**



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015











## Veður




Vaxandi suðvestanátt í dag, 8-15 síðdegis, en áfram norðaustanátt á Vestfjörðum. Rigning með köflum, en léttir til norðaustanlands með deginum. SJÁ SÍÐU 28

# Leggjast gegn tillögu um skatt á gosdrykki

**NEYTENDAMÁL** Tillögur Landlæknisembættisins um hækkun skatta á gosdrykki fela í sér mismunun gagnvart vörum og atvinnugreinum að mati Félags atvinnurekenda. Þetta kemur fram í bréfi sem félagið sendi Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra og Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra.

Í bréfinu er sagt að fyrir liggi að margar aðrar drykkjar- og matvörur séu ekki síðri uppspretta sykurs en gosdrykkir. Þar er einnig vísað í gögn sem sýna fram á að neysla á sykruðum gosdrykkjum hafi minnkað um 12 prósent á síðustu þremur árum. Þá stríði tillögur landlæknis gegn þeirri einföldun skattkerfisins sem unnið hafi verið að á undanförnum árum. **– gþs**

# Litríkt fertugsafmæli



Gleðin var við völd í húsakynnum Samtakanna ‘78 við Suðurgötu í gær þegar félagið fagnaði 40 ára afmæli. „Það hefur gríðarlega margt áunnist á þessum tíma,“ segir Hörður Torfason við tímamótin. Hörður var einn helsti hvatamaðurinn að stofnun samtakanna. „Þetta er allt annað samfélag í dag. Það má segja að þetta hafi verið eins og miðaldasamfélag hérna fyrir 40 árum, það voru svo miklir fordómar á sínum tíma.“ FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Heimasímar víkja fyrir gagnamagni

**FJARSKIPTI** Notendum heimasíma fækkaði lítillega milli áranna 2016 og 2017 en hringdum mínútum úr slíkum símum fækkaði aftur á móti mikið. Þetta er meðal þess sem lesa má úr tölfræðiskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar um íslenskan fjarskiptamarkað fyrir árið 2017.

Farsímaáskriftir jukust samhliða fólksfjölgun. Fjölgun varð í samningsbundnum áskriftum en fyrirframgreidd símkort voru færri í fyrra en árið 2016. Gagnamagn á farsímaneti hélt áfram að aukast þó lítillega hafi dregið úr aukningunni. Rúmlega fjörutíu prósent nettenginga á landinu eru í gegnum ljósleiðara.

Velta fjarskiptafyrirtækja jókst lítillega í fyrra. Tekjur vegna heimasíma og farsíma drógust saman en á móti jukust tekjur af fastaneti, gagnaflutningum og internet- og sjónvarpsþjónustu. **– jóe**

# Gjaldþrota þrátt fyrir hækjurnar

**DÓMSMÁL** Bú Hafnfirðings verður tekið til gjaldþrotaskipta eftir að máli hans var vísað frá Landsrétti. Maðurinn var fjarverandi fyrirtöku í héraðsdómi án lögmætra forfalla.

Málið varðar rúmlega 29 milljóna skuld við Íslandsbanka. Krafa bankans um gjaldþrot mannsins var tekin fyrir í upphafi árs í fyrra. Síðan þá hafði því ítrekað verið frestað vegna veikinda sem maðurinn stríðir við. Lá meðal annars fyrir tölvupóstur frá dómara málsins til mannsins þar sem hann var spurður hvort ekki væri rétt að hann fengi lögmann til að flytja það vegna ítrekaðra veikinda.

Þegar taka átti málið fyrir 14. mars síðastliðinn sagðist maðurinn vera „í hvíld heima við en [færi] allra nauðsynlegustu ferða á hækjum“. Mat dómari það sem útivist og féllst á kröfu bankans. Landsréttur staðfesti þá niðurstöðu enda þóttu meiðslin ekki vera lögmæt forföll. **– jóe**

# Brauð oftar í ruslið því svínabú vilja það ekki

**Umframbakstur sem áður var nýttur í svínafóður endar nú æ oftar í ruslinu. Bú sem áður tóku við bakkelsinu hafa mörg hver skipt því út fyrir aðkeypt fóður vegna þæginda. Gott fóður unnið úr bakkelsinu að sögn bónda sem nýtir það.**

**UMHVERFISMÁL** Mikið af bakkelsi fer til spillis í bakaríum landsins. Misjafnt er hvað verður um þennan umframbakstur. Hjá Korninu er bakkelsið flokkað sem lífrænn úrgangur en var áður sent á svínabú þar sem því var umbreytt í fóður. Búið er nú hætt að taka við brauðinu.

Eiríkur Björn Einarsson, verkefnastjóri hjá Korninu, segir að bakaríið í Hjallabrekku sé miðlægt bakarí fyrirtækisins. Þar sé allt bakað og allur úrgangur úr öðrum bakaríum endi þar. Þar að auki sé sorp ekki sótt á hverjum degi.

„Þetta lítur út fyrir að vera mikið, en þetta er náttúrlega uppsafnað og úr þrettán bakaríum,“ segir Eiríkur.

Spurð hvort ekki sé ráð að baka minna bendir Helga Kristín Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Kornsins, á að reksturinn sé í höndum nýrra aðila og að þau séu stöðugt að reyna að finna jafnvægi í magninu. Salan sé auk þess óregluleg.

„Þegar við tókum við voru viðskiptavinir óánægðir þegar lítið var til eftir hádegi. Við ákváðum að bregðast við því og núna erum við að stilla af hversu mikið við sendum. Sumir dagar eru góðir og sumir dagar ekki. Þegar það er sól úti selst mikið en þegar það er rigning koma færri.“

Eiríkur og Helga eru sammála um að best væri að geta endurnýtt umframbaksturinn. Afgangs bakkelsið endar þó ekki allt í tunnunni. Íþróttafélög fá til dæmis bakkelsi sem er óselt.

„Svo höfum við gefið heimilislausum og hestafólk hefur verið að sækja í þetta,“ bendir Eiríkur á.



Svona litu gámar Kornsins við Hjallabrekku út á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Besta lausnin finnst þeim vera að koma þessu í fóður. „Það væri frábært ef það væri einn staður sem bakarí gætu öll skilað þessum úrgangi á,“ segir Eiríkur. Hann hafi skoðað búnað til að vinna fóður úr afgöngunum. „Það er stórt fyrirtæki fyrir eitt bakarí að setja upp.“

Svínabúið á Ormsstöðum tekur við afgöngum frá Myllunni. Áður tók búið einnig við afgöngum frá Gæðabakstri en magnið var orðið það mikið að það nýttist ekki allt.

„Við vinnum þetta í gott fóður,“ segir Guðný Tómasdóttir á Ormsstöðum. Hún segist hafa talað við önnur bú um að nýta fóðrið sem þar er unnið úr bakarísafgöngum en ekki sé mikill vilji til þess.

„Það er bara auðveldara að kaupa tilbúið fóður,“ segir Guðný sem þætti skemmtilegra ef aðrir bændur mundu nýta fóðrið sem er unnið úr umframbakstrinum. Hún segir Matvælastofnun hvorki gera bændum né bakaríum, sem vilja fara þessa leið, auðvelt fyrir.

Sækja þarf um leyfi frá MAST til að heimila nýtingu bakkelsisins. Eftir að bú hefur tekið við umframbakstrinum tekur við flókið ferli sem tryggir að fóðrið hæfi dýrunum.

Bændur á öðrum búum, sem rætt var við og áður nýttu umframbakstur, voru sammála um að þægilegra væri að kaupa fóðrið. Óhentugt sé að sækja afganga á marga staði og því fylgir umstang að þurfa að skilja allt plast frá brauðinu. Auk þess sé hægt að treysta á gæði innihalds í aðkeypta fóðrinu.

gretarthor@frettabladid.is



# FRÁBÆR **TILBOÐ**



SPARIÐ
10.000
AF SETTI

VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

**SÓFI + BORÐ + 2 STÓLAR + SESSUR**
**VIÐHALDSFRÍTT**

**SETTIÐ FULLT VERÐ: ~~44.950~~**

## 34.950

**EBELTOFT GARÐHÚSGÖGN**
Glæsileg, stílhrein garðhúsgögn úr UV vörðu plasti. Endingagóðar sessur úr bómull/polyester fylgja. Borð B59 x L92 xH43 cm. Vnr. 3763442

**OPNUNARTÍMAR**
**UPPSTIGNINGARDAG**

| | |
|---|---|
| BÍLDSHÖFÐI | 12-18 |
| GRANDI | 12-18 |
| SMÁRATORG | 12-18 |
| SKEIFAN | 12-18 |
| SELFOSS | 12-18 |
| AKUREYRI | 13-17 |



FRÁBÆRT
VERÐ

**ÖRYGGISNET FYLGIR**

**VERÐ FRÁ:**

## 19.990

**TRAMPÓLÍN MEÐ ÖRYGGISNETI**
Góð trampólín í garðinn eða á pallinn. Öryggisnet fylgir með öllum trampólínum. Fást í 4 stærðum: Ø244 cm, Ø305 cm, Ø426 cm og B250 x L396 cm. Öll trampólínin okkar eru öryggisvottuð samkvæmt evrópskum **EN 71-14** staðli. Stigi **3.495** Festing fyrir trampólín **4.495** Vnr. 4702601



ALLIR
BLÓMAPOTTAR
30%
AFSLÁTTUR



2 STK. Á
10.000
KRÓNUR

## 5.995

**HALDEN SÓLSTÓLL**
Traustur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga. Fæst í svörtu, bláu og grænu. 1 stk. **5.995** nú 2 stk. **10.000** Vnr. 3738540

COMFORT LUXE



**MEÐ 3 ÞÆGINDASVÆÐUM**

ÖLL
COMFORT LUXE
RÚM ALLT AÐ
40%
AFSLÁTTUR

**NÚ VERÐ FRÁ:**

## 54.950

90 x 200 sm. ~~79.950~~ nú 54.950
120 x 200 sm. ~~99.950~~ nú 59.950
140 x 200 sm. ~~109.950~~ nú 69.950
160 x 200 sm. ~~129.950~~ nú 79.950
180 x 200 sm. ~~139.950~~ nú 89.950

Meðalstíf · Memory svampur · Svæðaskipt · Pokagormar · 10 ára dýnu Ábyrgð · 2 ára akladi Ábyrgð · Yfirdýna

**COMFORT LUXE DÝNA**
Góð meðalstíf heilsudýna með 215 pokagormum pr. m².
og 3 þægindasvæðum. Fætur og botn fylgja. Vnr. 8880001963



ALLAR
GARDÍNUR
20-40%
AFSLÁTTUR

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR TIL 13.05**

## Skattameðferð á útfararkostnaði ekkils ekki í samræmi við vinnureglur

**SKATTAR** Yfirskattanefnd (YSKN) hefur fellt úr gildi úrskurð Ríkisskattstjóra (RSK) um synjun á ívilnun skatta ekkils vegna andláts konu hans. Nefndin taldi rökstuðning Ríkisskattstjóra ófullnægjandi auk þess að niðurstaðan samræmdist ekki verklags- og vinnureglum embættisins.

Í ágúst í fyrra óskaði ekkillinn eftir lækkun tekjuskattsstofns síns um 900 þúsund krónur vegna kostnaðar við útför eiginkonu sinnar. Þá benti hann á að tekjur heimilisins hefðu skerst verulega við fráfall hennar. RSK hafnaði beiðninni þar sem kostnaður hefði fallið til árið 2017 og kæmi þá til frádráttar 2018. Maðurinn skaut niðurstöðunni til YSKN.

Í úrskurði YSKN segir að rökstuðningi RSK hafi verið ábótavant. Ekkert hafi verið vikið að því hvort hæfi mannsins til að afla tekna hafi skerst við fráfall konu hans heldur aðeins einblínt á útfararkostnaðinn.

„Hvað snertir sérstaklega ívilnunartilvik af því tagi sem ríkisskattstjóri veitti úrlausn í úrskurði sínum þykir nærtækt að leita fanga í fræðasjó embættisins,“ segir YSKN en þar var vísað í grein í Tíund, fréttablaði RSK. Þar segir að löng hefð sé fyrir ívilnun vegna mannsláts. Hún komi meðal annars til er andlátið valdi verulega skertu gjaldþoli hjá eftirlifandi maka.

„Þá blasir við að forsendur og niðurstaða ríkisskattstjóra í máli kæranda […] eru ekki í samræmi við þær verklags- og vinnureglur embættisins,“ segir í úrskurði YSKN. – jóe



**Útför eiginkonu kostaði 900 þúsund krónur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Tillagan umdeilda.** MYND/SIGTÚN ÞRÓUNARFÉLAG

## Yfirsást að telja rafrænu nöfnin

**ÁRBORG** Við talningu á undirskriftum vegna íbúakosningar um nýtt skipulag í miðbæ Selfoss gleymdist að telja rafrænar undirskriftir. Hlutfall kjósenda sem ritaði undir hækkar úr 29,4 prósentum í 32,4 prósent.

Í yfirlýsingu aðstandenda undirskriftasöfnunarinnar segir að endurmat Þjóðskrár hafi leitt þetta í ljós.

„Það gleymdist einfaldlega að gera ráð fyrir rafrænu undirskriftunum í fyrri talningunni,“ segir Aldís Sigfúsdóttir, einn ábyrgðarmanna söfnunarinnar.

Deilt er um það hvort gera skuli undirskriftalistana opinbera en ábyrgðarmenn telja það stríða gegn persónuverndarlögum. Sveitarfélagið vill að slíkt verði gert svo fólk geti staðfest að það hafi skrifað undir listann í raun. – jóe

## Ætla sér að perla nýtt Íslandsmet

**SAMFÉLAG** Á laugardag ætla Tólfan og Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk með krabbamein og aðstandendur, að freista þess að setja Íslandsmet í að perla armbönd á Laugardalsvelli. Áhugasamir eru hvattir til að taka þátt. Armböndin eru alfarið seld til stuðnings Krafti.

Í janúar var sett Íslandsmet í perlun er 3.972 armbönd voru perluð í Hörpu. „Við hjá Krafti erum virkilega þakklát Tólfunni fyrir að taka þátt í þessu verkefni með okkur,“ segir Hulda Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Krafts. – gþs

# Ráðherra óviss um nauðsyn breytinga á meiðyrðalöggjöf

**Tillögu um endurskoðun á ákvæðum um ærumeiðingar vísað til ríkisstjórnar í vikunni. Nefnd forsætisráðherra um frelsi fjölmiðla er að störfum og frumvarp frá 2016 liggur fyrir en dómsmálaráðherra er óviss um þörf fyrir breytingar og telur umfjöllun um dóma frá Mannréttindadómstól Evrópu byggða á misskilningi.**

**DÓMSMÁL** Þingsályktunartillögu um endurskoðun löggjafar um ærumeiðingar var vísað til ríkisstjórnarinnar með atkvæðagreiðslu á Alþingi fyrr í vikunni. Markmið endurskoðunarinnar er að ná betur utan um tjáningarfrelsisákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu eins og það hefur verið túlkað af Mannréttindadómstólnum.

Á árunum 2012 til 2017 hefur íslenska ríkið verið dæmt sex sinnum af Mannréttindadómstólnum fyrir brot gegn tjáningarfrelsi fjölmiðlamanna sem hlotið höfðu dóma fyrir meiðyrði fyrir íslenskum dómstólum. Í öllum tilvikum reyndi á ákvæði hegningarlaga um aðdróttanir í garð nafngreindrar persónu.

Í dómunum var í raun ekki sett út á lagaákvæðið sjálft heldur beitingu þess fyrir íslenskum dómstólum. Ekki verður hins vegar séð að dómarnir hafi haft áhrif á dómaframkvæmd hér á landi sem veldur því að tjáningarfrelsi blaðamanna er reglulegt umræðuefni í samfélaginu, ekki síst meðal blaðamanna og stjórnmálamanna sem vilja bæta úr.

Þingmál hljóta brautargengi á Alþingi, vinnuhópar og nefndir eru skipaðar, frumvörp verða til. Lögunum hefur þó enn ekki verið breytt og dómaframkvæmd íslenskra dómstóla er sú sama.

„Ég er ekki alveg viss um að það séu allir sammála um hvort það sé einhver þörf á að breyta þessu,“ segir Sigríður Andersen dómsmálaráðherra aðspurð um endurskoðun löggjafarinnar, sem er á hennar málefnasviði. Hún segist munu bíða niðurstöðu nefndar forsætisráðherra og sjá hvað hún leggur til. „Ef niðurstaðan er sú að menn telji að það þurfi að breyta einhverju þá gerum við það auðvitað,“ segir Sigríður en hyggst þó bíða álits refsiréttarnefndar áður en til þess kæmi enda kunni ólík sjónarmið að vera uppi um nauðsyn breytinga.

„Menn hafa stundum verið að misskilja dóma Mannréttindadómstólsins í þessu þannig að það þarf að skoða þetta vel,“ segir ráðherra.

adalheidur@frettabladid.is



**Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra segist ekki viss um að allir séu sammála um nauðsyn þess að breyta löggjöf um meiðyrði þrátt fyrir fjölda dóma gegn Íslandi frá Mannréttindadómstólnum í Strassborg.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Ærumeiðingar til skoðunar

**2010** Alþingi samþykkti þingsályktun um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis.

**2012** Katrín Jakobsdóttir, þá menntamálaráðherra, skipaði stýrihóp á grundvelli ályktunarinnar til að fara yfir lagaumhverfið og gera tillögur að úrbótum.

**2012** Stýrihópurinn aflaði álits refsiréttarnefndar um breytingar á ærumeiðingalöggjöfinni.

**2016** Stýrihópurinn skilar frumvarpi til nýrra laga um ærumeiðingar.

**2018** Katrín Jakobsdóttir, nú forsætisráðherra, skipar nefnd um endurbætur á löggjöf um tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsi, meðal annars um ærumeiðingar.

**2018** Alþingi vísar tillögu um endurskoðun ærumeiðingarkafla hegningarlaganna til ríkisstjórnarinnar og mælist til þess að umrædd endurskoðun verði jafnframt verkefni hinnar nýskipuðu nefndar forsætisráðherra.

### Sannleikurinn ekki bótaskyldur

Í frumvarpinu frá 2016 er lagt til að ákvæði um ærumeiðingar verði færð úr refsirétti í einkarétt. Þá eru dómstólum settar þrengri skorður við túlkun með því að tiltaka lögmætar varnir fyrir tjáningu sem annars væri til dæmis um gildisdóma sem settir eru fram í góðri trú og sönnun á því að ummæli séu sannleikanum samkvæm. Frumvarpið hefur hvorki verið lagt fram á Alþingi né komið fram á þingmálaskrám þeirra ríkisstjórna sem setið hafa frá því frumvarpið var samið.




Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt á milli verslana.
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
blómaval
Betra verð
TILBOÐS VEISLA
AUTHOR TROPHY26"
Stell úr álblöndu, 3,3 kg. Skipting: SHIMANO Y21 18 gírar, TEKTRO V bremsur. Þyngd: 14,3 kg/19".
3901286
39.900 kr
20% afsláttur
af ÖLLUM Author reiðhjólum
AUTHOR
Broil King
SÚPER TILBOÐ
Gasgrill Crown 320 Stál
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli. 2,7 kW hliðarbrennari. Grillgrindur úr steypujárni Þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000315
45.990 kr
54.950 kr
Sjáðu verðið!
30% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
Trampólín 4,26 m, öryggisnet fylgir
14 fet/4,26 m, 6 fætur með öryggisneti.
3900586
29.990 kr
42.990 kr
Broil King
SÚPER TILBOÐ
Gasgrill Crown 310
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli. Grillgrindur úr steypujárni. Þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000317
36.990 kr
44.900 kr
OUTBACK
SÚPER TILBOÐ
Gasgrill
Sunset Solo 3, 3ja brennara. Grillflötur: 628x406 mm. 3 ryðfríir brennarar, hitamælir, 9,67 kW.
3000393
30% afsláttur
25.990 kr
36.990 kr
OUTBACK
SÚPER TILBOÐ
15.990 kr
20.990 kr
Gasgrill
Outback gasgrill, 2ja brennara með hliðaborði. Grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000225
IKRA mogatec
Hekkklippur
550W, rafmagnshekkklippur, blað 45 cm, klippigeta 16 mm.
5083759
5.995 kr
Sjáðu verðið!
20% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
11.996 kr
Sjáðu verðið!
14.995 kr
Háþrýstidæla C 100.7-5(EU)
100BÖR, 1.3 Kw, 440 ltr./klst., sjálfvirk gangsetning og stöðvun 5 m slanga. Click & Clean kerfi.
5254200
Allt til að fegra og skreyta heimilið
FRÁBÆRT VERÐ
599 kr
Kryddjurtir
9 cm pottur. Kóríander, Sítrónumelissa, Dvergbasil, Mynta, Rósmarin, Oregano
SÚPER TILBOÐ
Sýpris
80-100 cn.
990 kr
1.990 kr
Nýtt blað er komið út
Skoðaðu blaðið á husa.is
OPIÐ Í DAG UPPSTIGNINGARDAG
Opið 10:00 til 18:00: Skútuvogi og Grafarholti
Opið 11:00 til 15:00: Egilsstöðum, Ísafirði, Vestmannaeyjum, Akureyri, Áhaldaleigu í Skútuvogi og Selfossi
Aðrar verslanir eru lokaðar

GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - *í leiðinni*

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - *um land allt*

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

NÝTT ÞJÓÐARSJÚKRAHÚS
Á BETRI STAÐ EÐA VIÐBYGGING
VIÐ HRINGBRAUT?

Hvað vinnst, hvað tapast?

FÖSTUDAGINN 11. MAÍ 2018
KL. 14:00-16:30, Í NORRÆNA HÚSINU

Opinn fundur **Samtaka um betri spítala á betri stað með fagfólki á ýmsum sviðum og fulltrúm stjórnmálaflokkanna í höfuðborginni.**

- Hvernig á að velja stað fyrir þjóðarsjúkrahús?
- Tekur lengri tíma að byggja nýjan spítala á nýjum stað?
- Er dýrara að byggja nýjan Landspítala á nýjum stað?
- Er Hringbraut vandamál fyrir sjúkraflutninga?
- Hvað er mikilvægast að gera fyrir heilbrigðiskerfið meðan beðið er eftir nýjum spítala?

Fjallað verður um þessar spurningar og fleiri frá ýmsum hliðum af sérfræðingum. Síðan munu fulltrúar framboðanna í borginni lýsa sinni afstöðu.


Vigdís Hauksdóttir, Miðflokkurinn


Ágúst Örn Gíslason, Frelsis-flokkurinn


Dóra Björt Guðjónsdóttir, Píratar


Eyþór Arnalds, Sjálfstæðis-flokkur


Guðmundur Þorleifsson, Íslenska þjóðfylkingin


Hjálmar Sveinsson, Samfylkingin


Kolbrún Baldurs-dóttir, Flokkur fólksins


Snorri Marteinsson, Höfuðborgar-listinn


Sveinbjörg Birna Svein-björnsdóttir, Borgin okkar Reykjavík


Þorvaldur Þorvaldsson, Alþýðu-fylkingin

**Framsögur:**
- Birgir Guðjónsson læknir, MACP, FRCP
- Guðjón Baldursson, læknir
- Guðjón Sigurbjartsson, viðskiptafræðingur
- Hallgrímur Þór Sigurðsson, meðeigandi hjá Nordic arkitektastofunni í Noregi
- Ólafur Sæmundsson, byggingstjóri.
- Dr. Sigríður Kristjánsdóttir, skipulagsfræðingur FSFFÍ, lektor
- Sigurður R. Ragnarsson forstjóri ÍAV
- Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri.

Skráning frá 13:45.
Fundurinn hefst kl. 14:00 og stendur til 16:30.

Skráning er á www.betrispitali.is/skraning.
Ráðstefnugjald kr. 1.500.
Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni

## Sigri fagnað



Barn færir uppgjafahermanni blóm fyrir utan Bolshoj-leikhúsið í Moskvu. Rússar minntust í gær sigurs Bandamanna á nasistum í seinni heimsstyrjöldinni. Þann 8. maí, reyndar 9. maí í Austur-Evrópu vegna tímamismunar, undirritaði Karl Dönitz, leiðtogi Þjóðverja, sáttmála um skilyrðislausa uppgjöf herja Þýskalands. Deginum er fagnað víða um heim, meðal annars með hersýningu á Rauða torginu í Moskvu. NORDICPHOTOS/AFP

# Bílaleigur kvíða nýjum reglum um hraðasektir

**Hlutlæg ábyrgð vegna sekta úr hraðamyndavélum hefur mikinn kostnað í för með sér fyrir bílaleigur. Minnst 160 milljónir vegna slíkra sekta innheimtust ekki 2016. Varað er við að breytingin verði afar íþyngjandi fyrir eigendur bíla.**

**SAMGÖNGUR** Samtök aðila í ferðaþjónustu (SAF) og Samtök atvinnulífsins (SA) gera alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á umferðarlögum sem gerir ráð fyrir hlutlægri ábyrgð vegna hraðaksturs sem myndaður er af hraðamyndavélum. Breytingin gæti haft umtalsverðan kostnað í för með sér fyrir bílaleigur landsins.

Drög að frumvarpi til nýrra umferðarlaga voru kynnt í samráðsgátt ríkisstjórnarinnar í lok febrúar. Meðal nýmæla sem lögð eru til er að sekta skráðan eiganda ökutækis ef bíl hans er ekið yfir hámarkshraða eða gegn rauðu ljósi og slíkt brot er fest á filmu af löggæslumyndavél. Það verður skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins að hraðinn sé ekki slíkur að punktar stofnist í ökuferilsskrá ökumannsins. Umrætt ákvæði var einnig í frumvarpi til umferðarlaga 2010 en það náði ekki fram að ganga.

Hinn 9. nóvember í fyrra var sagt frá því í Fréttablaðinu að fjórðungur sekta vegna hraðaksturs við hraðamyndavélar innheimtist ekki. Langstærstan hluta þeirra má rekja til aksturs erlendra ferðamanna en aðeins tæpur helmingur þeirra greiðir sektir vegna brota sinna. Varlega áætluð upphæð vegna slíkra brota árið 2016 nemur um 160 milljónum króna. Þó er mögulegt að sú upphæð sé talsvert hærri.

„SAF hafa ítrekað gert athugasemd við drögin hvað varðar að eigendur bifreiða séu gerðir ábyrgir fyrir hraðasektum sem ekki varða punktum. Við höfum bent á að slíkt heimildarákvæði eigi sér enga hliðstæðu í íslensku réttarfari,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF.




Verði tillögurnar að lögum mun eigandi bifreiðar þurfa að borga sektina ef ekki stofnast punktar í ökuferilsskrá vegna hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Samtök atvinnulífsins, sem SAF á aðild að, gerðu athugasemdir við fyrirhugaða breytingu í umsögn um drögin í samráðsgáttinni. Er meðal annars bent á að það sé gífurlega algengt hér á landi að ökumaður bifreiðar sé ekki skráður eigandi hennar. Í þessu samhengi er bent meðal annars á tilvik sem varða hin ýmsu fyrirtæki sem rækja starfsemi hér á landi og ökumenn bílaleigubíla.

„Kostir [hlutlægrar ábyrgðar] eru einkum þeir að með henni verður eftirlit og úrlausn brota gegn ákvæðum um akstursharaða gert skilvirkara í framkvæmd. [...] Með þessu fyrirkomulagi er eiganda eða umráðamanni ökutækis gert skylt að hafa virka umsjón og eftirlit með ökutæki sínu, til dæmis gagnvart nánum aðstandendum, svo sem maka eða börnum, og gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru svo að það sé ekki notað með þeim hætti sem fer í bága við framangreindar reglur umferðarlaga,“ segir í athugasemdum í frumvarpsdrögunum.

„Það er ljóst að bílaleigur geta ekki innheimt greiðslur ökumanna af greiðslukortum án samþykkis korthafa. Einnig er vandséð hvort og hvernig eigendum ökutækja sé með fullnægjandi hætti heimilt að grípa til og gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru svo að það sé ekki notað með þeim hætti sem fer í bága við framangreindar reglur umferðarlaga. Er því að mati samtakanna um að ræða verulega íþyngjandi skyldur sem lagðar eru á herðar eigendum,“ segir Helga. joli@frettabladid.is

# ROUGE G
# DE GUERLAIN



## HANNAÐU ÞINN EIGIN VARALIT!

Veldu þinn varalit og varalitalok í takt við þinn stíl.
Þú getur valið um 15 fallega varaliti og 8 mismunandi lok.

#MyRougeG

GUERLAIN.COM

**Guerlain-dagar 10.–16. maí í Hagkaup Smáralind og Kringlu**

**20% afsláttur af öllum vörum frá Guerlain**

Við kynnum nýju og endurbættu Rouge G varalitina frá Guerlain.
Sérfræðingur verður á staðnum og aðstoðar þig við að finna þinn Rouge G.

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# Reynt að halda samningi á lífi

**Samningsaðilar reyna að halda Íranssamningnum á lífi eftir að Bandaríkin tilkynntu um úrsögn sína. Íranar gagnrýna Bandaríkjaforseta harðlega. Ísraelar felldu átta Írana í loftárásum nærri Damaskus í Sýrlandi í gær.**

**ÍRAN** Ljóst er að nokkur vilji er fyrir því að standa við samninginn sem Bandaríkin, Bretland, ESB, Rússland, Kína, Frakkland og Þýskaland gerðu við Íran um kjarnorkumál Írans árið 2015 þrátt fyrir að Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hafi á þriðjudag tilkynnt um að Bandaríkin ætli að rifta samningnum af sinni hálfu.

Samningurinn gengur út á að geta Írana til að vinna að kjarnorkuáætlun sinni, einkum því að koma sér upp kjarnorkuvopnum, sé verulega skert. Á móti hætta stórveldin að beita Íran viðskiptaþvingunum.

Trump sagði að þvinganir yrðu innleiddar á ný, meðal annars myndu Bandaríkin refsa þeim fyrirtækjum sem stunduðu viðskipti við Íran. Loka á aðgengi þeirra að Bandaríkjamarkaði.

Sjálfir brugðust Íranar á misjafnan hátt við tíðindunum að vestan. Hassan Rouhani forseti skipaði Javad Zarif utanríkisráðherra að funda með stórveldunum sem eftir standa um næstu skref. Fundurinn fer fram í næstu viku og verða þar teknar ákvarðanir um hvernig eigi að vinna gegn komandi þvingunum Bandaríkjamanna.

Frakkar sögðust í gær ætla að gera allt sem í valdi þeirra stendur til að vernda evrópsk fyrirtæki. „Langur armur bandarískra þvingana gerir Bandaríkin að efnahagslögreglu plánetunnar. Það er ekki ásættanlegt,“ sagði Bruno Le Maire fjármálaráðherra við France Culture.

Jean-Yves Le Drian utanríkisráðherra sagði að Emmanuel Macron forseti myndi ræða við Rouhani í síma og tjá honum þá ósk Frakka að samningurinn skyldi standa.

„Íran þarf að halda sig við samninginn til þess að geta nýtt sér þessi efnahagstækifæri sem Evrópumenn ætla að standa vörð um,“ sagði Drian, og bætti því við að samningurinn væri ekki dauður þrátt fyrir úrsögn Trumps.

Ali Khamenei, æðstiklerkur Írans, sagðist ekki viss um getu Evrópu til að verja samkomulagið í ræðu sem sjónvarpað var í Íran í gær. „Þið viljið halda þessum samningi gangandi með þessum þremur Evrópuríkjum [Þýskalandi, Bretlandi, Frakklandi]. Ég hef ekki trú á þessum þremur ríkjum,“ sagði Khamenei.


Æðstiklerkurinn ávarpaði írönsku þjóðina í gær. NORDICPHOTOS/AFP

> **Herra Trump. Ég segi þér það, fyrir hönd írönsku þjóðarinnar, að þú hefur gert mistök. Ég hef oft sagt, allt frá fyrsta degi, að við ættum ekki að treysta Bandaríkjunum.**
>
> Ali Khamenei, æðstiklerkur Írans

„Herra Trump. Ég segi þér það, fyrir hönd írönsku þjóðarinnar, að þú hefur gert mistök. Ég hef oft sagt, allt frá fyrsta degi, að við ættum ekki að treysta Bandaríkjunum,“ sagði Khamenei enn fremur.

Undir með honum tók Ali Larijani, forseti þingsins. Sagði hann að Evrópa hefði áður látið undan þrýstingi Bandaríkjanna. „Við getum ekki treyst yfirlýsingum þeirra um að verja samninginn. En það er þess virði að láta reyna á það í nokkrar vikur svo það sé öllum ljóst að Íranar hafi reynt af öllum mætti að ná friðsamlegri lausn.“

Íranskir harðlínumenn fögnuðu aftur á móti ákvörðun Bandaríkjaforseta, að því er AFP greinir frá. Línurnar voru skýrar á milli harðlínumiðla og annarra. Þannig sagði í dagblaðinu Etemad að samningur án „vandræðagemsans“ væri af hinu góða á meðan harðlínumiðillinn Kayhan skrifaði: „Trump hefur rifið kjarnorkusamninginn í tætlur. Nú er komið að því að við brennum hann.“

Benjamín Netanjahú fagnaði ákvörðun Trumps einnig, þó af annarri ástæðu en íranskir harðlínumenn. Sagðist hann styðja ákvörðun Trumps um að rifta „þessum hamfarakennda samningi“. Mikill hiti hefur verið í samskiptum Írans og Ísraels undanfarin ár, einkum vegna vaxandi hernaðarítaka og áhrifa Írans í Mið-Austurlöndum.

Ísraelar hafa oftsinnis gagnrýnt að Íranar séu að koma sér upp varanlegri viðveru í Sýrlandi í skiptum fyrir stuðning sinn við stjórnarher Bashars al-Assad forseta.

Í gær greindi Syrian Observatory for Human Rights frá því að ísraelskar eldflaugar hefðu skollið á írönskum skotmörkum suður af sýrlensku höfuðborginni Damaskus. Fimmtán hefðu fallið, þar af átta Íranar. thorgnyr@frettabladid.is


**Kim Dong-chul, sem sleppt var úr haldi, á blaðamannafundi árið 2016.** NORDICPHOTOS/AFP

## Sleppti þremur föngum úr landi

**NORÐUR-KÓREA** Einræðisstjórn Kim Jong-un í Norður-Kóreu sleppti í gær þremur bandarískum föngum. Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hafði verið á fundi þar í landi með Kim til þess að undirbúa fund Kim og Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna.

Trump greindi sjálfur frá heimkomu fanganna á Twitter. „Það gleður mig að tilkynna ykkur að Mike Pompeo er kominn í loftið og er á leið heim frá Norður-Kóreu með þrjá dásamlega herramenn sem allir hlakkar til að hitta. Þeir virðast við góða heilsu og fundurinn með Kim Jong-un var góður. Sammælst um stað og stund,“ sagði forsetinn sem greindi þó hvorki frá fundarstað né tíma.

Samkvæmt forseta átti Pompeo að lenda með föngunum á Andrews-herflugvellinum í Maryland klukkan sex núna í morgun.

Mennirnir þrír heita Kim Dong-chul, Tony Kim og Kim Hak-song. Voru þeir fangelsaðir fyrir njósnir og samsæri gegn Norður-Kóreu og sendir í vinnubúðir. Einn þeirra, Kim Dong-chul, hafði verið í haldi frá árinu 2015. Hinir tveir í rúmt ár. Meðferð þeirra hefur verið fordæmd víða og kölluð mannréttindabrot.

Lausn fanganna þriggja þykir til marks um að Kim vilji sýna að hann sé tilbúinn til raunverulegra viðræðna. Áður hefur hann tilkynnt að eldflaugatilraunum verði hætt á meðan á viðræðum stendur en öfugt við þá tilkynningu er þessi aðgerð varanleg. Kim getur ekki lengur notað fangana sér í hag í viðræðunum. Ekki er talið að nokkur annar Bandaríkjamaður sé í haldi einræðisríkisins. – þea


FORD KA+
STÓRI SMÁBÍLLINN!

Ford KA+ er snjall bíll með litríkan persónuleika sem skín í gegnum nýtt útlit hans með töffaralegu Ford grilli og rennilegum framljósum. Ford KA+ er svo snjall að í honum getur þú með raddstýringu hringt og svarað símtölum, hlustað á sms skilaboð eða spilað uppáhalds tónlistina þína.

Mánaðargreiðsla:
22.955 kr.
- Miðað við 79% Lykillán
- Kaupverð 1.790.000 kr.
- Útborgun 370.000 kr.
- Vextir 7,95%
- Lánstími 84 mánuðir
- Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,54%

VERÐ FRÁ:
1.790.000 KR.

Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford KA+



brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

**HONDA**
The Power of Dreams

# MEIRI AFKÖST
# MEIRI BÚNAÐUR
# MEIRI CIVIC




Honda Civic er bíll sem er allt annað og meira. Hannaður sérstaklega fyrir þig, fjölskylduna og áhugamálin. Hann endurspeglar metnað okkar fyrir öryggi og tæknilegum yfirburðum. Staðalbúnaður í Civic er radartengdur skriðstillir, árekstrarvari, akgreinaaðstoð og handfrjáls símabúnaður svo dæmi séu tekin. Civic er skemmtilegur að aka, öruggur og áreiðanlegur með pláss fyrir flest, þó sérstaklega – þig og þína! Fullkomin blanda af krafti, sparneytni og gæðum. **Komdu í heimsókn og prófaðu Honda Civic meira af okkar besta til þessa.**



**Honda Jazz**
verð frá kr. 2.540.000



**Honda Civic**
verð frá kr. 2.990.000



**Honda HR-V**
verð frá kr. 3.870.000



**Honda CR-V**
verð frá kr. 4.840.000

**Bernhard ehf** • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**HONDA**

## Fylgi flokkanna í könnunum Fréttablaðsins




# Efast um að kosningaþátttakan batni

**Konur og fólk undir 50 ára eru líklegri til að ætla að skila auðu í kosningunum eða sleppa því að fara á kjörstað en aðrir. Kosningaþátttakan var innan við 70 prósent fyrir fjórum árum. Skuggakosningar framhaldsskólanema miða að því að auka áhuga unga fólksins.**

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2018



Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

**KOSNINGAR** Þrátt fyrir að metfjöldi flokka sé í framboði fyrir borgarstjórnarkosningarnar 26. maí virðist ekki vera neitt rosalega djúpur áhugi á kosningunum, segir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri. Hann er ekki sannfærður um að kosningaþátttaka verði mikið betri en hún var í kosningunum 2014.

Samkvæmt tölum sem skrifstofa borgarstjórnar tók saman eftir síðustu kosningar var þátttakan sú minnsta frá árinu 1928, en rétt tæplega 63 prósent greiddu atkvæði. Minnsta kjörsóknin var á aldursbilinu 20-24 ára, eða rétt tæplega 42 prósent. Meðalkjörsókn var síðan náð í aldursbilinu 40-44 ára og hækkaði hún alveg fram að bilinu 75-79, samkvæmt tölum sem skrifstofa borgarstjórnar tók saman eftir kosningarnar.

Skoðanakönnunin sem Fréttablaðið og frettabladid.is gerðu í byrjun vikunnar rennir stoðum undir fullyrðingar Grétars. Sé rýnt í tölurnar sést að 17,6 prósent svarenda hafa ekki ákveðið hvað þeir ætla að kjósa. Sextán listar verða boðnir fram og þess vegna kann að vera erfiðara fyrir kjósendur að gera upp hug sinn.

Talsverður munur er milli kynjanna. Næstum því 21 prósent kvenna segist ekki hafa ákveðið hvað þær ætla að kjósa, en einungis 14,5 prósent karla. Þá segjast 12,4 prósent kvenna ekki ætla að kjósa eða skila auðu á móti 10,5 prósentum karla.

Grétar segir nokkra þætti hafa áhrif á kjörsókn. Aldur sé ef til vill stærsti þátturinn. „Fólk á tvítugs- og þrítugsaldri er langsamlega slappast við að mæta á kjörstað. Það eru ekki alveg nýju kjósendurnir átján og nítján ára, en það eru þeir sem eru í aldurshópnum 20 til 30 ára sem eru slappastir við að mæta,“ bætir hann við.

> **Það fer auðvitað eftir því hvort það eru einhver verulega aðkallandi mál sem eru í gangi hverju sinni.**
>
> Grétar Þór Eyþórsson, prófessor við Háskólann á Akureyri



Grétar nefnir fleira. „Það fer auðvitað eftir því hvort það eru einhver verulega aðkallandi mál sem eru í gangi hverju sinni,“ segir Grétar og veltir fyrir sér hvort málefni á borð við borgarlínuna og samgöngumál annars vegar og húsnæðis- og skipulagsmál hins vegar séu nógu spennandi málaflokkar til að lokka fólk á kjörstað. Brýnasta verkefnið sé að draga ungt fólk á kjörstað.

Í áðurnefndri könnun kemur fram að 13 prósent svarenda á aldrinum 18-49 ára segjast ekki ætla að kjósa eða skila auðu. Hins vegar segjast einungis 9,3 prósent svarenda í aldurshópnum 50 ára og eldri ekki ætla að kjósa eða skila auðu. Þá segjast rétt tæplega 20 prósent í yngri aldurshópnum óákveðin í því hvað þau ætla að kjósa en einungis 14,5 prósent þeirra sem eru í aldurshópnum 50 ára og eldri.

Ákveðið var eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar að grípa til úrræða til að stuðla að aukinni kosningaþátttöku unga fólksins. Landssamband ungmennafélaga og Samband íslenskra framhaldsskólanema hafa síðan þá staðið að verkefni sem kallast #Egkýs. Sem liður í því var efnt til skuggakosninga fyrir alþingiskosningarnar 2016 og fyrir þingkosningarnar í fyrrahaust.

Aftur var boðað til skuggakosninga í apríl síðastliðnum fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Niðurstöðurnar verða kynntar á kosninganótt.

Hildur Björgvinsdóttir, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra framhaldsskólanema, segir ljóst að skuggakosningarnar hafi áhrif á áhuga ungs fólk á kosningunum. „Við sjáum það og eftirfylgnikannanir sýna að það er fylgni á milli þess að taka þátt í skuggakosningum og ætla að kjósa í almennum kosningum. Það er stóri sigurinn. Fyrst og fremst er þetta fræðsluverkefni til að fá ungt fólk til að taka upplýsta ákvörðun og mæta á kjörstað,“ segir Hildur.

jonhakon@frettabladid.is

# Hvað segja kjósendur um kosningarnar?

### Hefur áhyggjur af menguninni



**Brynhildur Brynjólfsdóttir** býr í vesturhluta borgarinnar. „Ég hlusta en ég kynni mér þetta ekkert meira,“ segir Brynhildur. Hún er ekkert farin að huga að því hvað hún ætlar að kjósa. „Nei, ég er ekki einu sinni búin að ákveða hvort ég ætla að kjósa,“ segir hún. Brynhildur segir að bæði frambjóðendur og stefnumál skipti máli. „Það er ýmislegt sem safnast saman. En maður hefur auðvitað áhyggjur af menguninni sem safnast saman hérna og umferðin er ógnvænleg.“

### Vill meira lýðræði í sveitarstjórnarmál



**Gunnlaugur Ársælsson** er 25 ára og býr á Réttarholtsvegi. Hann reiknar með að kjósa Vinstri græn. Hann segir að stefnumálin fyrir kosningar skipti meira máli en frambjóðendurnir. „Fólkið skiptir samt líka máli.“ Gunnlaugur segir að heilbrigðismálin séu það málefni sem skipti mestu máli, þó að þau séu að mestu leyti á borði ríkisstofnana. En lýðræðið er líka ofarlega í huga. „Mig langar til að fá meira lýðræði, meira vald til fólksins.“

### Börnin og barnaheimilin mikilvægust



**María Ólafsdóttir** býr í Háaleitishverfinu. Hún er ekki farin að kynna sér stefnumálin. „Eiginlega ekki, ég er orðin svo gömul.“ Hún á þó von á því að hún mæti á kjörstað og taki afstöðu. „Ég tek alltaf þátt. Ég reikna með að kjósa Samfylkinguna,“ segir María. Það stendur ekki á svari hjá Maríu þegar hún er spurð út í þau málefni sem skipti hana mestu máli. „Ég myndi segja að það sé að það sé í lagi með börnin og barnaheimilin. Að unga fólkið geti fengið pláss.“

### Samgöngur og húsnæðismál mikilvæg



**Nanna Hermannsdóttir** verslunarkona býr í Vesturbænum. Það stendur ekki á svörum hjá henni þegar hún er spurð hvað hún hyggst kjósa. „Samfylkinguna,“ segir Nanna, sem er harðákveðin í því að mæta á kjörstað. Hún segir að samgöngumál og húsnæðismál séu þau málefni sem skipti hana mestu máli. Nanna segir þó að frambjóðendur skipti meira máli en stefnumálin. „Ég er bara búin að kynna mér þetta og þetta er svona það besta í stöðunni.“

### Svipuð stefna hjá öllum framboðum



**Vignir Hjörleifsson** er búsettur í Austurbrún. „Já, en hvað á ég að kjósa?“ spyr Vignir þegar hann er spurður hvort hann ætli að kjósa. „Ég fer á kjörstað, ég hef alltaf gert það,“ segir Vignir. Hann hefur verið að kynna sér stefnumálin. „Já, já, en mér finnst þetta svipað hjá þeim öllum. Þetta er húsnæðið, börnin og göturnar. Þetta er það sem skiptir mig máli.“ Vignir segist alltaf hafa kosið en ekki alltaf það sama. Síðast kaus hann Flokk fólksins.

# Tilboðsblað
## 9.-16. maí




Tilboð gilda til 16. maí eða á meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.

## Kaupauki

NAPOLEON

Læknirinn í eldhúsinu, Ragnar Freyr Ingvarsson, hefur gefið út *Grillveisluna*, nýja og glæsilega grillbók.

**Allir þeir sem kaupa nýtt Napoleon grill á tímabilinu 9.-31. maí fá bókina í kaupbæti á meðan birgðir endast.**




**Vertu klár í grillsumarið!**




weber

**Frábært verð**

### Gasgrill

Q3200 eldunarsvæði 63x45cm, með postulíns-glerjungshúðuðum grillgrindum úr pottjárni. Er á fæti.

**68.995**

506500231

NAPOLEON

ROGUE

**Tilboðsverð**

### Gasgrill

NAPOLEON - ROGUE R425. grillgrind 60x45cm úr pottjárni.

**79.995**

506600036

Almennt verð: 99.995




20% afsláttur




NAPOLEON

**Tilboðsverð**

### Grillsett

Töng, spaði og bursti..

**1.995**

506670024

Almennt verð: 2.495



BOSCH

**Tilboðsverð**

### Rafhlöðuborvél

PSR 14,4V. 2,5Ah. Tvær rafhlöður og hleðslutæki fylgja.

**17.995**

74864116

Almennt verð: 25.995



31% afsláttur

BOSCH

**Tilboðsverð**

### Bútsög

PCM 8 1200 W. Létt og nett bútsög fyrir auðveldan og nákvæman skurð. Sagarblað 216mm.

**22.995**

74862008

Almennt verð: 28.995



21% afsláttur

*Vertu með!*

# PALLA-LEIKUR



Sjá nánar á byko.is

**Alls 10 vinningar, heildarverðmæti rúmlega 700.000kr.**

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land



STOFNUN ÁRSINS 2018

Valið á Stofnun ársins var kynnt við hátíðlega athöfn á Hilton Reykjavík Nordica 9. maí en titlana ***Stofnun ársins*** og ***Fyrirmyndarstofnanir*** hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr að mati starfsmanna. Valið er byggt á svörum tæplega 13 þúsund starfsmanna í einni stærstu vinnumarkaðskönnun landsins.

SFR

*SFR - stéttarfélag í almannaþjónustu:*
*Stofnun ársins 2018*

**Stórar stofnanir**
50 starfsmenn og fleiri

1. RÍKISSKATTSTJÓRI
2. REYKJALUNDUR
3. VÍNBÚÐIN - ÁTVR

**Meðalstórar stofnanir**
20-49 starfsmenn

1. FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM
2. MENNTASKÓLINN Á TRÖLLASKAGA
3. EINKALEYFASTOFAN

**Minni stofnanir**
Færri en 20 starfsmenn

1. PERSÓNUVERND
2. HLJÓÐBÓKASAFN ÍSLANDS
3. ÚRSKURÐARNEFND UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

**Hástökkvari ársins:** FJÖLBRAUTASKÓLI NORÐURLANDS VESTRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 180173



# TIL HAMINGJU!

*Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar:*
*Stofnun ársins – Borg og bær 2018*

**Stærri stofnanir**
50 starfsmenn og fleiri

1. NORÐLINGASKÓLI
2. FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐIN GUFUNESBÆR
3. ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

**Minni stofnanir**
Færri en 50 starfsmenn

1. LEIKSKÓLINN VALLARSEL AKRANESI
2. AÐALSKRIFSTOFA AKRANESBÆJAR
3. BORGARSÖGUSAFN REYKJAVÍKUR

**Hástökkvari ársins:** BARNAVERND REYKJAVÍKUR

SFR - stéttarfélag í almannaþjónustu og
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
óska vinningshöfum í Stofnun ársins 2018
til hamingju með árangurinn.

# Íslenska ríkið sakað um tvískinnung

**Lögmaður telur brýnt að eftirlitsstofnun EFTA útskýri að hvaða marki stjórnvöld megi, með beitingu innflæðishafta, víkja frá meginreglu EES-samningsins um frjálst flæði fjármagns. Hann segir yfirlýsingar stjórnvalda mótsagnakenndar og til marks um tvískinnung.**

Á sama tíma og íslensk stjórnvöld staðhæfa í bréfaskriftum við ESA, eftirlitsstofnun EFTA, að höft á innflæði fjármagns séu nauðsynleg vegna alvarlegrar hættu á því að Ísland lendi í vandræðum með greiðslujöfnuð sinn halda þau því fram á opinberum vettvangi að staða efnahagsmála hér á landi hafi sjaldan eða aldrei verið betri.

Brýnt er að ESA útskýri með greinargóðum hætti að hvaða marki meginregla ESS-samningsins um frjálst flæði fjármagns gildi og varpi jafnframt ljósi á hve mikið svigrúm íslensk stjórnvöld hafi til þess að víkja frá umræddri reglu.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í bréfi sem Birgir Tjörvi Pétursson, lögmaður og einn eigenda Lögmanna Lækjargötu, skrifaði ESA 9. apríl síðastliðinn. Í bréfinu, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, vekur hann athygli eftirlitsstofnunarinnar á tvískinnungshætti íslenskra stjórnvalda og segir höftin, sem lögð voru á innflæði erlends fjármagns sumarið 2016, vekja alvarlegar spurningar um raunverulegt gildi meginreglunnar um frjálsa fjármagnsflutninga.

Umrædd innflæðishöft virka þannig að 40% af innflæði fjármagns vegna fjárfestinga í skráðum skuldabréfum og innlánum þarf að binda í eitt ár á núll prósent vöxtum. Höftunum var meðal annars ætlað að sporna við vaxtamunarviðskiptum með íslensk ríkisskuldabréf, þar sem aðdráttaraflið er einkum að hagnast á miklum vaxtamun Íslands við útlönd, en gagnrýnt hefur verið að höftin standi jafnframt í vegi fyrir kaupum erlendra fjárfesta á skráðum langtímaskuldabréfum íslenskra fyrirtækja.

Í niðurstöðu ESA í kvörtunarmáli sem höfst árið 2016 vegna setningar innflæðishaftanna var það mat stofnunarinnar að skilyrði fyrir undanþágu frá meginreglu EES-réttar um frjálst flæði fjármagns væru uppfyllt. Íslenska ríkið ætti enn við vanda vegna greiðslujafnaðar að glíma. Auk þess sagði ESA ekkert benda til þess að innflæðishöftin væru ekki órjúfanlegur þáttur af gjaldeyrishöftunum.

Í samskiptum sínum við ESA hafa íslensk stjórnvöld meðal annars bent á að þau geti slakað á höftunum um leið og dregur úr hættunni á vaxtamunarviðskiptum. Í bréfinu tekur Birgir Tjörvi hins vegar fram að þrátt fyrir að nú sé ljóst að Ísland eigi ekki í neinum örðugleikum vegna fjármagnsinnflæðis og engin hætta sé á slíku, þá hafi stjórnvöld ekki gert neinar breytingar á höftunum. Í raun sé ljóst af sjónarmiðum sem forsvarsmenn Seðlabanka Íslands hafa sett fram í ræðu og riti að þeir vilji helst af öllu nota höftin til þess að „finstilla“ stefnu sína í peningamálum.

Samkvæmt EES-samningnum má víkja frá meginreglunni um frjálst flæði fjármagns í tilfellum þar sem aðildarríki á við greiðslujafnaðarvanda að stríða eða að alvarleg hætta sé á því að slíkur vandi skapist.



Forsvarsmenn Seðlabanka Íslands hafa sagt að ekki sé tímabært að breyta útfærslu innflæðishaftanna á þessari stundu. Þó svo að vaxtamunur við útlönd hafi farið minnkandi sé hann enn umtalsverður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### Hrópandi mótsögn

Í bréfinu til ESA er bent á að enn í dag haldi hérlend stjórnvöld því fram gagnvart ESA að hætta sé á því að Ísland lendi í slíkum greiðsluvanda ef höftunum verður aflétt. Það sé hins vegar í hrópandi mótsögn við ýmsar opinberar yfirlýsingar, til dæmis af hálfu forsvarsmanna Seðlabankans og fjármálaráðherra, þar sem því gagnstæða sé haldið fram. Er meðal annars vísað til tilkynningar fjármálaráðuneytisins frá því í desember 2016 þar sem tekið var fram að erlend staða þjóðarbúsins væri „hin hagstæðasta í sögu landsins svo langt sem sambærileg gögn ná og með því hagstæðara sem gerist á meðal þróaðra ríkja“.

Augljóst er, að mati Birgis Tjörva, að yfirlýsingar stjórnvalda um annars vegar hættuna á greiðsluerfiðleikum við útlönd og hins vegar góða stöðu efnahagsmála geti ekki báðar verið réttar. „Ef önnur er rétt hlýtur hin að fela í sér skýra skekkju á mati af hálfu íslenskra stjórnvalda,“ segir í bréfinu.

Birgir Tjörvi nefnir auk þess í bréfinu að haldi ESA áfram að taka trúanlegar mótsagnakenndar yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda um að undanþágan frá frjálsum fjármagnsflutningum eigi – í ljósi góðrar efnahagsstöðu landsins – enn við þá sé eftirlitsstofnunin í reynd að viðurkenna að meginregla EES-samningsins um að flæði fjármagns skuli vera frjálst geti ekki gilt hér á landi.

„Alvarlegar spurningar“ hafi því vaknað um hvert raunverulegt gildi meginreglunnar sé.

**kristinningi@frettabladid.is**






# Gengið frá samkomulagi um forkaupsréttinn

Kaupþing og íslensk stjórnvöld hafa gengið frá samkomulagi um að ríkið falli frá forkaupsrétti sínum að hlutabréfum Kaupþings í Arion banka upp að ákveðnum eignarhluta og í tiltekinn tíma þegar ráðist verður í hlutafjárútboð og skráningu bankans, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Samkomulag um endurskoðun á umræddum forkaupsrétti náðist um síðustu helgi. Slíkt samkomulag hefur verið talið nauðsynlegt enda hefur annars verið talin hætta á því að forkaupsrétturinn, sem virkjast að öðrum kosti ef hlutabréf Kaupþings eru seld á genginu 0,8 eða lægra miðað við eigið fé, myndi að óbreyttu draga úr þátttöku fjárfesta í útboðinu. Um leið myndi hann þá aftra því að raunverulegt markaðsverð á bankanum yrði leitt fram.

Ríkið verður hins vegar áfram með forkaupsrétt að þeim hluta sem ekki selst í útboðinu og verður enn í eigu Kaupþings eftir skráningu bankans á markað.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins náðist þó ekki samkomulag um að Kaupþingi verði gert að greiða ríkinu mismuninn ef sölugengið í útboðinu á þeim bréfum sem ríkið mun falla frá forkaupsrétti sínum að verður lægra en 0,8. Fulltrúar stjórnvalda og Kaupþings hafa undanfarnar vikur rætt um að eignarhaldsfélagið myndi ábyrgjast slíka greiðslu en ekki náðist sátt um það.



**Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra**

Tilkynningar er að vænta í næstu viku um að formlegt útboðsferli Arion banka sé hafið. Útboðið og í framhaldi tvíhliða skráning bankans á Íslandi og í Svíþjóð mun þá fara fram í fyrri helmingi júnímánaðar.

Samkomulag um endurskoðun á forkaupsréttinum hefur verið á meðal þess sem helst hefur staðið í vegi fyrir útboði bankans. **– hae, kij**

# NÝJAR KILJUR Í HILLUNA ÞÍNA!




ÚTGÁFUGLEÐI
Á SÓLON
FÖSTUDAGINN
KL 17:00

**„Það er enginn vafi á því að efni bókarinnar er og verður umdeilt – og ef ég er óvægin við einhvern í henni, þá er það við sjálfa mig.“**
Kristborg Bóel - höfundur

**261 dagur**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð áður: 3.899.-




Amazon.com - Goodreads.com

**Lukkuriddarinn**
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.799.-




**Krókaleiðir hamingjunnar er glettin, rómantísk og afskaplega fyndin saga sem ætti að falla í kramið hjá lesendum.**

**Krókaleiðir hamingjunnar**
**VILDARVERÐ: 2.799.-**
Verð áður: 3.499.-




Amazon.com - Goodreads.com

**Ég gef þér sólina**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð áður: 3.899.-

**#LESUMMEIRA**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 13. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Hættuleg öfl



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ekki er öllum Íslendingum jafn vel við þá staðreynd að þeir búa í fjölmenningarsamfélagi. Öfgaöfl sem vilja snúa þróuninni við hafa hreiðrað um sig og draga hvergi af sér þegar kemur að því að breiða út boðskapinn um hætturnar sem stafa af því að útlendingar setjist hér að í stórum stíl. Búseta múslima hér á landi er sérstakt áhyggjuefni þessa hóps og þar heyrist gjarnan frasinn um múslimavæðingu Íslands. Ekki þarf að hafa mörg orð um mannfyrirlitninguna sem felst í viðhorfi þessa hóps. Hún blasir við, ekki síst á netinu þar sem dólgar skrifa ákafir sinn viðbjóð.

Það eru meðmæli með íslenskri þjóð að þessum öflum hefur lítið sem ekkert orðið ágengt í íslenskri pólitík. Samt má ekki gleyma þeirri nöturlegu staðreynd að Framsóknarflokkurinn náði fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar tveim borgarfulltrúum inn í borgarstjórn með málflutningi sem beindist gegn múslimum. Borgarfulltrúarnir tveir hafa síðan þá sýnt tilburði til iðrunar.

Vitanlega hyggjast hinir yfirlýstu andstæðingar fjölmenningarsamfélagsins hvergi gefast upp í baráttu sinni. Í komandi sveitarstjórnarkosningum bjóða fram flokkar, Íslenska þjóðfylkingin og Frelsisflokkurinn, sem hafa það beinlínis á stefnuskrá sinni að berjast gegn því mikla samfélagsmeini sem þeir telja fjölmenningu vera. Framboð þeirra sem ala á hatri er það sorglegasta í þessari kosningabaráttu en um leið er gleðilegt að sjá að fylgi við þá í skoðanakönnunum er nánast ekki neitt. Íslenska þjóðin gerir sér fulla grein fyrir því að þarna eru hættuleg öfl á ferð og vill ekki veita þeim brautargengi.

Raddir andstæðinga fjölmenningarsamfélagsins munu hljóma í kosningabaráttunni og gætu orðið æði háværar. Í kappræðum eiga aðrir frambjóðendur ekki að leiða þennan ógeðfellda málflutning hjá sér heldur svara honum af ákveðni og festu og taka sér þannig stöðu með manngæðinni.

Það var beinlínis notalegt að hlusta á bæjarstjóra Reykjanesbæjar, Kjartan Má Kjartansson, ræða í sjónvarpsfréttum um fjölmenningarsamfélagið á svæðinu og mikilvægi þess að hlúa að því. Um 90 prósent þeirra sem flutt hafa á Suðurnesin síðastliðið ár eru erlendir ríkisborgarar og töluð eru 30 tungumál í leik- og grunnskólum Reykjanesbæjar. Andstæðingar fjölmenningar hafa öruggleg sopið hveljur við þessa frétt og séð mikla vá á ferð. Það fór hins vegar enginn hrollur um hinn ágæta bæjarstjóra. Hann sá þarna fegurð fjölbreytninnar. Hann sagði þetta vera spennandi fjölmenningarsamfélag. „Við erum öll að læra og þurfum að standa í lappirnar og gera allt sem við getum til að gera samfélag okkar aðlaðandi fyrir fólk, óháð því hvaðan það kemur," sagði hann.

Úrslit sveitarstjórnarkosninga verða vonandi á þann hátt að allir bæjarstjórar landsins hugsi á sama hátt og bæjarstjóri Reykjanesbæjar. Nýir íbúar landsins, frá mörgum og ólíkum löndum, laða fram fjölbreytileika. Án alls þessa fólks, sem hér hefur sest að, væri umhverfið fátæklegra og lífssýn okkar þrengri. Við fögnum nýjum íbúum, óttumst þá ekki.

**Íslenska þjóðin gerir sér fulla grein fyrir því að þarna eru hættuleg öfl á ferð og vill ekki veita þeim brautargengi.**




## Varmadælur & loftkæling

Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

Midea It's your Idea


## Halldór




## Frá degi til dags

**Hægfara og mengandi ASÍ**
**Stéttarfélagið Framsýn hefur fordæmt nýja auglýsingaherferð ASÍ þar sem launafólk er beðið um að „leyfa skynseminni að ráða". Þess er krafist að skrúfað verði umsvifalaust fyrir boðskapinn enda sæti furðu að heildarsamtök launafólks vari við verkföllum og tali fyrir samræmdri láglaunastefnu. Skynsemisslagorðið leiðir hugann að klúbbi Trabant-eigenda, sælla minninga, sem hét „Skynsemin ræður". Trabantinn var hægfara, knúinn af tvígengismótor og var bæði hljóð- og loftmengandi í meira lagi. Þá þótti hann heldur hallærislegur, svo mjög að sá ofsótti minnihluti sem átti Trabba fann sig knúinn til þess að þjappa sér saman í félagsskap þeirra sem litnir voru hornauga í umferðinni. Svolítið eins og ASÍ?**

**Þjóðsöguráð fyrir fjármálaráðherra**
**Fréttablaðið.is sagði í gær frá málverkasýningu sem Þrándur Þórarinsson opnar í Kaupmannahöfn 19. maí. Þar verður meðal annars málverkið Skollabuxna-Bjarni, sem sýnir Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra troða sér í skollabuxur, eða nábrækur. Nábrækur eru samkvæmt þjóðtrúnni þeirrar náttúru að sá sem klæðist þeim á auðvelt með að draga sér fé. Skortir það í raun aldrei, ef rétt er að málum staðið, á meðan hann er í brókinni sem flá þarf af dauðum manni, með fyrirframgefnu samþykki. Pæling?**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Sjö staðreyndir



Ágúst Ólafur Ágústsson
þingmaður Samfylkingarinnar

Á hvaða vegferð er samfélagið okkar eiginlega, er spurning sem þjóð og þing eiga að vera að spyrja sig þessa dagana.

**Förum yfir 7 staðreyndir:**

1. Það eru 26 bankamenn, sem að stærstum hluta vinna hjá ríkisbanka, sem fá einn milljarð í laun. Þetta er upphæð sem er einn tíundi af því sem ríkisstjórnin tímir að setja í allar barnabætur landsmanna og er einn fjórði af því sem sett er í allar vaxtabætur almennings.
2. Forstjórar hefðbundinna íslenskra kauphallarfyrirtækja eru með 1-2 milljónir í laun, á viku!
3. Forstjórar, þar með talið forstjórar ríkisfyrirtækja, hafa verið að fá mánaðarlega hækkun launa sinna sem nemur heilum mánaðarlaunum ljósmóðurinnar.
4. Kjararáðshópurinn, þar á meðal þingmenn, hækkaði um tugi prósenta í launum milli ára.
5. Útgerðarmaður gengur út nýlega með 22 þúsund milljónir króna í vasanum vegna nýtingar á sameiginlegri auðlind þjóðarinnar.
6. Eitt prósent landsmanna á meiri hreinar eignir en 80 prósent Íslendinga eiga.
7. Ríkustu 10 prósent landsmanna tóku til sín tæpan helming allra hreinna eigna sem urðu til 2016.

Auðvitað á fólk að uppskera eins og það sáir. En ekki gera ljósmæður það og ekki gera kennarar, lögreglumenn eða eldri borgarar það heldur. Því til viðbótar eiga þessar stjarnfræðilegu tölur ekkert sameiginlegt með því markmiði að gera vel við hæft starfsfólk sem hefur mikla ábyrgð.

**Sjálftökustétt**
Við erum ein þjóð í þessu landi. En hér er að myndast sjálftökustétt ofurlaunamanna sem með græðgi sinni og dómgreindarbresti virðast ekki eingöngu vera að segja sig úr samfélaginu heldur setja þeir allt samfélagið í uppnám vegna komandi kjaraviðræðna.

**Því til viðbótar eiga þessar stjarnfræðilegu tölur ekkert sameiginlegt með því markmiði að gera vel við hæft starfsfólk sem hefur mikla ábyrgð.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Sökudólgar og samfélög

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Ég hafði ekki fyrr lokið máli mínu um heilbrigði og hagvöxt á fjölmennum fundi norrænna lækna og hjúkrunarfræðinga í Lillehammer í Noregi en einn fundargesturinn gaf sig á tal við mig, kynnti sig, þakkaði mér kurteislega fyrir framsöguna og sagði síðan: Ég held þú gætir e.t.v. blásið meira lífi í glærurnar þínar. Hann rétti mér disk. Þetta var 2004. Ég þekkti manninn ekki neitt. Þegar ég opnaði diskinn í flugvélinni á leiðinni heim sá ég að maðurinn var prófessor á Karólínsku stofnuninni í Stokkhólmi. Hann hét Hans Rosling. Árin næst á eftir fór framsetning hans á heilbrigðistölum og hagtölum eins og eldur í sinu um allan heim. Honum tókst það sem öðrum hafði ekki tekizt: Að búa til sannkallaðar flugeldasýningar úr þurrum staðtölum. Sumir kalla Rosling ástsælasta vísindamann samtímans.

Hans Rosling féll frá í fyrra langt fyrir aldur fram, ekki sjötugur. Síðasta æviárið einsetti hann sér að skrifa tvær bækur ásamt öðrum, þ.m.t. syni hans og tengdadóttur. Það tókst. Fyrri bókin er sjálfsævisaga og heitir Hur jag lärde mig förstå världen (Hvernig ég lærði að skilja heiminn). Hann sagði sjálfur að fáar tölur væri að finna í bókinni heldur fjallaði hún um fólk sem hefði orðið á vegi hans og opnað augu hans. Síðari bókin heitir Factfulness og fjallar fjörlega og góðlátlega um útbreiddar ranghugmyndir um heiminn, hvernig á þeim stendur og hvernig hægt er að verjast þeim. Ég lýsti málflutningi Roslings stuttlega á þessum stað fyrir viku. Nú kemur meira.

### Að gefa ömmu sinni á kjaftinn

Rosling segir í síðari bókinni frá því þegar hann sagði nemendum sínum á Karólínsku stofnuninni að lyfjafyrirtæki hneigðust til að hirða lítt um rannsóknir um lyf gegn malaríu og öðrum sjúkdómum sem herja helzt á fátækt fólk. Þá gall í einum læknanemanum aftast í salnum: Réttast væri að gefa þeim rækilega á kjaftinn!

Rosling sagðist einmitt vera að fara á fund hjá lyfjarisanum Novartis í Sviss síðar sama haust og spurði: Hverjum þar finnst þér ég eigi að gefa á kjaftinn? Forstjóranum, svaraði læknaneminn. Já, ég þekki hann, sagði Rosling. Heldurðu að kjaftshögg myndi fá hann til að breyta rannsóknastefnu fyrirtækisins?

Þá gall í öðrum stúdent framar í salnum: Nei, þú átt að gefa stjórninni á kjaftinn. Hún ræður ferðinni.

Þú meinar, svaraði Rosling. Ég á einmitt að hitta stjórnina líka. Ég sleppi þá forstjóranum og geng heldur á röðina á stjórnarfundinum, en ég er óvanur slagsmálum svo ég á varla von á að komast yfir að kýla nema kannski þrjá eða fjóra stjórnarmenn áður en öryggisverðirnir koma á vettvang og yfirbuga mig.

Þá sagði þriðji stúdentinn: Nei, Novartis er hlutafélag. Hluthafarnir marka stefnuna. Það eru þeir sem eiga að fá á kjaftinn. Jæja, sagði Rosling, en hverjir eru þeir? Auðmenn, sagði stúdentinn. Hann sat á fremsta bekk.

Þá sagði Rosling: Stærstu eigendurnir í Novartis eru lífeyrissjóðir. Nú skuluð þið fara heim til ömmu og afa og gefa þeim á kjaftinn fyrir að hagnast á hækkun hlutabréfa í lyfjafyrirtækjum. Hafi þau látið ykkur fá peninga skuluð þið annaðhvort skila þeim fénu eða gefa sjálfum ykkur á kjaftinn.

### Þörfin fyrir að finna sökudólg

Broddurinn í sögu Roslings að sögn hans sjálfs er að menn virðast hafa meðfædda þörf fyrir að leita skjótra skýringa með því að finna sökudólga þegar illa gengur frekar en að kafa dýpra. Skýringin á rannsóknastefnu lyfjafyrirtækisins í sögunni er að lífeyrissjóðir telja sér jafnan skylt að gæta hagsmuna sjóðsfélaga sem sækjast eftir jöfnum og góðum afrakstri af ævisparnaði sínum. Því sé ekki við fyrirtækin að sakast heldur verði að finna aðrar leiðir til að tryggja hagsmuni og heilbrigði fátækra þjóða.

> Skýringin á rannsóknastefnu lyfjafyrirtækisins í sögunni er að lífeyrissjóðir telja sér jafnan skylt að gæta hagsmuna sjóðsfélaga sem sækjast eftir jöfnum og góðum afrakstri af ævisparnaði sínum. Því sé ekki við fyrirtækin að sakast heldur verði að finna aðrar leiðir til að tryggja hagsmuni og heilbrigði fátækra þjóða.

Rosling segir það ekki berum orðum, en sú ályktun blasir við að hér getur almannavaldið talizt hafa mikilvægt verk að vinna með því t.d. að auka framlög til rannsókna á lyfjum gegn hitabeltissjúkdómum. Við þurfum að leita rökréttra skýringa, segir Rosling, frekar en að úthrópa meinta – og iðulega blásaklausa! – sökudólga. Leit að sökudólgum getur leitt til rangrar niðurstöðu, segir Rosling, og bætir við að betur gefist jafnan að leita skynsamlegra skýringa í fólkinu sjálfu, samfélaginu og samfélagsgerðinni. Hann rekur önnur dæmi sem hníga í sömu átt. Ábyrgð á því sem aflaga fer getur legið víða.

### Hvar liggur ábyrgðin?

Þessar vangaveltur Roslings rifja upp algeng viðbrögð bandarískra bíógesta og annarra við sænskum glæpamyndum þegar þær tóku að ryðja sér til rúms í útlöndum eftir 1970. Þá var stundum sagt í Ameríku: Alltaf skal sökin í þessum sænsku myndum vera skrifuð á samfélagið frekar en á einstaklinginn sem fremur glæpinn.

Það er samt ekki boðskapur Roslings. Hann segir bara: Förum að öllu með gát. Reynum að draga réttar ályktanir. Oft bera einstaklingar ábyrgð á því sem aflaga fer, en stundum er ábyrgðin dreifð og stundum liggur hún á óvæntum stöðum.



# Leikskólar og launamunur



Hildur Björnsdóttir
skipar 2. sætið á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Kynjajafnrétti mælist reglulega mest á Íslandi. Við stöndum framarlega í alþjóðlegum samanburði. Háskólamenntuðum konum hefur fjölgað. Feðrum býðst nú fæðingarorlof. Foreldrar deila fjölskylduábyrgð. Árangur hefur náðst í jafnréttisbaráttunni. Samt reynist konum enn torvelt að standa jafnfætis körlum á vinnumarkaði.

Nýlegar tölur sýna 10% kynbundinn launamun á Íslandi. Þeim körlum sem nýta rétt sinn til fæðingarorlofs fer fækkandi. Hundruð barna sitja föst á biðlistum eftir leikskólavist í Reykjavík. Hundruð foreldra komast ekki aftur á vinnumarkað í kjölfar barneigna. Fjölskylduvandinn er gjarnan á herðum kvenna. Mæður taka enn á sig mesta ábyrgð barnauppeldis – því betur má fórna kvennalaunum en karlalaunum. Konur sitja eftir í vítahring.

Rannsóknir sýna jákvæð áhrif barneigna á launaþróun karla, en neikvæð áhrif á launaþróun kvenna. Vinnandi konum er gjarnan falin minni ábyrgð í kjölfar barneigna en karlar hljóta aukinn framgang. Atvinnulífið virðist álykta að barneignir dragi úr framlagi kvenna á vinnumarkaði. Þessu þarf að breyta.

Það er mikilvægt að fjölskyldur eigi kost á öruggri og áreiðanlegri daggæslu strax í kjölfar fæðingarorlofs. Í dag er skortur á úrræðum og fjölskyldur lenda í vanda. Málaflokkurinn hefur verið vanræktur. Við þurfum víðtækar lausnir. Samræmt kerfi þar sem eitt úrræði tekur við af öðru og fjölskyldur festast ekki á biðlistum.

Æskilegt er að lengja fæðingarorlof og hækka þak á orlofsgreiðslum. Skapa þarf umhverfi sem hvetur báða foreldra til töku orlofs. Við munum bjóða foreldrum frelsi og val um daggæslukosti. Við munum styðja betur við bæði dagforeldrastigið og leikskólastigið. Reykjavík er í samkeppni við önnur sveitarfélög um fagmenntað starfsfólk. Við viljum gera betur svo gott fólk velji starf á leikskóla.

Núverandi meirihluti vill bjóða ódýrustu leikskólana. Ódýr þjónusta er gjarnan slæm þjónusta. Það hafa nýlegar þjónustukannanir sýnt. Ánægja með leikskóla mælist minnst í Reykjavík. Bregðast þarf við þessari óánægju. Sjálfstæðisflokkurinn leggur ekki áherslu á ódýrari leikskóla. Okkar markmið er að bjóða áreiðanlega leikskóla. Við viljum að Reykjavík verði besti búsetukosturinn. Við viljum því bjóða bestu leikskólana.

Sjálfstæðisflokkurinn telur mikilvægt að tryggja öllum fjölskyldum úrræði strax í kjölfar fæðingarorlofs. Þrátt fyrir mikinn árangur í jafnréttisbaráttunni taka konur enn meiri ábyrgð á umönnun barna. Dagvistunarvandi lendir því oftar á konum og dregur úr framgangi þeirra á vinnumarkaði. Það hefur aftur áhrif á launaþróun og ýtir undir kynbundinn launamun. Við ætlum að leggja okkar af mörkum við lausn þessa vanda. Áreiðanlegar lausnir eru mikilvægt jafnréttismál – samfélaginu öllu til heilla.



# Auglýsing frá yfirkjörstjórn Reykjavíkur

## Bornir verða fram eftirfarandi listar við borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 26. maí nk.

**B-listi Framsóknarflokksins**

1. Ingvar Mar Jónsson
2. Snædís Karlsdóttir
3. Ásthildur Lóa Þórsdóttir
4. Hjördís Guðný Guðmundsdóttir
5. Sandra Óskarsdóttir
6. Bergþór Smári Pálmason Sighvats
7. Jón Ingi Gíslason
8. Guðmundur Hlynur Gylfason
9. Sverrir Steinn Stefánsson
10. Birna Kristín Svavarsdóttir
11. Alex Björn Bulow Stefánsson
12. Finnlaugur Pétur Helgason
13. Aðalsteinn Haukur Sverrisson
14. Matthildur Birgisdóttir
15. Höskuldur Örn Arnarson
16. Guðmundur Kristinn Kristinsson
17. Guðrún Þóra Bjarnadóttir
18. Björn Ívar Björnsson
19. Guðrún Loly Jónsdóttir
20. Helga Rún Viktorsdóttir
21. Agnes Veronika Hauksdóttir
22. Baldur Þór Bjarnason
23. Þórður Viggó Guðjohnsen
24. Ásgeir Harðarson
25. Aðalheiður Lilja Hlynsdóttir
26. Heiðrún Hafný Hafsteinsdóttir
27. Hildur Júlíusdóttir
28. Þór Símon Ragnarsson
29. Indíana Óskarsdóttir
30. Sara Heiðrún Fawcett
31. Jóhanna Olga Hreiðarsdóttir
32. Tanja Rún Kristmannsdóttir
33. Bragi Ingólfsson
34. Sigríður Nanna Jónsdóttir
35. Nína B. Ottósdóttir
36. Pétur Þormar
37. Stefán Þór Björnsson
38. Fannar Sigurðsson
39. Jón Finnbogason
40. Gerður Hauksdóttir
41. Kjartan Þór Ragnarsson
42. Anna Rakel Aðalsteinsdóttir
43. Jón Karl Snorrason
44. Griselia Gíslason
45. Alfreð Þór Þorsteinsson
46. Frosti Sigurjónsson

---

**C-listi Viðreisnar**

1. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
2. Pawel Bartoszek
3. Diljá Ámundadóttir
4. Gunnlaugur Bragi Björnsson
5. Vilborg Guðrún Sigurðardóttir
6. Geir Finnsson
7. Arna Garðarsdóttir
8. Ingólfur Hjörleifsson
9. Helga Lind Mar
10. Hörður Ágústsson
11. Sara Sigurðardóttir
12. Árni Grétar Jóhannsson
13. Katrín S. J. Steingrímsdóttir
14. Freyr Gústavsson
15. Þórunn Hilda Jónasdóttir
16. Arnar Kjartansson
17. Jenný Guðrún Jónsdóttir
18. Sverrir Örn Kaaber
19. Kristín Ágústsdóttir
20. Oddur Mar Árnason
21. María Rut Kristinsdóttir
22. Einar Örn Thorlacius
23. Þorbjörg Inga Þorsteinsdóttir
24. Aron Eydal Sigurðarson
25. Aðalbjörg Guðmundsdóttir
26. Gylfi Ólafsson
27. Dóra Sif Tynes
28. Lárus Elíasson
29. Sóley Ragnarsdóttir
30. Starri Reynisson
31. Sandra Hlín Guðmundsdóttir
32. Einar Karl Friðriksson
33. Sigrún Helga Lund
34. Jón Bjarni Steinsson
35. Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir
36. Gunnar Björnsson
37. Ásdís Rafnar
38. Lúðvíg Lárusson
39. Stefanía Sigurðardóttir
40. Samúel Torfi Pétursson
41. Jóhanna Elínborg Sveinsdóttir
42. Jón Júlíus Karlsson
43. Tanja Kristín Leifsdóttir
44. Andri Guðmundsson
45. Jóhanna Fjóla Ólafsdóttir
46. Benedikt Jóhannesson

---

**D-listi Sjálfstæðisflokksins**

1. Eyþór Laxdal Arnalds
2. Hildur Björnsdóttir
3. Valgerður Sigurðardóttir
4. Egill Þór Jónsson
5. Marta Guðjónsdóttir
6. Katrín Atladóttir
7. Örn Þórðarson
8. Björn Gíslason
9. Jórunn Pála Jónasdóttir
10. Alexander Witold Bogdanski
11. Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir
12. Ólafur Kr. Guðmundsson
13. Þórdís Pálsdóttir
14. Diljá Mist Einarsdóttir
15. Erla Ósk Ásgeirsdóttir
16. Inga María Hlíðar Thorsteinson
17. Nína Margrét Grímsdóttir
18. Elín Jónsdóttir
19. Þorlákur Einarsson
20. Halldór Karl Högnason
21. Ingvar Smári Birgisson
22. Rannveig Grétarsdóttir
23. Friðrik Þór Gunnarsson
24. Elísabet Gísladóttir
25. Guðmundur Edgarsson
26. Steinunn Anna Hannesdóttir
27. Friðrik Ármann Guðmundsson
28. Gylfi Þór Sigurðsson
29. Eva Dögg M. Sigurgeirsdóttir
30. Elísabet Inga Sigurðardóttir
31. Eyþór Eðvarðsson
32. Ágústa Tryggvadóttir
33. Oddur Þórðarson
34. Vala Pálsdóttir
35. Jónas Jón Hallsson
36. Ívar Pálsson
37. Hafsteinn Númason
38. Ingveldur Fjeldsted
39. Kristín Lilja Sigurðardóttir
40. Bertha Biering
41. Helga Möller
42. Hafdís Björk Hannesdóttir
43. Arndís Thorarensen
44. Páll Þorgeirsson
45. Ágústa Guðmundsdóttir
46. Halldór Halldórsson

---

**E-listi Íslensku þjóðfylkingarinnar**

1. Guðmundur Karl Þorleifsson
2. Hjördís D. Bech Ásgeirsdóttir
3. Jens G. Jensson
4. Jón Valur Jensson
5. Kristjana Brynjólfsdóttir
6. Guðmundur Pálsson
7. Hrannar Guðmundsson
8. Jón Björn Jónsson
9. Geir Harðarson
10. Guðni Birgir Sigurðsson
11. Pétur Magnússon
12. Guðjón Þór Magnússon
13. Þuríður Pétursdóttir
14. Sigurður Árnason
15. Ólafur Þórisson
16. Hildur Hrönn Hreiðarsdóttir
17. Helgi Helgason
18. Gunnar Karl Halldórsson
19. Einar Ingvi Magnússon
20. Emil Magni Andersen
21. Kristján Bergmann Bjarnason
22. Jón Oddur Guðmundsson
23. Rakel Ösp Bech Guðnadóttir
24. Eva Kristín Guðmundsdóttir
25. Sæmundur Heiðar Emilsson

---

**F-listi Flokks fólksins**

1. Kolbrún Baldursdóttir
2. Karl Berndsen
3. Ásgerður Jóna Flosadóttir
4. Þór Elís Pálsson
5. Halldóra Gestsdóttir
6. Rúnar Sigurjónsson
7. Hjördís Björg Kristinsdóttir
8. Þráinn Óskarsson
9. Friðrik Ólafsson
10. Birgir Jóhann Birgisson
11. Ingunn Stella Björnsdóttir
12. Sigurður Steingrímsson
13. Hrafnhildur Hjálmarsdóttir
14. Ingvar Gíslason
15. Guðfinna Þórdís Gunnarsdóttir
16. Heiðrún Elsa Harðardóttir
17. Gunnar Bergþór Pálsson
18. Guðrún Birna Smáradóttir
19. Guðmundur Þ. Guðmundsson
20. Anna Einarsdóttir
21. Kristján Arnar Helgason
22. Kristján Salvar Davíðsson
23. Inga Sæland
24. Þórarinn Kristinsson
25. Birna Hafdís Gunnlaugsdóttir
26. Óli Már Guðmundsson
27. Stefanía Hinriksdóttir
28. Haraldur Örn Arnarson
29. Stefanía Þórarinsdóttir
30. Ómar Örn Ómarsson
31. Kristinn Maríus S. Margrétarson
32. Erla Svandís Ármannsdóttir
33. Jón Sigurður Karlsson
34. Ásta Katrín Vilhjálmsdóttir
35. Ólafur Kristófersson
36. Ásdís Jónsdóttir
37. Magnús Sigurjónsson
38. Jóna Marvinsdóttir
39. Sigrún Hermannsdóttir
40. Sigríður Sæland Óladóttir
41. Tómas Þórsson
42. Bjarni Guðmundsson
43. Magnús Guðmundsson
44. Davíð B. Guðbjartsson
45. Baldvin Örn Ólason
46. Oddur Friðrik Helgason

---

**H-listi Höfuðborgarlistans**

1. Björg Kristín Sigþórsdóttir
2. Sif Jónsdóttir
3. Snorri Marteinsson
4. Helga María Guðmundsdóttir
5. Lára Kristín Jóhannsdóttir
6. Sólrún Lovísa Sveinsdóttir
7. Böðvar Sigurvin Björnsson
8. Sigurjóna Halldóra Frímann
9. Ingveldur Marion Hannesdóttir
10. Jón Gunnar Benjamínsson
11. Valgeir Ólafsson
12. Hanna Hlíf Bjarnadóttir
13. Rakel Ólafsdóttir
14. Jóhanna Guðlaug Frímann
15. Tinna Líf Jörgensdóttir
16. Phiangphit Thiphakdi
17. Ögmundur Ásmundsson Reykdal
18. Karen Hauksdóttir
19. Árni Freyr Valdimarsson
20. Hrafnhildur Hákonardóttir
21. Bergþór Frímann Sverrisson
22. Edda Júlía Helgadóttir
23. Margrét Friðriksdóttir
24. Aldís Jana Arnarsdóttir
25. Zeljko Óskar Sankovic
26. Alda Ólafsdóttir
27. Leo Sankovic
28. Georg Sankovic
29. Jóhanna Ögmundsdóttir
30. Kristín Birna Bjarnadóttir
31. Bryndís Þorkelsdóttir
32. Valgerður Friðþjófsdóttir
33. Valgerður Aðalsteinsdóttir
34. Ásdís Ögmundsdóttir
35. Kjartan Guðmundsson
36. Tinna Ýr Einisdóttir
37. Zlatko Krickic
38. Anna Dís Arnarsdóttir
39. Zlatko Krickic
40. Jenný Árnadóttir
41. Guðrún Guðjónsdóttir
42. Andjelka Krickic
43. Rut Agnarsdóttir
44. Hafsteinn Þór Hilmarsson
45. Vaiva Strasunskiene
46. Andrés Fr. G. Andrésson

---

**J-listi Sósíalistaflokks Íslands**

1. Sanna Magdalena Mörtudóttir
2. Daníel Örn Arnarsson
3. Anna Maria Wojtynska
4. Hlynur Már Vilhjálmsson
5. Ásta Þórdís Guðjónsdóttir
6. Sólveig Anna Jónsdóttir
7. Reinhold Richter
8. Klaudia Janina Migdal
9. Laufey Líndal Ólafsdóttir
10. Natalie Gunnarsdóttir
11. Styrmir Guðlaugsson
12. Kristbjörg Eva Andersen
13. Erna Hlín Einarsdóttir
14. Hólmsteinn A. Brekkan
15. Elsa Björk Harðardóttir
16. Jón Kristinn Cortez
17. Ella Esther Routley
18. Pálína Sjöfn Þórarinsdóttir
19. Þórður Alli Aðalbjörnsson
20. Ósk Dagsdóttir
21. Herianty Novita Seiler
22. Reynir Jónasson
23. Friðrik Boði Ólafsson
24. Guðrún Elísabet Bentsdóttir
25. Magnús Gestsson
26. Kurt Alan Van Meter
27. Anna Eðvarðsdóttir
28. Luciano Dutra
29. Leifur A. Benediktsson
30. Ævar Þór Magnússon
31. Ragnheiður Ásta Pétursdóttir
32. Ellen Kristjánsdóttir
33. Kristján Hafsteinsson
34. Auður Traustadóttir
35. Elísabet María Ástvaldsdóttir
36. María Gunnlaugsdóttir
37. Sigrún Unnsteinsdóttir
38. Bogi Reynisson
39. Eggert Lárusson
40. Vilhelm G. Kristinsson
41. Hildur Oddsdóttir
42. Sigríður Kolbrún Guðnadóttir
43. Magnús Bjarni Skaftason
44. Guðmundur Erlendsson
45. Benjamín Julian Plaggenborg
46. Haukur Arnþórsson

---

**K-listi Kvennahreyfingarinnar**

1. Ólöf Magnúsdóttir
2. Steinunn Ýr Einarsdóttir
3. Nazanin Askari
4. Hanna Björg Vilhjálmsdóttir
5. Steinunn Ólína Hafliðadóttir
6. Svala Hjörleifsdóttir

7. Þóra Kristín Þórsdóttir
8. Bára Jóhannesdóttir
9. Andrea Björgvinsdóttir
10. Eva Huld Ívarsdóttir
11. Aðalheiður Ármann
12. Bylgja Gunnur Guðnýjardóttir
13. Anna Kristín Gísladóttir
14. Hera Eiríksdóttir Hansen
15. Pálmey Helgadóttir
16. Sunnefa Lindudóttir
17. Guðfinna Magnea Clausen
18. Þórdís Erla Ágústsdóttir
19. Sigrún H. Gunnarsdóttir
20. Erna Guðrún Fritzdóttir
21. Þórunn Ólafsdóttir
22. Edda Björgvinsdóttir
23. Inga María Vilhjálmsdóttir
24. Nichole Leigh Mosty
25. Hekla Geirdal

**M-listi Miðflokksins**

1. Vigdís Hauksdóttir
2. Baldur Borgþórsson
3. Sveinn Hjörtur Guðfinnsson
4. Sólveig Bjarney Daníelsdóttir
5. Jón Hjaltalín Magnússon
6. Viðar Freyr Guðmundsson
7. Trausti Harðarson
8. Kristín Jóna Grétarsdóttir
9. Örn Bergmann Jónsson
10. Linda Jónsdóttir
11. Steinunn Anna Baldvinsdóttir
12. Guðrún Erna Þórhallsdóttir
13. Jón Sigurðsson
14. Eyjólfur Magnússon Scheving
15. Einar Karl Gunnarsson
16. Snorri Þorvaldsson
17. Þorleifur Andri Harðarson
18. Elín Helga Magnúsdóttir
19. Berglind Haðardóttir
20. Guðlaugur G. Sverrisson
21. Bjarney Kristín Ólafsdóttir
22. Olga Perla Nielsen Egilsdóttir
23. Dorota Anna Zaorska
24. Hólmfríður Hafberg
25. Benedikt Blöndal
26. Ásta Karen Ágústsdóttir
27. Fannar Eyfjörð Skjaldarson
28. Svanhvít Bragadóttir
29. Þórir Ingþórsson
30. Kristján Hall
31. Birgir Stefánsson
32. Anna Margrét Grétarsdóttir
33. Gunnar Smith
34. Jóhanna Kristín Björnsdóttir
35. Guðrún Helgadóttir
36. Reynir Þór Guðmundsson
37. Valgerður Sveinsdóttir
38. Kristján Már Kárason
39. Alexander Jón Baldursson
40. Hlynur Þorsteinsson
41. Gróa Sigurjónsdóttir
42. Guðni Ársæll Indriðason
43. Jóhann Levi Guðmundsson
44. Hörður Gunnarsson
45. Atli Ásmundsson
46. Gréta Björg Egilsdóttir

**O-listi Borgarinnar okkar – Reykjavíkur**

1. Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir
2. Edith Alvarsdóttir
3. Jóhannes Ómar Sigurðsson
4. Viktor Helgi Gizurarson
5. Marta Bergman
6. Guðmundur Halldór Jóhannsson
7. Herdís Telma Jóhannesdóttir
8. Helga Nína Heimisdóttir
9. Kristbjörg Sveinbjörnsdóttir
10. Stefanía Þórhildur Hauksdóttir
11. Sigurður Kristinn Ægisson
12. Helena Ósk Sigurjónsdóttir
13. Auður Andrea Skúladóttir
14. Hallur Steingrímsson
15. Sesselja Gíslunn Ingjaldsdóttir
16. Esther Ýr Kjartansdóttir
17. Friðrik Jónsson
18. Þollý Rósmundsdóttir
19. Ása Soffía Björnsdóttir
20. Örn Ísleifsson
21. Ingibjörg Auður Finnsdóttir
22. Stefanía Ingibjörg Sverrisdóttir
23. Guðbjörg Gerður Sveinbjörnsdóttir
24. Guðrún Brynja Skúladóttir
25. Sigurður Þórðarson
26. Sveinbjörn Kristjánsson

**P-listi Pírata**

1. Dóra Björt Guðjónsdóttir
2. Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
3. Alexandra Briem
4. Rannveig Ernudóttir
5. Valgerður Árnadóttir
6. Arnaldur Sigurðarson
7. Þórgnýr Thoroddsen
8. Elsa Nore
9. Salvör Kristjana Gissurardóttir
10. Svafar Helgason
11. Helga Völundardóttir
12. Birgir Þröstur Jóhannsson
13. Ólafur Jónsson
14. Kjartan Jónsson
15. Elías Halldór Ágústsson
16. Guðfinna Kristinsdóttir
17. Malgorzata Nowak
18. Magnús Kr. Guðmundsson
19. Hrafnkell Stefánsson
20. Brandur Bjarnason Karlsson
21. Alma Ösp Árnadóttir
22. Rúnar Björn Herrera Þorkelsson
23. Andri Valgeirsson
24. Árni St. Sigurðsson
25. Halla Kolbeinsdóttir
26. Mínerva M. Haraldsdóttir
27. Lind Völundardóttir
28. Daði Freyr Ingólfsson
29. Valborg Sturludóttir
30. Jason Steinþórsson
31. Guðmundur Ragnar Guðmundsson
32. Hrafnhildur Ólöf Ólafsdóttir
33. Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir
34. Birgir Steinarsson
35. Oktavía Hrund Jónsdóttir
36. Jón Gunnar Borgþórsson
37. Álfheiður Sylvia Briem
38. Jóhannes Þór Guðbjartsson
39. Guðjón Sigurbjartsson
40. Guðrún Barbara Tryggvadóttir
41. Ásta Guðrún Helgadóttir
42. Halldór Auðar Svansson

**R-listi Alþýðufylkingarinnar**

1. Þorvaldur Þorvaldsson
2. Tamila Gámez Garcell
3. Vésteinn Valgarðsson
4. Claudia Overesch
5. Gunnar Freyr Rúnarsson
6. Sólveig Hauksdóttir
7. Teresa Dröfn Njarðvík
8. Valtýr Kári Daníelsson
9. Uldarico Jr. Castillo de Luna
10. Drífa Nadia Thoroddsen Mechiat
11. Jón Hjörtur Brjánsson
12. Skúli Jón Unnarson
13. Þóra Halldóra Sverrisdóttir
14. Tinna Þorvaldsdóttir Önnudóttir
15. Sindri Freyr Steinsson
16. Þórður Bogason
17. Axel Þór Kolbeinsson
18. Stefán Þorgrímsson
19. Guðrún Þorgrímsdóttir
20. Elín Helgadóttir
21. Trausti Guðjónsson
22. Gyða Jónsdóttir
23. Guðmundur Magnússon

**S-listi Samfylkingarinnar**

1. Dagur B. Eggertsson
2. Heiða Björg Hilmisdóttir
3. Skúli Helgason
4. Kristín Soffía Jónsdóttir
5. Hjálmar Sveinsson
6. Sabine Leskopf
7. Guðrún Ögmundsdóttir
8. Magnús Már Guðmundsson
9. Ragna Sigurðardóttir
10. Ellen Jacqueline Calmon
11. Aron Leví Beck
12. Dóra Magnúsdóttir
13. Sigríður A. Jóhannsdóttir
14. Þorkell Heiðarsson
15. Berglind Eyjólfsdóttir
16. Sara Björg Sigurðardóttir
17. Ásmundur Jóhannsson
18. Margrét M. Norðdahl
19. Teitur Atlason
20. Sigurveig M. Stefánsdóttir
21. Guðjón Friðriksson
22. Sonja Björg Jóhannsdóttir
23. Ólafur Örn Ólafsson
24. Ída Finnbogadóttir
25. Ari Guðni Hauksson
26. Sigrún Skaftadóttir
27. Alexander Harðarson
28. Eldey Huld Jónsdóttir
29. Ása Elín Helgadóttir
30. Sigurður Svavarsson
31. Jana Thuy Helgadóttir
32. Kristján Ingi Kristjánsson
33. Magnús Ragnarsson
34. Steinunn Ása Þorvaldsdóttir
35. Nikólína Hildur Sveinsdóttir
36. Rúnar Geirmundsson
37. Sólveig Sigríður Jónasdóttir
38. Stefán Benediktsson
39. Sigríður Ásta Eyþórsdóttir
40. Þórarinn Snorri Sigurgeirsson
41. Ellert Schram
42. Margrét Jóhanna Pálmadóttir
43. Guðrún G. Ásmundsdóttir
44. Sigurður E. Guðmundsson
45. Ingibjörg Guðmundsdóttir
46. Steinunn Valdís Óskarsdóttir

**V-listi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs**

1. Líf Magneudóttir
2. Elín Oddný Sigurðardóttir
3. Þorsteinn V. Einarsson
4. Hreindís Ylva Garðarsdóttir Holm
5. René Biasone
6. Gústav Adolf Bergmann Sigurbjörnsson
7. Guðrún Ágústsdóttir
8. Guðbjörg Ingunn Magnúsdóttir
9. Ragnar Auðun Árnason
10. Sigrún Jóhannsdóttir
11. Torfi Hjartarson
12. Ewelina Osmialowska
13. Ragnar Karl Jóhannsson
14. Elva Hrönn Hjartardóttir
15. Þráinn Árni Baldvinsson
16. Anna Friðriksdóttir
17. Baldvin Már Baldvinsson
18. Ólína Lind Sigurðardóttir
19. Daði Arnar Heiðrúnarson Sigmarsson
20. Þórhildur Heimisdóttir
21. Bryngeir Arnar Bryngeirsson
22. Áslaug Thorlacius
23. Stefán Pálsson
24. Sigríður Pétursdóttir
25. Styrmir Reynisson
26. Ísold Uggadóttir
27. Guy Conan Stewart
28. Edda Björnsdóttir
29. Jakob S. Jónsson
30. Bergljót María Sigurðardóttir
31. Toshiki Toma
32. Sigurbjörg Gísladóttir
33. Þröstur Brynjarsson
34. Thelma Rut Óskarsdóttir
35. Friðrik Dagur Arnarson
36. Hildur Knútsdóttir
37. Guðmundur J. Kjartansson
38. Jóhanna Bryndís Helgadóttir
39. Magnús Sveinn Helgason
40. Dóra Svavarsdóttir
41. Steinar Harðarson
42. Þorgerður H. Þorvaldsdóttir
43. Gunnar Helgi Guðjónsson
44. Úlfar Þormóðsson
45. Guðrún Hallgrímsdóttir
46. Gunnsteinn Gunnarsson

**Y-listi Karlalistans**

1. Gunnar Kristinn Þórðarson
2. Gunnar Waage
3. Stefán Páll Páluson
4. Kristinn Skagfjörð Sæmundsson
5. Hjalti Þorvaldsson
6. Dagbjört Edda Barðadóttir
7. Sigfús Atli Unnarsson
8. Loftur Baldvinsson
9. Þorfinnur Pétur Eggertsson
10. María Ás Birgisdóttir
11. Eyjólfur Vestmann Ingólfsson
12. Gunnsteinn Adolf Ragnarsson
13. Stefán Örn Stefánsson
14. Styrkár Fjalar Matthews
15. Trausti Gylfason
16. Kristinn Sigurjónsson
17. Hans Júlíus Þórðarson
18. Sigurjón Sveinsson
19. Sveinn Arngrímsson
20. Valur Arnarson
21. Haraldur Sigmundsson
22. Guðbjörg Marta Guðjónsdóttir
23. Friðgeir Sveinsson
24. Elvar Þór Elvuson
25. Kristinn Spence

**Þ-listi Frelsisflokksins**

1. Gunnlaugur Ingvarsson
2. Ágúst Örn Gíslason
3. Svanhvít Brynja Tómasdóttir
4. Sverrir Jóhann Sverrisson
5. Þorsteinn Einarsson
6. Hildur Guðbrandsdóttir
7. Ingvar Jóel Ingvarsson
8. Egill Þór Hallgrímsson
9. Axel B. Björnsson
10. Unnar Haraldsson
11. Berglind Jónsdóttir
12. Kári Þór Samúelsson
13. Svandís Ásta Jónsdóttir
14. Guðrún M. Jónsdóttir
15. Marteinn Unnar Heiðarsson
16. Anna Kristbjörg Jónsdóttir
17. Guðmundur Óli Ólafarson
18. Mías Ólafarson
19. Haraldur Einarsson
20. Ævar Sveinsson
21. Björgvin Þór Þorsteinsson
22. Jón Ingi Sveinsson
23. Höskuldur Geir Erlingsson
24. Birkir Ívar Dagnýjarson
25. Guðrún Helgadóttir
26. Magnús Ingi Sigmundsson

# Sætið við borðsendann



**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**
þingmaður Viðreisnar

**Forgangsröðun í þágu kvenna og jafnréttis er ekki allra, ekki síst þegar kemur að hefðbundnum valdaflokkum. Þá þarf að toga í klárinn og sýna lipurð í senn. Það upplifðum við í Viðreisn á síðasta ári með jafnlaunavottunina og þetta sýnir sagan.**

Svandís Svavarsdóttir sagði í viðtali ekki alls fyrir löngu að í ríkisstjórninni sætu tveir hefðbundnir valdaflokkar en undir forsæti sósíalista og konu. Ég skil vel stolt Svandísar enda áhugavert í sögulegu samhengi. Í því felst einnig tækifæri sem áhugavert er að sjá hvernig er nýtt þegar kemur að hugsjónum og pólitík. Þau eru reyndar ekki mörg tækifærin sem fylgja sósíalismanum en annað er upp á teningnum þegar kemur að áherslum kvenna. Því nálgun kvenna á hin ýmsu mál er oft önnur en karla, eins og dæmin sýna. Slík fjölbreytni er eftirsóknarverð fyrir hvert samfélag.

Fjármálaáætlun hverrar ríkisstjórnar er grundvallarplagg, líkt og formaður VG sagði fyrir ári. Ríkisstjórn undir forystu sósíalista og konu veitir hins vegar litla framtíðarsýn í nýrri fjármálaáætlun um hvernig hægt er að byggja upp kjör kvennastétta. Að glitt hefði í slíkar hugsjónir í þessu grundvallarplaggi hefði verið dýrmætt. Þarna er tækifæri til að sýna afgerandi forystu og fá alla með til að leiðrétta kjör kvennastétta, hvort sem um ljósmæður, kennara, hjúkrunarfræðinga eða sjúkraliða er að ræða. En í staðinn virðast ráðherrar uppteknir við að senda kvennastéttum kaldar kveðjur í kjarabaráttu þeirra.

Það er í raun merkilegt að ríkisstjórnin taki ekki pólitíska forystu um þetta mál því það eru hagsmunir allra að þessi störf verði unnin, eftirspurn verði til að sinna þeim og endalausri óvissu eytt. Þannig styrkjum við bæði mennta- og velferðarkerfið til lengri tíma litið. Þess vegna er einfalt að samþykkja strax þingsályktunartillögu okkar í Viðreisn um að hefja vinnu til að bæta kjör kvennastétta.

Forgangsröðun í þágu kvenna og jafnréttis er ekki allra, ekki síst þegar kemur að hefðbundnum valdaflokkum. Þá þarf að toga í klárinn og sýna lipurð í senn. Það upplifðum við í Viðreisn á síðasta ári með jafnlaunavottunina og þetta sýnir sagan. Fyrir Vinstri græn er hins vegar óþarfi að láta undan íhaldssamri tregðu til breytinga á þessu umhverfi. Þótt ríkisstjórnin sé málamiðlunarstjórn. Miklu heldur þarf að sýna forystu og nýta tækifærið sem felst í sætinu við borðsendann.

# Metnaðarfull menntastefna Samfylkingarinnar



**Skúli Helgason**
formaður skóla- og frístundaráðs

**Stuðningur við börn á að miðast við þarfir þeirra en ekki vera háður greiningum.**

Samfylkingin hefur sett menntamál í borginni í forgang með því að auka framlög um 9 milljarða að raungildi frá 2014. Forgangsverkefni er að bæta kjör starfsfólks og vinnuumhverfi og nú liggja fyrir drög að framsækinni menntastefnu Reykjavíkur til 2030 sem þúsundir aðila í skólasamfélaginu hafa tekið þátt í að móta.

### Leikskólar fyrir börn frá 12 mánaða aldri

Samfylkingin hefur einn flokka lagt fram raunhæfa áætlun um hvernig við brúum bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Strax í haust fjölgar leikskólaplássum um nærri 200 m.a. með viðbótarhúsnæði við starfandi leikskóla og á næsta ári fjölgar þeim um 200 til viðbótar m.a. með tilkomu nýs Dalskóla. Á árunum 2020-2024 er svo ráðgert að nýir borgarreknir leikskólar rísi á nýbygginga- og þéttingarsvæðum, á Kirkjusandi, í Vatnsmýri, Vogabyggð og víðar. Alls fjölgar leikskólarýmum um 750-800 og þar með getum við boðið öllum 12 mánaða börnum og eldri leikskólavist í borginni innan 4-6 ára. Sjö nýjar ungbarnadeildir með sérhæfðri aðstöðu fyrir yngstu börnin bætast við í haust og verða þær þá fjórtán alls í öllum borgarhlutum. Samhliða þessu verður haldið áfram að bæta kjör og vinnuumhverfi kennara og starfsfólks leikskóla og vinna með ríkinu að því að fjölga þeim sem leggja stund á kennaranám.

### Öflugra dagforeldrakerfi

Við höfum líka skipulagt úrbætur á kerfi dagforeldraþjónustu í samráði við félög dagforeldra í borginni. Þær miða m.a. að því að auka gæði og öryggi þjónustunnar, tryggja húsnæðisstuðning, fagstuðning og fleira til að fjölga dagforeldrum og hvetja þá til að vinna saman í pörum og loks hækka niðurgreiðslur til foreldra.

### Jöfn tækifæri allra barna

Jöfnuður í menntakerfinu er grundvallarmarkmið okkar jafnaðarmanna og brýnasta hlutverk okkar er að búa svo um hnútana að öll börn hafi jöfn tækifæri til menntunar og alhliða þroska en efnahagur og félagsleg staða foreldra setji ákveðnum börnum ekki stólinn fyrir dyrnar þegar kemur að tækifærum til þátttöku í fjölbreyttu skóla- og frístundastarfi. Mikilvægt er að einfalda allt fyrirkomulag sérkennslu og stuðnings og gera breytingar á fyrirkomulagi skólaþjónustunnar í þá veru að þjónusta við börn með sérstakar þarfir fari að mestu fram úti í skólunum. Stuðningur við börn á að miðast við þarfir þeirra en ekki vera háður læknisfræðilegum greiningum. Við viljum fjölga fagfólki sem starfi við hlið kennara í skólum að því að mæta fjölbreytilegum þörfum nemenda. Síðast en ekki síst viljum við að aukið fjármagn renni til skóla í hverfum þar sem er lágt menntunarstig foreldra og hátt hlutfall fólks sem býr við þröngan hag.

# Hættuleg áform



**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**
formaður Miðflokksins

Ég hef notað ýmsar leiðir til að komast á milli staða. Fyrsta og eina bílinn minn til þessa eignaðist ég 33 ára. Mjög góðan bíl sem hefur reynst mér vel í rúm 10 ár. Eftir bílpróf fékk ég stundum lánaðan bíl hjá foreldrunum, deildi um tíma bíl með systkinum mínum, fékk að nota bíl unnustunnar en notaðist að mestu við almenningssamgöngur. Þannig komst ég í menntaskóla og háskóla á Íslandi en auk þess reyndust almenningssamgöngur mér vel öll þau ár sem ég bjó í útlöndum. Þar saknaði ég þess aldrei að eiga bíl. Strætisvagnar, rútur og járnbrautarlestar komu mér þangað sem ég þurfti að fara. Eitt sumarið starfaði ég á aðalbrautarstöðinni í Stokkhólmi og vann við að ferma lestar ásamt Svía sem leit út eins og söngvarinn í hljómsveitinni Europe, en það er önnur saga.

### Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu

Rekstur almenningssamgangna hefur gengið erfiðlega á Íslandi. Nú hafa verið kynnt áform um svo kallaða borgarlínu. Áformin hafa verið talsvert á reiki. Fyrst átti borgarlínan að vera lest en nú mun vera gert ráð fyrir að nota strætisvagna sem eiga að þykjast vera lest og líta út eins og strætisvagnar úr framtíðarmynd frá tíunda áratugnum. Þó er ljóst að þetta verður dýrt, gífurlega dýrt.

Sumir eru á því að best sé að tala sem minnst um borgarlínuna því hún sé bara kosningaútspil meirihlutans í borgarstjórn til að komast hjá því að ræða rekstrarvanda borgarinnar, ruslið, ónýtu göturnar, húsnæðisskortinn og annað sinnuleysi. Ég verð þó að bíta á agnið því að reynslan sýnir að það getur verið erfitt að vinda ofan af áformum, sama hversu vitlaus þau reynast, þegar búið er að kerfisvæða þau. Sjáið bara Landspítalann.

Mál sem byrjar með ferðalögum bæjarfulltrúa til að skoða strætisvagna og lestar austan hafs og vestan getur endað með vafasamri framkvæmd sem landsmenn sitja uppi með kostnaðinn af langt fram eftir öldinni. Ef áformin yrðu að veruleika yrði það skaðlegt fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins á ýmsan hátt, líka þá sem nota almenningssamgöngur. Ég skal útskýra hvers vegna.

### Forsendur borgarlínu

Víðast hvar eru almenningssamgöngur sveitarfélögum mjög dýrar og iðulega reknar með miklu tapi, jafnvel í stórborgum þar sem milljónir nýta þjónustuna daglega. „Línulegt kerfi“ eins og borgarlínan er eingöngu raunhæfur kostur (burt séð frá tapinu) þar sem að minnsta kosti annað af tveimur skilyrðum er uppfyllt.

a. Borgin er fjölmenn og þéttbyggð (19. aldar borg). Flestir eða allir búa nálægt stoppistöð og áfangastaðirnir eru einnig allir nálægt stoppistöð.

b. Mjög sterkur byggðarkjarni hefur nægt aðdráttarafl til þess að fólk utan kjarnans hafi mikla þörf og löngun til að komast þangað reglulega án þess að geta með góðu móti gert það á eigin bíl. Við slíkar aðstæður getur nálægð við lestarstöð jafnvel aukið verðmæti fasteigna og ýtt undir uppbyggingu.

Reykjavík hefur hvorugt. Það er augljóst í fyrra tilvikinu og raunar í því seinna líka þótt meirihlutinn í borginni virðist ætla að líta fram hjá raunveruleikanum og taka ákvarðanir út frá ímynduðum veruleika (óraunveruleika). Þannig er jafnvel talað um að leggja sérstakt innviðagjald á þá sem byggja í grennd við stoppistöð borgarlínu. Ímyndið ykkur þegar fasteignasali sýnir nýja íbúð í Mosfellsbæ og viðskiptavinirnir spyrja hvort íbúðin sé ekki óvenju dýr (og ekki einu sinni með bílastæði). Hann svarar: „Já, það er innviðagjaldið en þið eruð ekki nema 20 mínútur með borgarlínunni niður á Hlemm.“

### Byggt við línuna

Samgönguvandi höfuðborgarsvæðisins liggur í því að það er of mikil umferð á nokkrum götum og þar myndast stíflur sem geta valdið töfum sem ná langar vegalengdir. Allar þessar stíflur verða til á þeim stöðum þar sem til stendur að leggja borgarlínuna og svo á að byggja í kringum hana. Lausn borgarlínufulltrúanna virðist því vera sú að leggja sérstaka áherslu á að auka á þéttleika byggðarinnar þar sem umferðarteppurnar eru mestar. Þá þurfa enn fleiri að fara á þá staði þar sem álagið er mest og frá þeim líka. Þetta verður því eingöngu til þess fallið að auka vandann. Skynsamlegra væri að byggja upp nýja áfangastaði svo að umferðin dreifist betur um gatnakerfið. Með því að byggja nýjan Landspítala austan við miðju höfuðborgarsvæðisins væri t.d. verið að jafna umferðina.

### Tvöfalt kerfi

Borgarlínan fer aðeins meðfram megin samgönguæðunum og verður því ekki í raunhæfu göngufæri fyrir nema lítinn hluta borgarbúa. Það stendur því til að hefðbundnir strætisvagnar fari um hverfin og safni þar íbúum til að flytja þá að borgarlínunni og svo frá borgarlínunni á áfangastað. Það verður með öðrum orðum rekið tvöfalt kerfi með allri þeirri óhagkvæmni sem því fylgir. Til viðbótar við á annað hundrað milljarða króna sem fara í línuna, sem verður svo rekin með tapi, bætist viðvarandi taprekstur hverfisvagnanna.

Í mínu tilviki hefði þetta þýtt að ég hefði ekki getað tekið strætó frá gömlu heimastöð minni í Skógarseli og alla leið á Hringbraut eða Lækjargötu. Ég hefði þurft að bíða eftir vagni til að flytja mig að borgarlínunni sem svo hefði farið með mig á stoppistöð fjær skólanum. Ég hefði þá e.t.v. haft mig í að kaupa mér bíl fyrr.

### Ekki frá A til B

Ólíkt því sem gerist í borgum þar sem hugmyndir á borð við borgarlínu gætu átt við þurfa íbúar höfuðborgarsvæðisins ekki bara að fara á einn stað til að sinna flestum erindum, samanber frá heimili sínu í stóra miðborg. Þeir eru ekki bara að fara frá A til B heldur frá A til B, F, K, P, V o.s.frv. Fara til dæmis úr Grafarvoginum í vinnuna í Kópavogi, til ömmu í Breiðholti, á fótboltaæfingu í Vesturbænum, á veitingastað í Garðabæ eða í matarboð í annars staðar í Grafarvogi. Þessar ferðir vill fólk fara á fjölskyldubílnum frekar en að hlaupa í gegnum rigninguna og rok til að bíða eftir hverfisstrætó til að komast að borgarlínunni, bíða eftir henni og bíða svo á næsta áfangastað eftir öðrum hverfisstrætó til að komast í nálægð við staðinn sem verið er að fara á.

### Kostnaðurinn

Óhagkvæm innviðaverkefni á borð við borgarlínuna koma oft sveitarfélögum í kröggur. Landsmenn munu eflaust geta staðið undir framkvæmdinni (gert er ráð fyrir að verkefnið verði að mestu fjármagnað úr ríkissjóði) en það verður dýrt og mun koma í veg fyrir aðrar skynsamlegri framkvæmdir.

Rekstur Strætó hefur undanfarin ár verið fjármagnaður að 70 til 75 prósentum af útsvars- og skattgreiðendum. 2011 gáfu borgaryfirvöld frá sér fjárframlög ríkisins til samgöngumála í 10 ár gegn milljarðsstuðningi við strætó á ári. Markmiðið var að hækka hlutfall þeirra sem nýttu sér strætisvagna. Það hefur ekki gengið eftir. Fyrir hverjar 460 krónur sem strætófarþegar greiða í fargjald leggja skattgreiðendur fram 1.500 krónur. Kostnaðurinn við að leyfa öllum að nota strætó ókeypis væri aðeins brotabrot af kostnaðinum sem farþegar og skattgreiðendur munu bera vegna borgarlínu.

**Borgarlínan er gríðarlega dýrt verkefni sem er ekki til þess fallið að leysa vandann heldur gera hann enn verri. Stefna Miðflokksins gengur út á að greina vandann, finna lausnina sem virkar best og hrinda henni svo í framkvæmd. Borgarlínan er nokkurs konar andstæða þess.**

### Þrengt að umferð

Borgarlínunni er ætlað að liggja um helstu samgönguæðar höfuðborgarsvæðisins, vegina þar sem umferðin er mest. Til stendur að leggja tvær akreinar undir línuna, miðakreinarnar, eina í hvora átt. Ekki er gott að segja hvernig farþegarnir eiga að komast yfir vegina, líklega um brýr eða undirgöng. Einhverjir munu þó alltaf stytta sér leið með því að hlaupa yfir veginn.

Sú hugmynd að reyna að leysa umferðarvanda höfuðborgarsvæðisins með því að fækka akreinum þar sem álagið er mest hljómar undarlega en því miður er hún í samræmi við þá furðulegu stefnu sem borgaryfirvöld hafa fylgt í samgöngumálum, þ.e. að reyna að þvinga fólk í strætó eða á reiðhjól með því að gera því ókleift að komast leiðar sinnar á fjölskyldubílnum. Fækkun akreina mun valda enn meiri umferðarteppum en þeim sem nú er við að eiga og þær munu hafa áhrif enn lengra út eftir hliðarvegunum. Svo bætist það við að línustrætó á alltaf að hafa forgang fram yfir aðra umferð. Þegar línustrætó nálgast verður skyndilega lokað fyrir bílaumferð og það umferðarflæði sem þó er stöðvast hvað eftir annað tilviljanakennt.

Þar sem íbúar annarra hverfa en 101 og nágrannasveitarfélaga Reykjavíkur sitja fastir í umferð og brenna ofursköttuðu eldsneyti mun blasa við þeim áminning um að þeir hafi líka borgað sérstaklega fyrir að fá að sitja fastir lengur. En einnig munu íbúar á Akureyri, í Fjarðabyggð og alls staðar annars staðar á landinu fá að greiða út í hið óendanlega fyrri áhuga borgaryfirvalda á að þrengja að umferðinni í Reykjavík.

### Niðurstaðan

Borgarlínan er gríðarlega dýrt verkefni sem er ekki til þess fallið að leysa vandann heldur gera hann enn verri. Stefna Miðflokksins gengur út á að greina vandann, finna lausnina sem virkar best og hrinda henni svo í framkvæmd. Borgarlínan er nokkurs konar andstæða þess.

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 10. MAÍ 2018



Erna Hörn Davíðsdóttir förðunarfræðingur segir bláa, túrkis og appelsínugula liti áberandi í augnförðuninni í sumar og ljósir, bleikir og brúnir tónar verða vinsælir í varalitum. helgin ➜6



# CUBE reiðhjól eru fjölbreytt og vönduð

TRI VERSLUN er hluti af CUBE samfélaginu, en verslunin býður upp á mikið úrval vandaðra hjóla frá þýska framleiðandanum og selur allt sem hjólreiðafólk þarfnast.

Árni Einarsson, starfsmaður hjá TRI VERSLUN og viðurkenndur IRON MAN, getur gefið viðskiptavinum góð ráð varðandi reiðhjólakaup. MYND/SIGTRYGGUR ARI




COMMA♡ MÖMMUR

GJÖFIN FÆST HJÁ OKKUR

*Fallegt, fágað og töff*

comma,

SMÁRALIND




Róbert, Árni og Valur Rafn taka vel á móti viðskiptavinum í versluninni á Suðurlandsbraut 32. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI

TRI VERSLUN selur úrval vandaðra reiðhjóla frá þýska framleiðandanum CUBE og alla nauðsynlega aukahluti, fatnað og þjónustu fyrir hjólreiðafólk. Verslunin býður einnig upp á trainera frá TACX, sem gera fólki kleift að hjóla innandyra í stafrænum sýndarveruleika, svo það sé hægt að æfa hvar og hvenær sem er. TRI VERSLUN vill auk þess sýna samfélagslega ábyrgð með því að aðstoða íslenska landsliðið á HM í sumar.

## Vönduð hjól fyrir alla

„TRI VERSLUN er orðin nokkuð þekkt verslun og fólk er farið að vita af okkur. Við seljum allar tegundir reiðhjóla frá CUBE, þannig að þetta er góður staður til að koma og kaupa hjól, hvort sem þú ert að leita að barnahjóli, ferðahjóli, götuhjóli eða fjallahjóli,“ segir Valur Rafn, markaðsstjóri TRI. „Við bjóðum upp á margar tegundir reiðhjóla og vitum alveg helling um reiðhjól. Við getum veitt fólki ráðgjöf varðandi hvaða hjól hentar fyrir þau verkefni sem eru fram undan. Við bjóðum svo auðvitað einnig upp á vandaðri og dýrari gerðir hjóla fyrir þá sem vilja keppa og nota hjólin sem líkamsræktartæki, en sá hópur hefur stækkað mest á Íslandi og er áberandi í fréttum og umfjöllun fjölmiðla.

CUBE, sem er þýskt merki, hefur verið í miklum vexti bæði erlendis og hérna heima síðustu ár. CUBE hjólin sáust til dæmis í Tour de France í fyrsta skiptið á síðasta ári. Það að fá að vera með í keppninni er ákveðin viðurkenning fyrir merkið og við höfum fundið fyrir því að fólk veit af þessu,“ segir Valur Rafn.

„Rafmagnshjólin frá CUBE eru vinsæl í Evrópu og við höfum ákveðið að bjóða upp á mikið úrval rafmagnshjóla frá CUBE. Við erum með meira en tólf gerðir af rafmagnshjólum í boði og því er hægt að velja hjól sem hentar hverjum og einum,“ segir Valur Rafn. „Við erum til dæmis með vandað CUBE rafmagnshjól á 319.990 kr., þannig að það er hægt að fá mjög vandað og gott rafmagnshjól fyrir þá upphæð. Hjólið kemur vel útbúið og með svokölluðum hjálparmótor frá Bosch. Hjólin þola vel íslenskar aðstæður og þetta vitum við því við erum búnir að prófa hjólin hérna heima.“

## Úrval aukahluta og þjónustu

„Svo erum við líka með mjög mikið af aukahlutum. Við erum með bretti, standara, dekk, festingar, flöskur, lása, ljós, hraðamæla, alls konar verkfæri, pedala, pumpur og gjarðir fyrir götuhjól frá mjög flottu merki sem heitir Rolf Prima. Við bjóðum einnig upp á mikið úrval hjólreiðafatnaðar frá Louis Garneau,“ segir Valur Rafn. „Á þessu ári tökum við þátt í framleiðslu á yfir þrettán sérmerktum búningum frá Louis Garneau fyrir hópa og fyrirtæki, sem er mjög stórt verkefni þegar horft er til þess að við bjóðum hópunum að koma til okkar í mátun. Við bjóðum upp á fitkit og þannig er hægt að finna réttar stærðir. Við getum í rauninni útvegað allt það besta í bransanum og svo erum við líka með verkstæði sem sinnir viðgerðum og samsetningu. TRI VERKSTÆÐI er fullbúið verkstæði og tekur allar tegundir hjóla í viðgerðir.

Við bjóðum líka upp á bikefitting, sem er nákvæm mæling á því hvernig á að stilla hjólið fyrir hvern og einn, hvaða stærð hentar og hvaða hjól viðkomandi ætti að kaupa,“ segir Valur Rafn. „Við erum með mjög vandað kerfi frá bikefitting.com og bjóðum upp á „static fitting“, „dynamic fitting“ og „pedaling analyzer“.

Við förum í rauninni alla leið með þessar mælingar, sem hafa reynst mjög vel fyrir þá sem vilja nota hjólið mikið eða nota hjólreiðar sem líkamsrækt og fara í langar ferðir,“ segir Valur Rafn. „Við teljum að vöxturinn sem hefur orðið í þeim hópi síðustu ár sé bara rétt að byrja.“

## Ný tækni leyfir æfingar allt árið

„Við sérhæfum okkur líka í svokölluðum trainerum frá hollenska merkinu TACX. Þessi tækni hefur þróast hratt á síðustu árum og er orðin mjög vinsæl,“ segir Valur Rafn. „Trainerar eru mjög góðir fyrir þá Íslendinga sem vilja ná langt í hjólreiðum, því stóran hluta ársins hjóla menn á götuhjólum inni. Yfir vetrartímann koma þessar græjur því í góðar þarfir.




CUBE Litening C68 frá 2018, eitt af mörgum vönduðum CUBE hjólum sem fást í TRI VERSLUN.

> Við seljum allar tegundir reiðhjóla frá CUBE, þannig að þetta er góður staður til að koma og kaupa hjól, hvort sem þú ert að leita að barnahjóli, ferðahjóli, götuhjóli eða fjallahjóli.
>
> Valur Rafn

Þú tekur afturdekkið af hjólinu, setur það á trainer, festir iPad eða snjallsíma á stýrið, skráir þig inn í forrit og ferð að hjóla stafrænt,“ útskýrir Valur Rafn. „Þá fer í gang grafískt viðmót sem sýnir þig inni í forritinu með öðrum hjólreiðamönnum í því umhverfi sem þú velur þér að hjóla í. Svo geturðu mætt á æfingar, keppt og safnað stigum til að sanna þig. Þegar þú hefur gert það geturðu síðan fengið nýtt hjól og uppfært það og fatnaðinn þinn og tekið þátt í alls konar keppnum inni í forritinu, eða leiknum, því þetta er í raun eins og tölvuleikur.

Þetta er góð og skemmtileg leið til að æfa og það eru meira að segja til sérstakir atvinnumenn í þessu,“ segir Valur Rafn. „Við vorum ekki alveg vissir með þessa tækni fyrst en hún hefur blómstrað og er nú orðin viðurkennd viðbót við hefðbundna þjálfun sem allir atvinnumenn nýta.“

## Í samstarfi við landsliðið í fótbolta

„Við erum núna að fara af stað með skemmtilegt verkefni í samstarfi við íslenska landsliðið í fótbolta sem tengist heimsmeistaramótinu í næsta mánuði. CUBE hefur unnið svipað verkefni með þýska landsliðinu í fótbolta,“ segir Valur Rafn. „Verkefnið gengur út á að við útvegum íslensku landsliðsmönnunum okkar sérmerkt hjól. Þau verða með sérvalið útlit og merkt hverjum og einum leikmanni. Þetta verður gert í samstarfi við CUBE í Þýskalandi og hjólin verða send þaðan til Rússlands, en þar koma landsliðsmennirnir svo til með að nota þau í sinni þjálfun á milli leikja á mótinu.

Við ætlum svo að taka þetta skrefinu lengra. Okkur langar að sýna samfélagslega ábyrgð og reyna að fá nokkur af þessum hjólum árituð af leikmönnum og starfsmönnum landsliðsins og bjóða hjólin upp,“ segir Valur Rafn. „Við látum svo alla peningana fara til góðgerðarmála og ætlum að biðja landsliðið um að ákveða hvaða málefni verður styrkt. Við erum spenntir fyrir þessu verkefni og hlökkum til að geta hjálpað landsliðsmönnunum okkar með undirbúning sinn fyrir leikina á HM, þó ekki sé nema að litlu leyti.“

Nánari upplýsingar má finna á www.tri.is, undir „TRI VERSLUN“ á Facebook, Instagram og Twitter og í versluninni, sem er á Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík.
TRI VERSLUN , SPORTVER á Akureyri & Vaskur á Egilsstöðum eru samstarfsaðilar.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |


Everyday hálfrennd herra
11.990 kr.
Oasis Crewe síðerma herra
11.990 kr.
Tech Lite stutterma herra
8.990 kr.
Oasis Crewe síðerma dömu
11.990 kr.
Tech Lite stutterma dömu
8.990 kr.
Siren Tank dömu
6.990 kr.
Away hettupeysa dömu
22.990 kr.
icebreaker® MERINO
FluidZo
hálfrennd með hettu
19.990 kr.
Stingur ekki
Náttúruleg vörn gegn bakteríum
Hnökrar
lítið sem
ekkert
Dregur ekki í sig lykt
Saumar sem koma í veg
fyrir núning
Fljótt að þorna
Þarf ekki ullarþvott,
má þvo á 40°
Anatomica boxers herra
5.590 kr.
Shifter
rennd með hettu herra
21.990 kr.
Everyday leggings dömu/herra
9.990 kr.
Oasis
barnasett
10.990 kr.
100% Merino ull
Bolir, húfur, jakkar, sokkar,
vettlingar, leggings, nærföt
Everyday Crewe síðerma herra frá 9.990 kr.
Þú finnur allar
okkar vörur
ásamt ítarlegum
upplýsingum á
www.ggsport.is
KEEN
SANDALAR OG GÖNGUSKÓR
FÆTUR OG TÆR ÖÐLAST NÝTT LÍF Í KEEN
KEEN Venice kvenna
Frá fjöru að fjalli. Frábært grip á
breytilegu undirlagi, sandalarnir
anda vel en eru jafnframt með
lokaða tá sem að verndar tærnar
fyrir hnjaski.
Sólinn nær upp fyrir tærnar.
Léttir en áreiðanlegir.
Stærðir: 35-42
15.990 kr.
KEEN Newport herra
Lokuð tá sem að verndar tærnar fyrir
hnjaski, sólinn nær upp fyrir tærnar.
Gott grip á sóla, hvort sem er á þurru
eða blautu undirlagi. Innleggið mótast
eftir fætinum og veitir góðan stuðning.
Þetta eru sandalar sem að þú getur
notað allan daginn, alla daga,
í nánast hvaða aðstæðum sem er.
Stærðir: 40-48
15.990 kr.
KEEN Oakridge kvenna
lágir og fjölhæfir gönguskór
15.990 kr.
KEEN Oakridge herra
lágir og fjölhæfir gönguskór
15.990 kr.
KEEN Rialto H2 herra
stillanlegt hælband, lokuð tá
21.990 kr.
KEEN Venice II kvenna
stillanlegt hælband, lokuð tá
15.990 kr.
KEEN Galleo kvenna
gönguskór með góðan stuðning
26.990 kr.
KEEN Galleo herra
gönguskór með góðan stuðning
26.990 kr.
Frábærir KEEN barna sandalar
7.690 kr.
Opið virka daga frá 10.00 til 18.00, laugard. frá kl. 11.00 til 15.00
GG•sport
Smiðjuvegur 8, Græn gata
200 Kópvogi, sími: 571 1020
www.ggsport.is
„Finndu okkur
á Facebook"
GG•sport
BÓNUS
BYKO






Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is


Föstudagsfjör
20% afsláttur af öllum stuttermabolum
Cooldesign
verður hjá okkur með pop-up á morgun, föstudag.
Lukkuleikur!
Rita
Lokað í dag
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030


MYND/VIÐAR LOGI KRISTINSSON


Sólveig Dóra Hafsteinsdóttir. MYND/LEIFUR WILBERG

> Við fengum sjö vikur í byrjun þriðja árs til að vinna að verkefninu sem var bæði krefjandi og skemmtilegt.
> Sólveig Dóra Hafsteinsdóttir


Norea Persdotter Wallstrom.


MYND/VIÐAR LOGI KRISTINSSON

# Spennandi tækifæri

**Tveir nemendur fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands hafa verið valdir til að sýna á sérstakri sýningu í Cristóbal Balenciaga safninu á Spáni í júní.**

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Fyrr í vetur tóku nokkrir nemendur fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands þátt í samstarfsverkefni og alþjóðlegri hönnunarkeppni á vegum hins virta Cristóbal Balenciaga safns á Spáni sem heitir í höfuðið á hinum þekkta spænska hönnuði og stofnanda tískuhússins Balenciaga.

Tveimur nemendanna, Sólveigu Dóru Hafsteinsdóttur og Noreu Persdotter Wallstrom, var nýlega tilkynnt að þær hefðu verið valdar til að sýna verk sín á sérstakri sýningu í Balenciaga safninu um miðjan júní ásamt tólf öðrum vinningshöfum frá nokkrum ólíkum listaháskólum víða um heim.

## Mikil upphefð

Sólveig segir valið töluverða upphefð fyrir þær enda tóku nemendur úr mörgum þekktum skólum á sviði fatahönnunar þátt, m.a. Central Saint Martins í London, The Royal Danish Academy of Fine Arts í Kaupmannahöfn, Design and Arts í Ísrael, Seika Kyoto University í Japan og Parsons the New School of Design í New York. „Upphafið má rekja til þess að í lok annars árs var bekknum boðið að taka þátt í keppninni fyrir hönd Listaháskólans. Okkur þótti þetta auðvitað mjög spennandi og virkilega gott tækifæri og þáðum það með þökkum. Við fengum sjö vikur í byrjun þriðja árs til að vinna að verkefninu sem var bæði krefjandi og skemmtilegt.“

## Sýna nokkrar flíkur

Fimm nemendur úr bekknum tóku þátt og sendu möppur sínar út til Spánar sem útskýrðu og sýndu ferli hvers og eins nemanda, lokaútkomu og lokaljósmyndir. Verkefnið ber titilinn „The Revolution of the Silhouette“ og fengu allir skólarnir sjö vikur til að hanna og sauma eitt sett að sögn Noreu. „Hvert sett átti að nýta fagurfræði eða aðferðir Cristobal Balenciaga sem innblástur. Við hönnuðum þrjár flíkur hvor í sett og hlökkum við mikið til að sjá þær á sýningunni í sumar ásamt hinum verkunum. Einnig verður gaman að kynnast hinum nemendunum og mynda tengsl við þá og skólana þeirra.“

# Næstdýrasti kjóllinn í sjónvarpi 2018?

Margar Evrópuþjóðir leggja mikinn metnað í sviðsframkomu í Eurovision-keppninni og kosta miklu til. Hvort það skili söngvurum í lokakeppnina er óvíst en það gerðist þó með eistnesku söngkonuna Elinu Nechayeva. Kjóllinn vakti mikla athygli en hann mun hafa kostað 65 þúsund evrur eða rétt tæpar átta milljónir króna. Elina fór langt yfir kostnaðaráætlun hvað kjólinn varðar og forsvarsmenn sjónvarpsstöðvarinnar ERR í Eistlandi eru ekki par hrifnir af tiltækinu. Mætti í raun segja að örvænting hafi brotist út þegar greint var frá kostnaðinum við kjólinn.

Menn höfðu vonast til að eistneska ríkisstjórnin myndi hlaupa undir bagga og styrkja Elinu og sjónvarpsstöðina en ráðherrar hafa útilokað slíkt. Aðrir möguleikar til fjármögnunar hafa ekki gengið upp. Elina hefur leitað eftir fjárhagsaðstoð hjá kaupsýslumanninum David Pärnametsa en sjónvarpsstöðin er ekki hrifin af þeirri leið. Sem betur fer komst Elina áfram upp úr undanúrslitunum í dýra kjólnum sem mun vera annar dýrasti kjóll sem birtist fólki á skjánum á þessu ári. Hinn er brúðarkjóll Meghan Markle sem mun kosta 400 þúsund sterlingspund eða rúmlega 55 milljónir króna. Eistland hefur einu sinni unnið Eurovision-keppnina en það var árið 2001.



**Það var mikið sjónarspil að horfa á dýra kjólinn hennar Elinu frá Eistlandi.** NORDICPHOTO/GETTY



**Jennifer Lopez var glæsileg í Balmain-kjólnum sínum á Met Gala.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Balmain-kjólar frá Met Gala á uppboði

Fötin frá franska lúxus tískuhúsinu Balmain sem prýddu stjörnur á Met Gala samkomunni síðasta mánudag verða seld á uppboði til að safna fé fyrir góðgerðarsamtökin RED, sem berjast gegn alnæmi í Afríku.

Tískuhúsið Balmain klæddi nokkrar stórar stjörnur fyrir Met Gala samkomuna, einn stærsta tískuviðburð ársins, sem fór fram á mánudagskvöld í New York. Meðal þeirra sem klæddust fatnaði frá Balmain voru Jennifer Lopez, sem sló í gegn í glæsilegum og mikið skreyttum kjól, Natasha Poly, Juliette Binoche, Trevor Noah, Julia Stegner og Natalia Vodianova. Nú verður hægt að eignast föt þeirra allra á uppboðinu.

Það er Olivier Rousteing, hönnunarstjóri Balmain og hönnuður fatanna, sem stendur fyrir uppboðinu. Hugmyndin er að safna fé fyrir góðgerðarsamtökin RED og um leið að vekja athygli á starfi þeirra.

Lágmarksboð í kjól Jennifer Lopez er um 693 þúsund krónur og ódýrasta flíkin fer fyrir um 208 þúsund krónur að lágmarki, svo uppboðið á væntanlega eftir að skila ágætis upphæð til þessa góða málefnis. Uppboðið stendur yfir til 21. maí og er að finna á vefsíðunni ifonly.com.

## Retro London

Stórborgin London býður upp á fjölmargar verslanir sem selja notuð föt. Þær vinsælustu njóta mikilla vinsælda hjá ólíkum hópum á öllum aldri allan ársins hring enda hafa þær margar verið starfræktar í mjög langan tíma.

Ein sú lífseigasta og vinsælasta er verslunin Beyond Retro sem er á fjórum stöðum í borginni og raunar líka í nokkrum borgum í Svíþjóð.

Í rúmlega áratug hafa þær boðið upp á mikið úrval af alls konar retro fatnaði fyrir konur og karla auk úrvals fylgihluta á borð við sólgleraugu, töskur, skartgripi, hatta, bindi og belti.

Allar vörur í verslunum Beyond Retro eru keyptar hjá góðgerðarsamtökum, sem hafa fengið þau gefins, eða af endurvinnslustöðvum. Þessi endurvinnsla er því um leið ein af mikilvægum tekjulindum viðkomandi góðgerðarsamtaka.

Tónleikar og listasýningar eru auk þess reglulega haldnar í verslunum Beyond Retro og því er óhætt að mæla með heimsókn þangað.

**Nánar á beyondretro.com.**




Stelpur Strákar

# Sumarnámskeið

## Tilvalin til að kynna sér dansnám hjá JSB

JAZZBALLETT FYRIR 6 – 8 ÁRA, 9 – 11 ÁRA OG 12 – 14 ÁRA

**Tímabil: 28. maí – 20. júní.**

4 vikna námskeið 2x í viku á mánudögum og miðvikudögum.

60 mín. tímar fyrir 6 – 8 ára kl. 17:30, 9 – 11 ára kl. 16:30, 12 – 14 ára kl. 15:30.

Verð: 14.000 kr.

JAZZ, KLASSÍSKUR BALLETT OG NÚTÍMADANS

**Tímabil: 8. – 17. ágúst.**

Krefjandi dansnámskeið fyrir framhaldsnemendur 14 ára og eldri.

Tilvalin til að koma sér af stað eftir sumarfrí.

2x 90 mín. kennslustundir á dag.



DANS – & LEIKJANÁMSKEIÐ FYRIR 3 – 5 ÁRA

**Dans, leik- og sköpunargleði í fyrirrúmi.**

**Tímabil: 29. maí – 21. júní.**

4 vikna námskeið 1x í viku á þriðjudögum eða fimmtudögum.

45 mín. tímar kl. 16:45 eða 17:30. Verð: 9.500 kr.

**Nánari upplýsingar á www.jsb.is**

**Skráning hafin í síma 5813730 og á jsb.felog.is**

Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar

**Viltu gerast vinur JSB?**
Danslistarskóli JSB er á facebook

JSB DANSLISTARSKÓLI

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR / HNOTSKÓGUR

# Einföld en ýkt augnförðun og bjartir litir ríkjandi

Erna Hörn Davíðsdóttir förðunarfræðingur segir bláa, túrkís og appelsínugula liti áberandi í augnförðuninni í sumar og ljósir, bleikir og brúnir tónar verða vinsælir í varalitum. Kinnalitirnir koma í ferskjulitum og farðinn verður léttur og gefur húðinni ljómandi og náttúrulegt útlit.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Erna Hörn Davíðsdóttir útskrifaðist sem förðunarfræðingur frá MASK Makeup & Airbrush Academy á síðasta ári. Hún hefur lengi haft áhuga á förðun og var ákveðin í að læra fagið þegar hún hefði lokið stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Sund. „Ég veit ekkert skemmtilegra en að mála, hvort sem það er andlit eða á blaði,“ segir Erna Hörn brosandi en hún vinnur hjá Urban Decay á Íslandi við sitt fag.

„Núna er í tísku að vera með einfalda en ýkta augnförðun og aðallitirnir eru bláir, túrkís og appelsínugulir tónar. Svo er alltaf klassískt að nota brúna og bronsaða liti. Varalitirnir verða í ljósum, bleikum og brúnum tónum og svo er flott að vera með bjarta liti yfir sumarið, eins og órans og ferskjuliti. Þá verða kinnalitir í ferskjulitum áberandi en þeir gefa frísklegt útlit,“ segir Erna Hörn, sem fylgist vel með nýjum straumum í förðun.

## Ljómandi húð

Andlitsfarði, eða meik, verður í léttari kantinum í sumar og áhersla lögð á ljómandi og náttúrulegt útlit húðarinnar, að sögn Ernu Harnar. Þá detta mattir varalitir út og í staðinn koma glansandi varagloss. „Sólarpúður er alltaf vinsælt og ég mæli klárlega með að nota það til að fá ferskt útlit. Brúnkukrem eru líka vinsæl, enda eru Íslendingar alltaf að leitast eftir því að vera brúnir og ferskir. Hins vegar má alls ekki gleyma að vernda húðina fyrir sólinni með góðri sólarvörn,“ segir hún.

Til að fá frísklegt og náttúrulegt útlit mælir Erna Hörn með að nota góðan rakagrunn og bera síðan andlitsfarða á húðina. „Mér finnst fallegt að draga sólarpúður niður með kinnbeinunum og jafnvel



Erna Hörn lét drauminn rætast og lærði förðun. MYNDIR/ERNIR



Erna Hörn segir nauðsynlegt að eiga gott rakakrem í snyrtiveskinu, léttan farða, hyljara, litlaust púður, sólarpúður, kinnalit og góðan maskara. Þá eru góðir burstar mikið þarfaþing. Svo er gott að eiga augnskuggapallettu.

setja aðeins á nefið og augnlokin. Það kemur vel út að setja síðan kinnalit á kinnarnar og draga hann upp með kinnbeinunum.“

## Grunnur að dagförðun

Hver er grunnurinn að góðri dagförðun, skref fyrir skref? „Ég byrja alltaf á að setja á mig Instant Moisture Glow frá YSL til að veita húðinni góðan raka. Svo set ég one & done, léttan farða frá Urban Decay, yfir andlitið með þéttum farðabursta og síðan Naked skin hyljara undir augun. Ég nota rakan svamp til að blanda öllu vel saman. Því næst set ég Illuminizer púður yfir húðina til að fá góðan ljóma og „setja“ hyljarann. Síðan nota ég skyggingu og gef húðinni lit með sólarpúðri, fríska hana upp með kinnalit og set highlighter á kinnbeinin, í augnkrókinn, aðeins á nefið og á efri vörina. Ég fylli oft aðeins inn í augabrúnirnar með dip brow frá Anastasia Beverly Hills og „festi“ þær með augnbrúnageli frá Benefit. Ég set oft örlítið af ljósbrúnum augnskugga neðst á augnlokin og blanda honum upp. Loks bretti ég augnhárin og ber Helena Rubinstein CC maskarann á þau.“

## Gott rakakrem nauðsynlegt

Erna Hörn segir nauðsynlegt að eiga gott rakakrem í snyrtiveskinu, léttan farða, hyljara og litlaust púður. „Það er líka gott að eiga sólarpúður og kinnalit og einnig góðan maskara. Góður farðabursti er nauðsynlegur en það er líka gott að eiga sérstakan bursta fyrir púður, einn flatan augnskuggabursta og einn blöndunarbursta. Svo er líka alltaf gott að eiga eins og eina fallega augnskuggapallettu.“

Þegar Erna Hörn er spurð hvaðan hún fái hugmyndir að flottri förðun segist hún leita að innblæstri á Pinterest og Instagram. „Ég er búin að koma mér upp góðu safni af hugmyndum að flottri förðun. Ég fylgist mest með fólki á Instagram, eins og t.d. Lindu Hallberg, Makeup by Mario, sem er förðunarfræðingur Kim Kardashian, Karen Sarahii, Manny mua, Kylie Jenner og svo miklu fleirum. Í mesta uppáhaldi hjá mér eru kelseyannaf og dausell á Instagram.“

Viltu verða rekstrarfulltrúi?
Nýtt tækifæri fyrir þig!
Hagnýt viðskipta- og fjármálagreinabraut

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

- Er langt síðan þú varst í skóla?
- Hefur þig lengi langað að drífa þig í nám en ekki þorað?
- Áttu slæmar minningar frá fyrri skólagöngu?

Vel menntaðir og áhugasamir kennarar, góð aðstaða, mikil reynsla og afslappað andrúmsloft. Þessi braut veitir mörg tækifæri á vinnumarkaði og til frekara náms. Hagnýt viðskipta- og fjármálagreinabraut er þriggja anna braut með tengingu við vinnustaði. Aðaláhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar. Í lok námsins fá nemendur diploma sem rekstrarfulltrúi. Kennsla hefst í ágúst 2018.

Nánari upplýsingar gefur Inga Karlsdóttir, fagstjóri í síma 594 4000/8244114 eða inga.karlsdottir@mk.is

# Út að hjóla

FIMMTUDAGUR 10. MAÍ 2018

**Kynningar:** WOW air, Ellingsen, Sjóvá



Hjólreiðar eru stór hluti af lífi Guðnýjar Arngrímsdóttur (t.v.) og hjónanna Björns Bjarnasonar og Auðar Jóhannsdóttur. Saman hafa þau hjólað víða um Evrópu og Ísland á undanförnum árum.

## Njóta lífsins á hjólunum

Hjónin Auður Jóhannsdóttir og Björn Bjarnason eyða stórum hluta frítíma síns hjólandi innanlands og erlendis og þá gjarnan með vinkonu sinni Guðnýju Arngrímsdóttur. Þau fóru í langa hjólaferð til Spánar fyrr í vetur og eru nú að undarbúa spennandi hjólasumar.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@frettabladid.is



Hjólreiðaferðir innanlands og erlendis hafa lengi verið stór hluti af lífi hjónanna Auðar Jóhannsdóttur og Björns Bjarnasonar, ásamt vinkonu þeirra Guðnýju Arngrímsdóttur. Hjónin kynntust Guðnýju í Fjallahjólaklúbbnum fyrir nokkrum árum og síðan hafa þremenningarnir hjólað saman um Vestfirðina og farið í nokkrar vel heppnaðar ferðir til í Evrópu, bæði þrjú saman og í stærri hópi. Meðal landa sem þau hafa heimsótt eru Danmörk, Svíþjóð, England, Skotland og Írland. Síðast hélt hópurinn til Spánar fyrr í vetur þar sem hjólað var meðfram Miðjarðarhafinu, frá Alicante til Barcelona.

Öll eiga þau nokkurra ára hjólaferil að baki. Auður og Björn tóku upp þráðinn árið 2012 eftir langt hlé að eigin sögn, einfaldlega til að komast í betra form. „Áður höfðum við notað hjól sem samgöngutæki og vissum því að það ætti vel við okkur. Við höfum aldrei farið í keppnisgírinn en fórum fljótt að ferðast á hjóli og eru sumarleyfin okkar nýtt eins og færi gefst til að skoða heiminn á hjólunum," segir Auður.

Guðný keypti hjól árið 1997 og segist hafa hjólað mismikið næstu árin. „Fimm til sex árum síðar keypti ég hjólafestingar á toppinn á bílnum. Þær voru ekki algengar á þeim tíma og vöktu oft mikla athygli á ferðalögum um landið. Síðan þá hefur hjólið fengið að ferðast með í flestar útilegur og ferðalög innanlands. Árið 2013 fór ég í Þórsmerkurferð með Fjallahjólaklúbbnum sem var mikið ævintýri. Síðan hef ég farið í margar hjólaferðir innan lands og utan og er hver ferð nýtt ævintýri."

### Skipuleggja allt sjálf

Þau segjast skipuleggja allar ferðir sínar sjálf en eðlilega sé nokkur munur á því að undirbúa hjólaferð innanlands og í útlöndum. „Nánast



Vígaleg hjólin með tilheyrandi búnaði í sól og blíðu við ströndina í Altea á Spáni.



QWIC ...margverðlaunuð hollensk rafmagnshjól
rafmagnshjól.is // Fiskislóð 45 // S. 534 6600

HJÓLAÆFINGAR
fyrir almenning í vor og sumar




BYRJAR 8. 5. 2018
STAÐSETNING FRÁ KÓPAVOGSLAUG
VERÐ 16.990 kr.
ÆFINGATÍMAR ÞRIÐJUDAGA kl. 18:00
FIMMTUDAGA kl. 18:00
SUNNUDAGA kl. 09:30

Skráning á breidablik.felog.is
Fyrirspurning á facebook.com/breidablikhjol

HJÓLREIÐADEILD BREIÐABLIKS BREIÐABLIK

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?
Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ IS Job.is





Við komuna til Tarragona. Á þessum tímapunkti voru rúmlega 100 km eftir til Barcelona.




Vinirnir hjóluðu um Vestfirði á sínum tíma og fengu oft gott veður. Hér eru þau við Þingeyri.

allar okkar ferðir í útlöndum hafa verið á svæðum sem við höfum ekki ferðast um áður og því reynir á skipulagningu. Við höfum hjólað eftir Eurovelo-hjólaleiðum en einnig farið eigin leiðir. Val á áfangastöðum ræðst auðvitað af áhuga okkar en möguleikar á flugi hafa líka áhrif þar sem við hjólum yfirleitt frá A til B. Við tökum síðan alltaf eigin hjól með í ferðir," segir Björn.

Netið býr yfir miklum fróðleik varðandi hjólaleiðir, tjaldsvæði og eftir smá æfingu er einfalt að finna upplýsingar að þeirra sögn. „Það er líka mikilvægt að geta lesið úr kortum og kunna á GPS-tækið sitt. Það er auðvelt að villast á nýjum slóðum og við höfum alveg villst. Auðvitað eru ákveðin ævintýri fólgin í því en gott að hafa slík ævintýri í hófi því vegalengdir geta lengst verulega fyrir vikið."

## Á fáförnum slóðum

Ferðin til Spánar í vetur var öðruvísi en fyrri ferðir. Áður höfðu þau gist á tjaldsvæðum án þess að bóka gistingu og látið ráðast hvað þau hjóluðu langt á hverjum degi og fundið tjaldsvæði í lok hvers dags. „Í nóvember er búið að loka flestum tjaldsvæðum á Spáni og því urðum við að panta gistingu á hótelum fyrir fram sem var nýtt fyrir okkur. Við skipulögðum leiðina gróflega milli gististaða og voru dagleiðir frá 65 til 85 km á dag."

> **Val á áfangastöðum ræðst auðvitað af áhuga okkar en möguleikar á flugi hafa líka áhrif þar sem við hjólum yfirleitt frá A til B.**
>
> Björn Bjarnason

Áherslan var lögð á að fylgja ströndinni eins og hægt var og hjóla sem minnst á þjóðvegum. „Það kom okkur á óvart hversu fljótt við vorum komin á svæði þar sem engir ferðamenn voru og fáir töluðu ensku. Við kunnum varla orð í spænsku svo það var nokkur áskorun fyrir okkur en á sama tíma góð upplifun. Okkur tókst merkilega vel að eiga í samskiptum en maturinn sem við fengum á diskinn kom stundum á óvart."

## Hjólavænt land

Þau segja Spán mjög hjólavænt land þar sem tillitssemi við hjólafólk er mikil. „Reglulega má t.d. sjá skilti þar sem minnt er á að hafa 1,5 metra bil milli ökutækja og hjólreiðafólks. Flutningabílstjórarnir á þjóðvegunum hægðu margir ferðina, veifuðu og flautuðu og færðu okkur jafnvel ávexti."

Þar sem þau voru á ferðinni í fyrri part nóvember var kaldara á morgnana og kvöldin en þau áttu von á. „Við hefðum viljað hafa fleiri ullarföt með því 10°C eru mun kaldari á Spáni en á Íslandi. Við hjóluðum rúmlega 600 km á níu hjóladögum og tókum hvíldardaga í helstu borgum á leiðinni, t.d. í Valencia, Tarragona, Sitges og auðvitað í Barcelona. Þá daga hvíldum við hjólin og gengum um. Við náðum að rölta 80 km á tveimur jafnfljótum í ferðinni. Þessar borgir voru hver annarri fallegri og gaman að skoða þær en gamli borgarhlutinn í Valencia stendur þó upp úr."

## Gott sumar í vændum

Þessa daga njóta þau lífsins á Spáni þar sem þau dvelja í fríi með fjölskyldum sínum og að sjálfsögðu er verið að leggja lokadrög að hjólaplani sumarsins. „Við ætlum að byrja ferðasumarið á að hjóla í Þórsmörk með Hjólarækt Útivistar. Í byrjun júní ætlum við að bjóða upp á létta hjólaferð með farangur um Reykjanes á vegum Fjallahjólaklúbbsins. Sumarleyfinu verður að sjálfsögðu eytt í hjólaferð erlendis en við ætlum að fljúga til Billund í Danmörku og hjóla þaðan til Amsterdam í Hollandi. Við hlökkum mikið til og að sjálfsögðu verður tjaldið með í för. Við munum að öðru leyti nýta hvert tækifæri í sumar til að vera úti og njóta lífsins og helst á hjólinu."

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: frettabladid.is


BLUE LAGOON
CHALLENGE
Taktu þátt í stærstu
fjallahjólakeppni Íslands
Laugardaginn 9. júní, 2018
Skráning á bluelagoonchallenge.is
BLUE LAGOON
ICELAND

# Slysið hefur eflt KIA Gullhringinn

Alvarlegt slys stöðvaði stærstu götuhjólakeppni landsins í fyrra. Einar Bárðarson, eigandi keppninnar, segir tímann á eftir hafa verið helvíti sem tók tíma að vinna úr.



Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Einar Bárðarson, eigandi KIA Gullhringsins, segir slysið í fyrra hafa breytt öryggisstöðlum allra keppna á landinu. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Einar Bárðarson athafnamaður dróst inn í hjólreiðasportið fyrir tilviljun þegar Logi Geirsson einkaþjálfari sendi hann út að hjóla sér til heilsubótar. Áður en hann vissi af var hann kominn í keppnislið.

„Eitt af því sem mig langaði að prófa var að hjóla Reykjanesbrautina endanna á milli og þegar ég réðst í það var eftir því tekið. Í kjölfarið komu þeir Hafsteinn Ægir Geirsson, margfaldur Íslandsmeistari, og Pétur Þór Ragnarsson sem þá var á kafi í sportinu og buðu mér að vera með þeim í liði í Bláalónsþrautinni,“ segir Einar. „Mér fannst það galin hugmynd en þess vegna sló ég til. Svo hjólaði ég með þeim, algjörlega óreyndur, þessa erfiðu braut og við lentum í öðru sæti í liðakeppninni. Þá varð ekki aftur snúið.“

Hugmyndin að KIA Gullhringnum kviknaði í framhaldinu og fór fyrsta keppnin fram í lok sumars 2012. Um 90 keppendur tóku þátt. Árið 2015 voru keppendur orðnir um 800 talsins.

### Stærsta hópslys greinarinnar

Í fyrra varð alvarlegt slys í keppninni þegar keppandinn Hörður Ragnarsson fór með framdekk ofan í rauf á rimlahliði við Brúará og kastaðist átta metra. Þetta leit illa út en auk Harðar slasaðist fjöldi annarra keppenda sem féllu hver um annan þveran á miklum hraða. Einar segir hræðilega óvissu hafa einkennt fyrstu klukkutímana eftir slysið.

„Ég hugsa til þessa kvölds með blendnum tilfinningum. Ég er stoltur af viðbragðsaðilum okkar og hversu fljótt allt teymið var komið á slysstað og hugsa með þakklæti til keppendanna sem biðu fyrir aftan hina slösuðu úti í vegkanti. Keppendur sýndu ótrúlega yfirvegun og æðruleysi í aðstæðum sem enginn þeirra hafði staðið frammi fyrir áður,“ segir Einar.

### Taldi keppandann af

„Þetta leit svo illa út fyrstu klukkutímana eftir slysið. Ég var farinn að búa mig undir að Höddi væri hreinlega ekki á lífi. Það bjartasta sem ég leyfði mér að vona var að hann væri á lífi en yrði að glíma við varanleg meiðsl og fötlun,“ segir Einar. Meiðsl Harðar reyndust sem betur fer minni en útlit var fyrir í fyrstu.

Einar segir slysið hafa lagst þungt á hann sjálfan sem ábyrgðaraðila keppninnar. Eftir slysið setti hann sig í samband við þá sem slösuðust. „Það var auðvitað erfitt en mikilvægt að hitta þau og fá þeirra sýn. Allir hafa náð sér betur en maður þorði að vona en ég get ekki ímyndað mér að bataferlið andlega og líkamlega hafi verið auðvelt.“

### Vaknaði upp um nætur

„Það er ekki hægt að fara í gegnum svona án sjálfsásakana og annarra hugsana sem ég varla kann að nefna. Í marga mánuði vaknaði ég upp um nætur með andköfum og fannst fólk enn þá liggja slasað á vettvangi og að allt væri óleyst,“ segir Einar. Hann fékk síðar staðfest af sérfræðingi að hann þjáðist af áfallastreituröskun. „Ég gaf mér bara ekki leyfi til að huga að þeim þætti fyrr en kannski alltof seint. Hugur minn var hjá þeim sem slösuðust og framtíð keppninnar.“ Hann hafi íhugað að slá keppnina alfarið af en snerist hugur.

### Endurskipulagði keppnina

„Áhrifafólk í greininni vildi meina að það hefði neikvæð áhrif á hjólreiðasportið í heild ef þessi keppni hætti. Læra þyrfti af atvikinu og efla keppnishald enn frekar. Ég ákvað að taka þeirri áskorun,“ segir Einar. „Við endurskoðuðum keppnina frá A til Ö. Við fengum Ólaf Guðmundsson, tæknistjóra EuroRAP/FÍB, á Íslandi sem óháðan aðila til að taka út allar leiðirnar. Þá erum við í góðu samstarfi við Vegagerðina og lögregluna og munum í ár loka leiðum á svæðinu. Þá köllum við breiðari hóp stjórnenda inn í mótið. Búið er að keyra allar leiðirnar og mynda í HD-gæðum. Vegagerðin fer yfir það með okkur og eftir nauðsynlegar úrbætur verða leiðirnar myndaðar aftur og settar á netið. Þá geta keppendur kynnt sér aðstæður,“ segir Einar. Hann finni fyrir jákvæðu viðhorfi til keppninnar.

„Ég vissi ekkert hvernig þessu yrði tekið í ár en ég finn fyrir miklum velvilja og skráningarnar eru síst færri en á sama tíma í fyrra. Þetta slys hefur bætt öryggiskúltúr í allri greininni og aðstandendur allra keppna hafa tekið allt til endurskoðunar hjá sér. Það er aldrei hægt að koma í veg fyrir slys en það er hægt að ganga þannig frá hlutum að þeir sem hjóla geti verið vissir um að brugðist verði við verstu aðstæðum, komi þær upp, hratt og örugglega.“




KIA Í SAMVINNU VIÐ FONTANA KYNNIR
ALVÖRU ÁSKORUN
KIA GULL HRINGURINN
7. JÚLÍ 2018
KEPPNI HEFST KL. 18. SKRÁÐU ÞIG NÚNA!
BRONS HRINGUR 48 KM
SILFUR HRINGUR 65 KM
GULL HRINGUR 106 KM
KIA
KIA GULL HRINGURINN
Kiagullhringurinn
Kiagullhringurinn
#kiagull
www.kiagullhringurinn.is
CINTAMANI
COMPRESSPORT
GARMIN
POWERADE
nettó

# Bæði hægt að þjóta og njóta

**WOW Cyclothon fer fram í lok júní en skráningu lýkur 31. maí. Þetta er stærsta götuhjólreiðakeppni landsins, mikill fjöldi þátttakenda ár hvert og einstök stemming og gleði. Þá gefst aðdáendum hjólreiðafólksins kostur á að heita á þátttakendur og renna áheitin óskipt til góðs málefnis.**

WOW Cyclothon er stærsta götuhjólreiðakeppni á Íslandi og hefur hún verið haldin árlega frá 2012. Hjólað er hringinn í kringum Ísland með boðsveitarformi þar sem liðsfélagar skipta á milli sín kílómetrunum 1.358. Einnig er í boði að hjóla í sólóflokki en þá hjólar einn keppandi alla kílómetrana. Björk Kristjánsdóttir er keppnisstjóri. „Þetta er einstakur viðburður og tækifæri til að upplifa eitthvað alveg nýtt,“ segir Björk sem sjálf hefur tekið þátt tvisvar sem keppandi og einu sinni sem starfsmaður. „Það er svo mikill liðsandi og skemmtileg stemming og þú kynnist liðsfélögunum þínum á alveg nýjan hátt. Þetta er nokkuð sem fólk gleymir aldrei.“ Hún segir líka gaman að vera á hliðarlínunni. „Svo er líka gaman að fylgjast með fólki ná sínum markmiðum og hvað það er mikil gleði og skemmtun í kringum þetta.“

Þá má ekki gleyma því að keppendur í WOW Cyclothon keppa ekki einungis um að verða fyrstir í mark heldur fer fram keppni í áheitasöfnun þeirra á milli þar sem liðin leitast við að ná sem flestum áheitum til styrktar því málefni sem keppnin styrkir ár hvert.



Björk Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri WOW Cyclothon, hvetur alla til að skrá sig enda er hjólaþonið eitt það skemmtilegasta sem hún hefur gert. MYND/ERNIR

Keppnin hefst stundvíslega þann 26. júní með því að einstaklingar og Hjólakraftur, lið barna og ungmenna, eru ræst klukkan sex um kvöldið. „Daginn eftir ræsum við svo A- og B-hópana en munurinn á þeim er einna helst fjöldi þátttakenda í hvoru liði,“ segir Björk og bætir við að forsendur liðanna séu oft mjög ólíkar. Sumir líti á keppnina sem aðalatriðið en liðin séu svo oftar en ekki að hjóla af tómri ánægju og líti jafnvel á keppnina frekar sem hvataferð en keppni.

Hún segir enga ástæðu til að hafa of miklar áhyggjur af forminu en þó þarf auðvitað að gera sér grein fyrir því hvað verið er að fara út í. „Fólk er í alls konar formi. Þau sem eru í betra formi og betur undirbúin eru líklegri til að hjóla hratt og ná góðum tíma en svo er megnið af fólkinu að gera þetta af öðrum ástæðum, vill safna fyrir gott málefni, lítur á þetta sem persónulega áskorun eða langar bara í skemmtilega hjólaferð í góðra vina hópi. Sumir vilja bara taka þetta á sínum hraða, stoppa jafnvel í Jarðböðunum og njóta á meðan aðrir vilja þjóta,“ segir Björk brosandi og heldur áfram:

„Ég mæli eindregið með því að taka þátt. Ég hef farið í tíu manna liði, og svo fjögurra manna liði og hef prófað ýmsar útgáfur. Svo er líka gaman að vera í stjórnstöðinni, taka á móti ábendingum, og bregðast við því sem kemur upp á. Í fyrra var leiðinlegt veður og við þurftum að bregðast við því. Og það er gaman að bregðast við áskorunum, það er hluti af því að taka þátt.“

Í fyrra voru yfir hundrað lið skráð í keppni og hátt í 1.300 keppendur alls. Skráningu fyrir WOW Cyclothon í ár lýkur 31. maí næstkomandi.

# Hjól fyrir alla fjölskylduna

**Hjá Ellingsen er breitt úrval af hjólum frá hinu þekkta reiðhjólamerki MERIDA, eða allt frá vönduðum barnahjólum og upp í hágæðakeppnishjól, að sögn Finnboga Llorens innkaupastjóra.**

Í hvað á að nota hjólið? Þetta er fyrsta spurningin sem þarf að svara áður en fjárfest er í nýju hjóli. Undanfarin ár hefur orðið algjör sprenging í hjólreiðum og hægt að velja um margar gerðir af hjólum sem eru sniðnar að þörfum hvers og eins. Við hjá Ellingsen erum með breitt úrval af hjólum frá hinu þekkta hjólreiðamerki MERIDA til að koma til móts við sem flesta, eða allt frá vönduðum barnahjólum og upp í hágæðakeppnishjól,“ segir Finnbogi Llorens, innkaupastjóri hjá Ellingsen.



Hjá Ellingsen fást barnahjól, blendingshjól sem eru nær fjallahjólum og henta vel fyrir snúninga innanbæjar, klassísk borgarhjól sem alltaf eru vinsæl og einnig Cyclocross-hjól sem hafa alveg slegið í gegn. Ellingsen er með hjólreiðaverkstæði þar sem hægt er að fara yfir hjólin fyrir sumarið.



„Í hvað á að nota hjólið? Þetta er fyrsta spurningin sem þarf að svara áður en fjárfest er í nýju hjóli,“ segir Finnbogi, innkaupastjóri hjá útivistarversluninni Ellingsen.

### Breitt úrval af hjólum

Ellingsen er mörgum að góðu kunn sem útivistarverslun fyrir alla fjölskylduna og segir Finnbogi að úrvalið af hjólum endurspegli það. „Hjá okkur fást barnahjól, blendingshjól sem eru nær fjallahjólum og henta vel fyrir snúninga innanbæjar, klassísk borgarhjól sem alltaf eru vinsæl og einnig Cyclocross-hjól sem hafa alveg slegið í gegn,“ segir Finnbogi. „Þegar fólk stundar hjólreiðar af kappi vill það gjarnan eiga fleiri en eitt hjól og leitin að hinu eina sanna hjóli getur verið snúin,“ bætir hann við.

### Mikilvægt að vanda valið

Finnbogi segir sífellt fleiri kjósa að hjóla allra sinna ferða og þess vegna sé mikilvægt að vanda valið þegar nýtt hjól er keypt. „Margir hjóla í vinnuna, aðrir nota hjól til að stunda útivist eða líkamsrækt, sumir keppa í hjólreiðum og svo er fjallahjólasportið að verða sífellt vinsælla. Við uppfyllum þarfir allra hjólreiðahópa, enda hefur MERIDA það að kjörorði að bjóða upp á hjól fyrir alla,“ segir Finnbogi.

> **Það er hægt að koma með hjólin til okkar og láta fara yfir þau, stilla gírana og annað sem þarf til að þau séu ávallt í toppstandi.**
>
> Finnbogi Llorens

MERIDA hjólamerkið stendur á traustum grunni og er eitt af stóru hjólamerkjunum í dag. „Hjólin frá MERIDA fást í sjötíu og sjö löndum, enda eru þetta gæðahjól. Þau eru hönnuð, þróuð og prófuð í Þýskalandi en framleidd í Taívan,“ segir Finnbogi.

### Reiðhjólaverkstæði Ellingsen

Hjá Ellingsen er einnig reiðhjólaverkstæði þar sem öllu viðhaldi og viðgerðum á MERIDA hjólum er sinnt. „Það er hægt að koma með hjólin til okkar og láta fara yfir þau, stilla gírana og annað sem þarf til að þau séu ávallt í toppstandi,“ segir Finnbogi.

Hjá Ellingsen fást einnig allir helstu aukahlutir fyrir hjólreiðar, svo sem hjálmar, ljós og annar hjólabúnaður. „Ellingsen er líka með netverslun, www.ellingsen.is, og við bjóðum upp á fría heimsendingarþjónustu um allt land,“ segir Finnbogi.

Ellingsen, Fiskislóð 1, 101 Reykjavík. Sími 580-8500. Nánari upplýsingar á www.ellingsen.is



MERIDA CROSSWAY
10-V GENT 2018

VERÐ 69.990.-



MERIDA CROSSWAY
10-V LADY 2018

VERÐ 69.990.-



MERIDA CROSSWAY 100
GENT 2018

VERÐ 114.990.-



MERIDA CROSSWAY 100
LADY 2018

VERÐ 114.990.-

# HJÓLASUMARIÐ HEFST Í ELLINGSEN



MERIDA MATTS 15
MD 2018

VERÐ 299.990.-



MERIDA JULIET 15
MD RASBERRY 2018

VERÐ 79.990.-



MERIDA MATTS J24
2018 BOY

VERÐ 69.990.-



MERIDA MATTS
J24 2018 GIRL

VERÐ 69.990.-



MERIDA TWENTY 7
FULLD27 ONE – 600 2018

VERÐ 79.990.-



MERIDA CYCLOCROSS
400 2018

VERÐ 199.990.-



MERIDA CLASSIC
HALLINDAL 7 LADY RED

VERÐ 99.990.-



MERIDA CLASSIC
KRAKEROY 7 LADY BLACK

VERÐ 99.990.-



MERIDA
BELLA-DINO "16

VERÐ 29.990.-



MERIDA
DINO-BELLA "20

VERÐ 44.990.-



MERIDA
DINO-BELLA "12

VERÐ 24.990.-

Verð birt með fyrirvara um prentvillur

# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

**WWW.ELLINGSEN.IS**

# Tryggingar hjólreiðafólks

## Hjólreiðafólki hefur fjölgað mikið á undanförnum árum. Mikilvægt er að þeir sem hjóla gangi úr skugga um að þeir séu með fullnægjandi tryggingar fyrir sig og búnað sinn.

Vigfús M. Vigfússon, vörustjóri persónutrygginga hjá Sjóvá, hvetur hjólreiðafólk til að fara vel yfir tryggingar sínar enda sé að ýmsu að huga þar.

„Það fara sífellt fleiri ferða sinna á hjóli og stunda jafnvel hjólreiðar sem líkamsrækt, sem er afar ánægjulegt. Því miður hefur slysum á hjólreiðafólki hins vegar fjölgað samhliða þessu, sem undirstrikar mikilvægi þess að við hugum vel að öryggismálum og tryggingum," segir Vigfús.

Fjölskylduvernd Sjóvár inniheldur meðal annars innbústrygginu, slysatrygginu í frítíma og ábyrgðartryggingu. „Fjölskylduvernd er afbragðs trygging fyrir alla almenna hjólreiðamenn, " upplýsir Vigfús. „Hún felur í sér tryggingu á reiðhjólum, ásamt slysatryggingu fyrir hjólreiðamanninn og ábyrgðartryggingu ef hann veldur öðrum tjóni. "

### Hægt að sértryggja dýrari hjól

„Sjóvá býður upp á þrjár útfærslur af Fjölskylduvernd og eru hámarksbætur vegna reiðhjóla þá mismunandi háar eftir því hvað fólk tekur víðtæka tryggingu," útskýrir Vigfús. „Við mælum með að þeir sem eiga dýrari hjól og búnað kaupi Reiðhjólatrygginguu sem tekur mið af verðmæti búnaðarins." Vigfús segir að Reiðahjólatryggingin henti einnig þeim sem taka hjólin með sér til útlanda.

### Afreksíþróttir og jaðarsport

Keppnisíþróttir voru lengi vel undanskildar í slysatryggingu í frítíma en Vigfús segir þetta hafa breyst í samræmi við breytta hegðun almennings.

„Þátttaka í hvers kyns keppnum er orðin mun algengari en áður var, sama hvort um er að ræða hlaup í maraþoni eða þátttöku í hjólreiðakeppni. Við breyttum því skilmálum Fjölskylduverndar þannig að nú eru almennir þátttakendur tryggðir í keppnum."



Vigfús M. Vigfússon er vörustjóri persónutrygginga hjá Sjóvá. MYND/ERNIR

> Þátttaka í keppnum er orðin algengari en áður var og því breyttum við skilmálum Fjölskylduverndar og tryggjum nú almenna þátttakendur í keppnum.

Afreksfólk þarf hins vegar að tryggja sig sérstaklega, með hliðsjón af iðkun hvers og eins.

„Það sama má segja um þá sem stunda jaðaríþróttir, eins og fjallahjólreiðar utan skilgreindra vega. Þeir geta tryggt sig sérstaklega. Þannig endurspeglar Fjölskylduverndin hegðun hins almenna hjólreiðamanns og slysatrygging þeirra sem stunda jaðaríþróttir eða keppnisíþróttir tekur mið af þeirra iðkun. Hjólreiðafólk getur þannig verið tryggt fyrir því ef það slasast eða verður fyrir tímabundnu eða varanlegu starfsorkutapi, sama hvernig hjólreiðar það stundar," útskýrir Vigfús.

Á sama hátt þurfa þeir sem fara til útlanda til að hjóla, ýmist til að keppa eða sér til yndisauka, að huga sérstaklega að slysatryggingum.

„Það þarf að skoða hversu víðtækar slysatryggingar maður er með, hvar þær gilda í heiminum og hversu lengi. Þá er líka mikilvægt að vera með ferðatryggingar sem greiða kostnað vegna læknisaðstoðar erlendis og kynna sér hversu víðtækar kortatryggingarnar eru."

### Ábyrgð hjólreiðafólks

Vigfús vekur athygli á að hjólreiðafólk geti einnig valdið öðrum tjóni.

**Í dag undanskilur slysatrygging í frítíma í Fjölskylduvernd slys sem vátryggðir 16 ára og eldri verða fyrir í keppni eða við æfingar fyrir keppni í afreksíþróttum. Með afreksíþróttum er hér átt við einstaklings- og liðsíþróttir, sem æfðar eru reglulega undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga og samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi.**

**Tryggingin nær þannig til almenningsþátttöku í æfingum og keppni í golfi, götuhjólreiðum og víðavangs- eða götuhlaupi svo og öðrum íþróttum þar sem almenningi gefst kostur á þátttöku án sérstakra skilyrða.**

**Þeir sem iðka íþróttir sér til ánægju og heilsubótar og keppa í þeim af og til þurfa því ekki að slysatryggja sig sérstaklega fyrir keppni, ef þeir eru með slysatryggingu í frítíma í Fjölskylduvernd Sjóvár.**

„Þá þarf að hafa í huga að það er ekki skylda að ábyrgðartryggja hjól líkt og bíla. Ef hjólreiðamaður hjólar til dæmis á gangandi vegfaranda getur hann orðið skaðabótaskyldur fyrir tjóninu. Ábyrgðartryggingin í Fjölskylduvernd nær til slíkra tilvika, svo lengi sem tjónínu hefur ekki verið valdið af gáleysi."

Vigfús undirstrikar að lokum mikilvægi þess að hjólreiðafólk hafi nauðsynlegan öryggisbúnað á hjólum sínum og minnir á að umferðaröryggi sé á ábyrgð allra vegfarenda.

Sjóvá er í Kringlunni 5. Sími 440 2000. Sjá nánar á sjova.is

# Hóphjólreiðar þarf að læra

## Ása Guðný Ásgeirsdóttir hefur mikla reynslu af keppnishjólreiðum. Í sumar sér hún um námskeið á vegum Sjóvár þar sem farið er yfir það sem hafa þarf í huga þegar hjólað er í hóp.

Það er tvennt ólíkt að hjóla í hópi eða einn. Þá ber maður ábyrgð á sjálfum sér en líka þeim sem eru í kringum mann og þarf að gæta fyllsta öryggis," segir Ása sem leiðbeinir í sumar á námskeiðum sem haldin eru á vegum Sjóvár. Þar er farið yfir öryggisatriði sem hjólreiðafólk þarf að hafa á hreinu í keppnum og samgönguhjólreiðum.

„Nú er orðið æ vinsælla að taka þátt í keppnishjólreiðum en margir sem skrá sig til þátttöku hafa litla sem enga reynslu af því að hjóla í hópi. Til að tryggja öryggi sitt og annarra í keppnum þarf því að læra hvernig á að bera sig að og gott er að byrja í minni keppnum fyrst og kynna sér vel reglur í viðkomandi keppni," segir Ása.

Fyrsta námskeiðið fór fram um síðustu helgi en þar fóru Ása og Þorvaldur Daníelsson, oft kenndur við Hjólakraft, yfir helstu öryggisatriði þegar margir hjóla saman.

„Það er að mörgu að huga. Bendingar og önnur samskipti þarf að læra, að geta látið vita af holum, beygjum, glerbrotum og öðrum hindrunum á leiðinni. Þá er mikilvægt að staðsetja sig rétt í byrjun, hafa allan búnað í lagi, ekkert laust og ekkert í eyrunum. Einnig þarf að halda góðu jafnvægi, hjóla jafnt og



Ása Guðný á nýlegu námskeiði Sjóvár. MYND/VALTÝR BJARKI VALTÝSSON

bremsa ekki snögglega, geta sleppt hönd af stýri og hætta ekki skyndilega að hjóla, sem getur hæglega valdið slysi," útskýrir Ása.

### Brýnt að öðlast rétta færni

Ása Guðný tók fyrst þátt í keppnishjólreiðum í Bandaríkjunum árið 2003 en árið 2007 á Íslandi.

„Þótt ég hafi verið lengi að er ég enn að læra. Framan af voru hér fáar keppnir og litlir hópar. Nú er aukningin orðin mikil og kröfurnar meiri, sem betur fer. Sportið er nýtt hér heima og aðstæður aðrar en víðast hvar ytra og margt sem þarf að læra og ber að varast."

Vegna aukinna almenningshjólreiða og vankunnáttu í hóphjólreiðum hafi slys aukist.

„Fólk í góðu hjólaformi þarf líka að öðlast færni í að hjóla í hóp," segir Ása og hvetur hjólreiðafólk sem ætlar til keppni að mæta á útiæfingar hjá hjólreiðafélögum.

„Til að æfa sig að hjóla á götunni og vita hvernig á að bera sig að í umferðinni. Allt snýst það um tillitssemi og aðgát til að forða slysum á sjálfum sér og öðrum. Í umferðinni er maður berskjaldaður og þarf að vera vel vakandi, kunnandi á aðstæður og láta vita vel af sér. Oftast heldur maður sig hægra megin götunnar en í ýmsum aðstæðum er maður öruggari úti á miðri akrein til að geta brugðist við bílaumferð inn á götuna til hægri og bílum sem bakka út úr bílastæðum eða þeim sem verið er að opna," útskýrir Ása.

Hún hefur margsinnis hjólað ein um þjóðvegi landsins þar sem bílar með tengivagna hafa tekið fram úr en fært sig aftur inn á sína akrein áður en þeir eru komnir að fullu fram hjá henni.

„Tillitssemi er lykilatriði hjá öllum í umferðinni, hvort sem þeir eru akandi, hjólandi eða gangandi, og hún er sérstaklega mikilvæg þar sem umferð er hröð eins og úti á þjóðvegum. Því vantar meiri fræðslu til ökumanna gagnvart hjólreiðafólki. Ökumenn stórra ökutækja virðast ekki alltaf gera sér grein fyrir hversu óþægilegt það er að fá þá nálægt sér og of margir bílstjórar vita ekki hvernig bregðast á við hjólandi umferð. Úr þessu þarf að bæta því hjólreiðar fara síst minnkandi og eru komnar til að vera. Ekki síst samgönguhjólreiðar sem eru mikilvægt skref í að minnka kolefnisfótspor okkar. Því verðum við öll að vera vel vakandi, taka tillit til náungans og sýna hvert öðru virðingu."

Á sama hátt þurfi hjólreiðafólk að kunna sig gagnvart gangandi vegfarendum.

„Við getum notað sameiginlega hjólastíga til að komast á hjólaæfingar og rúlla þá rólega um en ef við ætlum að hjóla hratt eigum við skilyrðislaust heima á götunni."

### Ekki plássfrek heldur örugg

Ása er í Hjólreiðafélagi Reykjavíkur sem líkt og fleiri hjólreiðafélög bjóða æfingar fyrir almenning.

„Ef ætlunin er að stunda hóp- eða keppnishjólreiðar er brýnt að mæta reglulega á æfingar. Við höfum ekki mikil tækifæri til æfinga annars. Þá er gott að fá leiðbeiningar frá þjálfurum sem þekkja vel til eða fara fyrst á námskeið eins og hjá Sjóvá. Í hóphjólreiðum er alltaf hjólað í þvögu og til þess eru ýmsar leiðir. Oft hjólar fólk hlið við hlið til að verjast hliðarvindi og þá gæti litið út fyrir að við séum plássfrek en ökumenn þurfa að átta sig á að oftast er það gert af gildum öryggisástæðum."

# Hollenska hjólreiðaundrið

Í Hollandi er einstök og öfundsverð hjólreiðamenning sem byggir á gömlum arfi en mótaðist á seinni hluta síðustu aldar eftir öfluga baráttu þrýstihópa og stórfellda hugarfarsbreytingu þjóðarinnar.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Allir sem heimsækja Amsterdam eða aðrar hollenskar borgir sjá að þar er einstök hjólreiðamenning. Það ferðast svo margir um á hjóli að gangandi vegfarendur og bílar eru oft í minnihluta, hvarvetna sér maður langar raðir af hjólum sem er búið að leggja og bæði ungir sem aldnir nýta endalausa hjólastíga borgarinnar til að komast leiðar sinnar í stað þess að keyra. Fyrir vikið fá þau góða hreyfingu og sleppa því að menga.

Margir öfunda Amsterdam og aðrar hollenskar borgir af þessari sérstöku menningu, en hún er afleiðing af ötulli baráttu öflugra þrýstihópa borgara, sorglegum slysum og hugarfarsbreytingu sem tók nokkra áratugi að knýja í gegn.



**Það eru fjórum sinnum fleiri hjól en bílar í Amsterdam.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Fararskjóti fortíðarinnar

Fyrir seinni heimsstyrjöld voru hjólreiðar einn aðalferðamáti Hollendinga, þannig að þeir státuðu af ríkri hjólreiðahefð sem seinni tíma árangur hefur byggt á. Á tímum seinna stríðs urðu hjólreiðar svo líka nokkurs konar mótspyrna gegn hersetu Þjóðverja og hjólreiðamenn gerðu í því að flækjast fyrir og gera líf hersetuliðsins eins erfitt og hægt var.

En eftir stríðið, á 6. og 7. áratug síðustu aldar, litu Hollendingar á bílinn sem fararskjóta framtíðarinnar og hann tók yfir sífellt stærri hluta af hollenskum borgum. Á þessum tíma var lítið tillit tekið til hjólreiðamanna og margir þeirra viku fyrir bílaumferðinni.

Á milli sjötta áratugs og þess áttunda fækkaði ferðum sem voru farnar á hjóli í Amsterdam frá 80% niður í 20%. Fleiri höfðu efni á bílum en áður og notkun á hjólum minnkaði um 6% á hverju ári. Almennt gerði fólk ráð fyrir að þau myndu brátt heyra sögunni til.

## Harmleikir ollu mótmælum

En árið 1971 náðu umferðarslys hámarki með 3.300 dauðsföllum. Þar af létust fleiri en 400 börn. Þessir harmleikir höfðu mikil áhrif á hollensku þjóðina og leiddu til stofnunar tveggja áhrifamikilla þrýstihópa, „Stöðvið barnamorðin“ og „Samtök hollenskra hjólreiðamanna“. Hóparnir stóðu fyrir mótmælaaðgerðum til að fá stjórnvöld til að taka tillit til hjólreiðamanna og náðu að lokum eyrum ráðamanna.

## Margt hjálpaðist að

En það var ekki bara öflug barátta þessara aðgerðasinna sem breyttu umferðinni í Hollandi. Landið er flatt og loftslagið milt, svo þar hefur lengi verið mikil hjólreiðahefð. Öll þessi dauðsföll ollu líka stjórnmálamönnum áhyggjum og fólk var að vakna til vitundar um mengunina sem fylgir bílaútblæstri.

Árið 1973 varð olíukreppa vegna innflutningsbanns frá Sádi-Arabíu og olíuverð í Hollandi fjórfaldaðist. Forsætisráðherra Hollands flutti ræðu í sjónvarpinu þar sem hann hvatti Hollendinga til að breyta lífsstíl sínum og spara orku af fullri alvöru og ein þeirra aðgerða sem var gripið til var að hafa bílalausa sunnudaga. Margt lagðist því á eitt.

## Árangur þrátt fyrir áskoranir

Með tímanum urðu kostir reiðhjólsins öllum ljósir og á 9. áratug höfust aðgerðir til að gera göturnar þægilegri fyrir hjólreiðar.

Borgirnar Haag og Tilburg gerðu fyrst tilraunir með sérstaka hjólastíga í gegnum borgina. Fljótlega breyttu hjólreiðamenn leiðum sínum til að nýta þessa stíga, en þeim fjölgaði ekki. Í borginni Delft var því brugðið á það ráð að setja upp kerfi hjólastíga um alla borg. Það varð til þess að fleiri fóru að hjóla, svo aðrar hollenskar borgir fylgdu því fordæmi.

Í dag eru rúmlega 35 þúsund kílómetrar af hjólastígum í Hollandi og meira en fjórðungur allra ferða eru farnar á hjóli. Í Amsterdam rís sú tala upp í 38% og upp í 59% í Groningen. Í Amsterdam eru um 881 þúsund hjól, fjórum sinnum fleiri en bílarnir og meira en helmingur allra Amsterdambúa hjólar daglega. Samanlagt hjóla þeir um tvær milljónir kílómetra á dag.

Samtök hollenskra hjólreiðamanna hafa nú 34 þúsund meðlimi og búa yfir sérfræðikunnáttu sem sóst er eftir víða um heim. Talsmaður sambandsins segir samt að þó miklum árangri hafi verið náð séu sífellt að koma upp nýjar áskoranir og borgir í dag þoli einfaldlega ekki bílamergðina.





Hér fer Árni yfir helstu atriðin í því að skipta um dekk á námskeiði sem hann hélt á laugardag.

# Kennir viðgerðir á reiðhjólum

Með auknum reiðhjólaáhuga er meiri þörf en áður á að kunna helstu grunnatriði er varða viðgerðir á reiðhjólum. Eldri fjallahjól endast lengi en þurfa viðhald. Margir sækja námskeið í Endurmenntunarskólanum til að læra einfaldar viðgerðir á hjólum. Slíkt námskeið fór fram um síðustu helgi.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Árni Davíðsson, líffræðingur og formaður Landssamtaka hjólreiðamanna, er með námskeið um viðgerðir á hjólum hjá Endurmenntunarskólanum sem er til húsa í Tækniskólanum. Árni hefur haldið námskeiðin tvisvar á ári, vor og haust, undanfarin ár. Hann segir áhugann mismunandi á námskeiðunum en þó finni hann vel fyrir auknum áhuga fólks á hjólreiðum.

„Fólk allt frá tólf ára og upp úr hefur komið á námskeiðin en allir þurfa að koma með sitt eigið reiðhjól,“ segir hann. „Við getum reyndar einungis tekið ákveðinn fjölda á hvert námskeið. Fólk lærir ekki almennilega að gera við hjólið nema hafa það við höndina. Í byrjun er ég með smá fyrirlestur en síðan förum við í grunnatriði í viðgerðum og viðhaldi á hjólunum. Við stillum til dæmis stellið fyrir hvern og einn á námskeiðinu, hagræðum sæti, svo menn sitji rétt, og stýrinu. Síðan förum við í gegnum smurningu og þrif, stillum gírana og bremsur auk þess að skipta um bremsuborða. Loks förum við í gegnum það að gera við sprungið dekk, loftþrýsting og umgengni við gjarðir,“ útskýrir Árni. „Það þarf að taka hlutina í sundur og setja saman aftur til að læra.“

Árni segir að oft þurfi fólk að læra á gírana á hjólinu og stilla þá. „Það eru nokkrar skrúfur sem þarf að stilla og oft veit fólk ekki alveg hvernig á að fara að því. Við förum yfir þau atriði. Menn spara sér ákveðinn pening með því að gera þetta sjálfir og oft eru þessi vandamál minniháttar. Það sem nemendur græða á námskeiðinu og um leið samfélagið er viljinn til að hjóla og að smá bilanir stoppi þá ekki.“

Í fyrirlestrinum hjá Árna hann yfir hjólreiðar og samgöngur auk öryggisatriða er varða umferð.



Nemendurnir á námskeiðinu voru mjög áhugasamir í viðgerðunum en allir mættu með eigin hjól.



„Við stillum til dæmis stellið fyrir hvern og einn á námskeiðinu, hagræðum sæti, svo menn sitji rétt, og stýrinu.“



Hér er farið er yfir öll helstu grunnatriði þegar gera þarf við dekk.

„Aðallega snýst þetta námskeið þó um viðgerðir og viðhald,“ segir hann. Fólk kemur bæði með nýleg reiðhjól og gömul á námskeiðið. Nýjustu hjólin eru með diskabremsum sem Árni segir að þurfi lítið sem ekkert viðhald. „Það er auðvitað miklu minna viðhald á nýjustu hjólunum og oft mun betri búnaður en á eldri hjólum. Gömlu bremsurnar á fjallahjólum eru þannig að það þarf að hugsa um þær á hverju ári ef menn hjóla reglulega, en diskabremsunum þarf maður ekkert að skipta sér af. Flestir koma með fjallahjólin en það eru alltaf einhverjir sem koma með enn eldri hjól, til dæmis þriggja gíra.“

Árni hjólar sjálfur talsvert eða um 4.000 km á ári. „Ég hjóla í og úr vinnu,“ segir hann. „Reiðhjól hafa verið áhugamál hjá mér og hagsmunamál hjólreiðamanna hafa alltaf verið mér ofarlega í huga,“ segir hann. Árni hefur skrifað greinar í blöð um bíllausan lífsstíl og umferðaröryggi reiðhjólamanna. „Um 60% íbúa á höfuðborgarsvæðinu hjóla eitthvað en um 10-15% hjóla reglulega. Fólk ætti að nýta sér þennan ferðamöguleika meira í styttri ferðum,“ segir hann en næsta námskeið verður í byrjun september.

# Meira
# út að hjóla

**Cross hjólin í Hagkaup eru gæðahjól sem framleidd hafa verið í Evrópu síðan 1995. Hjólin eru vel þekkt og vinsæl í Evrópu fyrir fallega hönnun og mikil gæði. Sérstaða hjólanna, ásamt hönnun og gæðasmíði, er að í hjólin eru notaðir íhlutir frá þekktum merkjum í hjólaiðnaðinum eins og t.d.:**

- **SHIMANO**
- **SRAM**
- **SCHWALBE**
- **KENDA**
- **SELLE ITALIA**

**Við vitum það að með Cross hjólum er fjölskyldan að eignast gæðahjól á frábæru verði.**



**28” Arena**

Stell: 460mm og 500 mm Alloy Win Trek VBR Semi. Gírbúnaður: Shimano Altus 21 gíra. Bremsur: Shimano Promax. Dekk/gjarðir: Continental City Ride 700Cx40. Crosser X2 Double Wall Alloy gjarðir. Demparagaffall: Suntour M3010. Hnakkur: Bioaktive. Annað: Standari, bögglaberi, pumpa, fram- og afturljós með innbyggðum Shimano dynamo.

vnr. 955100, 955101

**79.999 kr**



**28” Areal**

Stell: 520mm og 560mm Alloy Win Trek VBR Semi. Gírbúnaður: Shimano Altus 21 gíra. Bremsur: Shimano Promax. Dekk/gjarðir: Continental City Ride 700Cx40 Crosser X2 Double Wall Alloy gjarðir. Demparagaffall: Suntour M3010. Hnakkur: Bioaktive. Annað: Standari, bögglaberi, pumpa, fram- og afturljós með innbyggðum Shimano dynamo

vnr. 955097, 955098

**79.999 kr**



**26” Julia**

Stell: 440mm Light Alloy Frame/ Light Alloy Frame. Gírbúnaður: Shimano 21 gíra. Bremsur: Shimano Promax. Dekk/gjarðir: Kenda dekk AV, Double Wall gjarðir. Demparagaffall: Suntour M3010. Annað: Standari, glitaugu að framan og aftan

vnr. 951107

**49.999 kr**



**26” Romero**

Stell: 520mm Light Alloy Frame. Gírbúnaður: Shimano 21 gíra. Bremsur: Shimano Promax. Dekk/gjarðir: Kenda dekk AV, Double Wall gjarðir. Demparagaffall: Suntour M3010. Annað: Standari, glitaugu

vnr. 935960

**49.999 kr**



**26” Speedster**

Stell: Stálstell. Gírbúnaður: Shimano 18 gíra. Bremsur: Promax V-bremsur – TX115C. Dekk/gjarðir: Kenda Desert 26x195. Annað: Innbrennandi litur, glitaugu að framan. Litir: Rauður og grænn

vnr. 1114844, 1114845

**39.999 kr**

Allt úrvalið er í Smáralind, Garðabæ, Kringlu og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.

**OPNUNARTÍMI Á UPPSTIGNINGARDAG**

| Smáralind<br>Kringlan | Skeifan<br>Garðabær | Spöng<br>Eiðistorg<br>Akureyri | Njarðvík<br>Borgarnes<br>Selfoss |
|---|---|---|---|
| 13-18 | allan sólarhringinn | 8-24 | 12-18 |

**HAGKAUP**

*Meira* svona *alla daga*

# Reiðhjólasektir hækkuðu um mánaðamótin

Þann 1. maí síðastliðinn tók gildi ný reglugerð þar sem sektir við umferðalagabrotum hækkuðu umtalsvert frá því sem áður var. Þar sem reiðhjól eru samkvæmt lögum skilgreind sem ökutæki gilda í grundvallaratriðum sömu lög og reglur um akstur reiðhjóla og bíla. Það má t.d. ekki stjórna hjóli undir áhrifum ávana- og fikniefna og brot á því varðar 20 þúsund króna sekt. Ef hemlabúnaður er ekki í lagi er sektin við því sömuleiðis 20 þúsund krónur. Ef ljós og glitbúnaður er í ólagi getur það kostað 20 þúsund króna sekt. Í reglugerðinni kemur fram að einnig er hægt að sekta fyrir annað en ekki kemur skýrt fram um hvað er að ræða. Því er um að gera að yfirfara hjólið vel til að forðast sektir og vera réttum megin við lögin.

> Ef hemlabúnaður er ekki í lagi er sektin við því sömuleiðis 20 þúsund krónur.



Sektin við að hjóla undir áhrifum er orðin 20 þúsund krónur.



Gréta Finnbogadóttir og Sesselja Traustadóttir hjóla óháð aldri.

# Hjólað óháð aldri í maí

Hjólað óháð aldri í samstarfi við Hjólafærni býður upp á vikulegar hjólaferðir í maí frá hjúkrunarheimilunum Sunnuhlíð, Mörk og Ísafold. Byrjað verður í Sunnuhlíð í Kópavogi 12. maí, næst verður hjólað frá Mörkinni á Suðurlandsbraut 19. maí og 26. maí verður lagt af stað frá Ísafold í Garðabæ. Hjólað óháð aldri, HÓA, byggir á því að rjúfa einangrun og efla lífsgleði íbúa á hjúkrunarheimilum með því að gefa þeim kost á að fara út að hjóla. Hjólarar/Piloter eru skipaðir sjálfboðaliðum úr nágrenni hjúkrunarheimilanna eða aðstandendum íbúanna. Miðað er við að hjólaferðirnar hefjist klukkan eitt og standi til þrjú. Aðstandendur og vinir eru hjartanlega velkomnir með á eigin reiðhjólum.

Nánari upplýsingar má fá á Facebook-síðunni Hjólað óháð aldri.



Hjólreiðar efla hreysti og sælu.

# Allra meina bót

Að hjóla er mikil heilsubót og styrkir og stælir kroppinn. Hér eru tíu góðar ástæður til þess að taka fram hjólið. Eins og allir vita gleymist hjólakunnáttan aldrei.

### Hjólreiðar

- styrkja vöðva alls líkamans, ekki bara fæturna
- styrkja hjartavöðvann, lækka blóðfitu, blóðsykur og hvíldarpúls
- styrkja liðamót í hnjám og liðleika mjaðmagrindar
- styrkja hjarta- og æðakerfi líkamans
- valda ekki of miklu álagi á hné og ökkla
- draga úr hættu á sykursýki 2 og krabbameini
- eru frábær leið til að brenna fitu og léttast
- auka úthald og þrótt
- eru grænn ferðamáti
- draga úr þunglyndi, streitu og kvíða







LONDON WAVE 28" GÍRAHJÓL
Nett 21 gíra borgarhjól
með púðabremsum
**VERÐ: 89.995 kr.**



EXPERT RS 30 FJALLAHJÓL 29"
20 gíra með diskabremsum
RockShox 30 dempara
**VERÐ: 189.995 kr.**



GRAVEL ALU DISC 105 MALAR/GÖTUHJÓL
Létt og skemmtilegt álhjól með carbon gaffli, 105 gírum og diskabremsum
**VERÐ: 249.995 kr.**



ULTIMATE RECON FJALLAHJÓL 29"
22 gíra carbonhjól með diskabremsum
RockShox 30 dempara
**VERÐ: 329.995 kr.**



FUSION DISC 105 GÖTUHJÓL
Racer með diskabremsum,
carbon stell og gaffall
**VERÐ: 339.995 kr.**



LYNX 4.8 ALU RECON FULLDEMPA FJALLAHJÓL
Alvöru 29" fjallahjól með 140 mm fjöðrun
**VERÐ: 394.995 kr.**



EVO CITY RAFHJÓL 28"
24 gíra með diskabremsum
og framdempara, 350w mótor
**VERÐ: 424.995 kr.**



RX TEAM ULTEGRA CYCLO/GÖTUHJÓL
Fislétt hjól með Ultegra gírum -
frábært fyrir íslenskar aðstæður
**VERÐ: 469.995 kr.**



REBEL 29" RAFMAGNSFJALLAHJÓL
Stórskemmtilegt fjallahjól með öflugum
Yamaha 250W rafmótor
**VERÐ: 524.995 kr.**

Smith reiðhjólahjálmar, BH götu- og fjallahjólaskór,
Löffler og BH hjóla- og hlífðarfatnaður - mikið úrval

**SKOÐIÐ ÚRVALIÐ Á BIKE.IS EÐA KÍKIÐ TIL OKKAR Í KRINGLUNA 7**

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

FJALLA KOFINN

# Kynna draumaeignir á Spáni

**Sölufulltrúar frá spænska byggingafélaginu Euromarina halda kynningarfund á Cabin hóteli, Borgartúni 32, um helgina. Þar verða kynntar fasteignir Euromarina og gefnar upplýsingar um ferlið í fasteignakaupum á Spáni.**

Íslenskir sölufulltrúar verða á staðnum ásamt spænskum starfsmönnum Euromarina, þeir kynna söluferlið og bjóða skoðunarferðir til Spánar. Kristján Sveinsson og Birna Guðmundsdóttir eru íslenskir sölufulltrúar en þau hafa sinnt íslenskum markaði hjá Euromarina frá árinu 2016.

„Við sinnum íslenskum markaði fyrir Euromarina og höldum reglulega kynningar hér á landi,“ segir Kristján. „Áhersla er lögð á það hjá Euromarina að viðskiptavinurinn sé ánægður. Þess vegna er gaman að segja frá því að íslenskum fasteignakaupendum á Spáni fer fjölgandi. Viðskiptavinir okkar eru þverskurður Íslendinga á öllum aldri og úr öllum stéttum. Við höfum aðstoðað fjölda ánægðra Íslendinga við að eignast sína draumaeign t.d. á Costa Blanca (Hvítu ströndinni), sem er á suðausturströnd Spánar í 25 mínútna akstursvegalengd frá Alicante en þangað er flogið beint frá Íslandi allt árið,“ segir Kristján enn fremur.



Hægt er að velja um alls kyns íbúðir, einbýlishús eða raðhús á fallegum stöðum á Spáni.

### Sækja í gott veður og verðlag

Kristján segir að Íslendingar sæki sérstaklega á þetta svæði og það séu margar ástæður fyrir því. „Verðlagið er frábært, gott veður, góðir skólar og heilbrigðiskerfi. Þarna er öll þjónusta til mikillar fyrirmyndar, lifandi verslun, veitingahúsamenning og skemmtilegt mannlíf. Svæðið í kringum Torrevieja er Íslendingum flestum vel kunnugt og er svæðið einstaklega veðursælt með að meðaltali 320 daga sól á ári. Flestir sem leita til okkar vilja öruggt svæði með heilsársbúsetu og iðandi lífi allt árið um kring,“ bætir hann við.

### Traust fyrirtæki

„Euromarina er stórt og vaxandi 46 ára gamalt byggingarfyrirtæki sem byggir og selur margbreytilegar eignir í samræmi við ítrustu kröfur markaðsins. Fyrirtækið býr við traustan eigin fjárhag og hefur staðið af sér sveiflur og kreppur án vandræða. Fjölbreytileiki er eitt af einkennum fyrirtækisins.

Arkitektar Euromarina aðstoða viðskiptavini við að hanna eign að sínum þörfum hvort heldur það er við ströndina, í þéttbýli eða einbýli á stórri jörð. Euromarina hefur selt Íslendingum eignir á Spáni í 20 ár með góðu orðspori. Euromarina er einnig með á sínum snærum eigin húsgagnaverslun, Euromarina Home. Kaupendur eiga kost á allri þjónustu við að innrétta og fullbúa eignina með nettengingu, sjónvarpsuppsetningu og svo mætti lengi telja.

Við leggjum öll gjöld fram þannig að viðskiptavinurinn veit nákvæmlega hver kostnaðurinn við kaupin eru frá upphafi, enginn óvæntur kostnaður eða gjöld. Einnig sýnum við fram á hver útgjöldin verða árlega eftir kaupin,“ segir Kristján.



Íbúðirnar eru í mismunandi stærðum eftir því sem hentar hverjum og einum.



Starfsmenn Euromarina á kynningarfundi á Cabin hóteli í Borgartúni.

### Fyrirtækið Euromarina

Nokkur atriði úr byggingastefnu Euromarina

- Euromarina notar endurnýtanlega orku og fyrirtækið er úrræðagott þegar kemur að orkunotkun og skilvirkni en það skilar sér í um það bil 30% orkusparnaði hjá fasteignaeigendum.
- Byggingarnar eru með 10 ára ábyrgð.
- Engin þörf á endurbótum, enginn viðhaldskostnaður, þar sem við seljum einungis nýbyggingar.
- Öll efni eru af bestu gæðum, endingargóð og umhverfisvæn. Byggingarnar eru sér styrktar, burðarvirkið er steypt og kambstál notað rétt eins og við þekkjum hér á Íslandi.
- Húsin eru einangruð fyrir varma og hljóði með um 7 cm þykkri plasteinangrun.
- Framsækið fyrirtæki og ávallt með nýjustu tækni í byggingum sínum, sé hún til bóta.
- Euromarina ábyrgist allar smærri innréttingar, svo sem gólfefni og fleira í þrjú ár.
- Euromarina byggir eingöngu á eigin afli, það þýðir að eignin er alltaf veðbandalaus þegar hún kemst í þínar hendur.
- Euromarina selur eingöngu nýjar eignir með ábyrgð.

### Aðstoða fólk með kaupin

Starfsfólk Euromarina hér á landi aðstoðar fólk sem er að hugleiða íbúðarkaup á Spáni. „Já, og meira en það,“ segir Birna. „Við aðstoðum fólk í öllu ferlinu og ekki síður þegar það er búið að kaupa. Við aðstoðum einnig við útleigu á húsnæði sem fólk kaupir hjá okkur og umsjón í kringum það.

Við tökum á móti fólki á Alicante flugvelli og keyrum það á hótel þar sem það gistir í okkar boði í þrjár til fimm nætur. Síðan förum við í höfuðstöðvar Euromarina og skoðum hvað er í boði, bæði eignir og hverfi. Ef fólk finnur draumaeignina aðstoðum við það við að opna bankareikning, sækja um N.I.E. númer (spænska kennitölu) og fylgjum því í gegnum ferlið.“

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í gegnum síma 690 2665. Einnig er hægt að hafa samband við Birnu á netfanginu birna@euromarina.es

***Næsta kynning verður á hótel Cabin, Borgartúni 32, 12. og 13. maí kl. 14-18.***



# Strákar mega klæðast litum

Karlmenn þurfa ekki að vera feimnir við liti þegar nær dregur sumri né heldur næsta vetur. Það er að minnsta kosti litríkur karlmannafatnaður sem er sýndur fyrir haust og vetur 2018-2019.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Fatnaður í fallegum litum hefur reyndar verið mun meira áberandi hjá körlum undanfarin ár en áður þekktist. Það þykir ekkert tiltökumál fyrir karlmann að ganga í rauðum buxum sem hefði þótt ótækt fyrir tíu árum. Tískuhönnuðir vilja sjá enn fleiri og sterkari liti hjá karlkyninu næsta vetur. Gul jakkaföt eða límónugrænar úlpur verða í góðu lagi og sömuleiðis appelsínugular eða rauðar.

Þegar sumarið kemur loks hér á landi og hlýindi taka vonandi við fer fólk að klæða sig öðruvísi. Léttari og litríkari fatnaður tekur við af dökkum úlpum. Það væri hins vegar býsna snjallt að taka upp fallega liti að vetri því þeir gefa útlitinu ferskan blæ. Helstu tískuhönnuðir eru á því máli og því mátti sjá sérstaklega litríka herrafatatísku á pöllunum þegar næsti vetur var kynntur. Þá hefur herratískan aldrei verið frjálslegri, hvorki í sniðum, litum né efnum. Formlegheitin eru á bak og burt.

Eitt af því sem hönnuðir hvetja til er að blanda saman ólíkum litum í fatastílnum. Pastellitur á jakka getur gengið með gallabuxum og jakkaföt þurfa ekki endilega að vera einlit, það er jakki og buxur í sama lit. Skærblár jakki og hvítar buxur eða jafnvel gular. Þannig má leika sér með liti. Hvernig svo sem litirnir raðast þá getum við að minnsta kosti farið að hlakka til sumarsins og síðan litríks hausts í herrafatatískunni.



Issey Miyake er gríðarlega vinsæll tískuhönnuður. Þegar hann sýndi haust- og vetrartísku herra fyrir 2018-2019 í París voru litirnir ekki sparaðir hjá honum. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY



Louis Vuitton er ekkert hræddur við liti. Þessi fallega peysa var sýnd á tískuvikunni í París.



Þessar úlpur koma alltaf aftur og aftur. Þessi er úr herralínu Kenzo fyrir haust og vetur 2018-2019.



Portúgalinn Mustra sýndi þessi flottu föt á tískuviku í Lissabon fyrir sumarið 2018. Röndóttur bolur við gult.



Paul Smith sýndi þennan einlita, fallega bláa herrafatnað á tískuvikunni í París fyrir haust og vetur 2018-2019.





Stærðir 38-52

My Style tískuhús

my style

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

Leiðsöguskólinn

Draumastarfið í draumalandinu

Kannt þú erlend tungumál?

Ef þér finnst gaman að ferðast um Ísland og umgangast erlenda ferðamenn þá gæti leiðsögunám verið fyrir þig.

Leiðsögunám er fjölbreytt og skemmtilegt og getur opnað dyr að áhugaverðu og krefjandi starfi í vaxandi atvinnugrein.

INNRITUN STENDUR YFIR TIL 30. MAÍ. Sjá nánar á mk.is

Leiðsöguskólinn s. 594 4025



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN | FERÐAMÁLASKÓLINN | LEIÐSÖGUSKÓLINN

15% afsláttur
af öllum vörum
*dagana 10. - 13. maí*



# 16a

**TÍSKA & LÍFSSTÍLL**

Skólavörðustígur -101 Rvk







*Mundu eftir mömmu 13. maí*

Uppstigningard. kl.11-17
Mánud. - föstud. kl. 10-18
Laugard. kl. 11-17
Sunnud. kl.12-16



## Honda CR-V Elegance Navi

Nýskráður 8/2016, ekinn 35þús.km., bensín, sjálfskiptur, leiðsögukerfi, bakkmyndavél,fjórhjóladrif og fl.

**Verð kr. 4.290.000**



## Honda Civic Elegance Navi

Nýskráður 7/2017, ekinn 1þús.km., bensín, sjálfskiptur,leiðsögukerfi, bakkmyndavél.
**Sýningarbíll frá umboði.**

**Verð kr. 3.390.000**



## Honda Accord Tourer Executive

Nýskráður 5/2015, ekinn 21þús.km., bensín, sjálfskiptur, 19" felgur, einn eigandi, mjög gott eintak.

**Verð kr. 3.490.000**



## Honda CR-V Elegance

Nýskráður 6/2008, ekinn 126þús.km., bensín, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, ný skoðaður.

**Verð kr. 1.490.000**

**Opnunartími**
**Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00**
**Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00**

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is


## Húsaviðhald

Jarðvinna
Drenlagnir
Skólplagnir
Lóðavinna
Gerum tilboð
S & H ehf
Uppl. í s: 823-7473

## Múrarar

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:6974650

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

MOSFELLSBÆR
Lágafellsskóli

# Laus störf í Lágafellsskóla
## skólaárið 2018-2019

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi? Viltu vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum? Lágafellsskóli í Mosfellsbæ er heildstæður grunnskóli sem vinnur í anda uppbyggingarstefnunnar. Starfsemi skólans fer fram í tveimur byggingum þar sem 1. - 2. bekkur er staðsettur í útibúi skólans, Höfðabergi, ásamt 5 ára leikskóladeildum.

**KENNARAR ÓSKAST Í EFTIRTALIN STÖRF:**
- Kennari í „Fellið" náms- og atferlismótunarver (100% framtíðarstaða) – menntun í sérkennslufræðum æskileg sem og reynsla af atferlismótun
- Kennari í sérkennslu (70% - 100% framtíðarstaða), menntun í sérkennslufræðum æskileg
- Kennari á unglingastig – kennslugreinar íslenska og stærðfræði
- Umsjónarkennarar á yngsta og miðstig (80% - 100% framtíðarstöður)
- Tónmenntakennari ( 100%) framtíðarstaða

**Menntunar- og hæfnikröfur í kennarastörf:**
- Leyfisbréf grunnskólakennara
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður
- Mjög góð færni í samvinnu, samskiptum og teymisvinnu
- Áhugi á starfi með börnum
- Áhugi á starfsþróun og nýjum fjölbreyttum áherslum í skólastarfi
- Hugmyndaauðgi, jákvæðni og sveigjanleiki

**EINNIG VERÐUR RÁÐIÐ Í EFTIRTALIN STÖRF:**
- Atferlisfræðingur eða aðili með uppeldisfræðimenntun og góða þekkingu og reynslu af atferlismótandi aðferðum, t.d. sálfræðingur, þroskaþjálfi (í 70-100% starf)
- Skólaliða í Höfðaberg. Vinnutími 07:50 - 13:00 (aðstoð, gæsla og létt ræsting)
- Stuðningsfulltrúa (í 60-100% starf)
- Frístundaleiðbeinendur (hlutastarf) Vinnutími frá 13:00 -16:00/17:00. Möguleiki á að vinna einstaka daga.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Menntun samkvæmt gildandi samningum, ef ekki fæst fólk með réttindi er annað skoðað
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður
- Góð færni í samvinnu og samskiptum
- Áhugi á starfi með börnum
- Hugmyndaauðgi, jákvæðni og sveigjanleiki

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525 9200/896 8230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is

**Umsóknarfrestur um stöðurnar er til 23. maí 2018.**
Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

Heimaás

**SMIÐUR / UPPSLÁTTUR**
Heimaás óskar eftir að ráða smiði í uppsláttarvinnu.

-Mæling/einingarverð

-Sveinspróf skilyrði

-Kranapróf kostur

Til greina kemur að ráða mótagengi.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Óskum eftir hressu fólki til að vinna á matarvögnum staðsettum í Reykjavík næg vinna í boði Uppl. Kobbi@humarsalan.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

## Tilkynningar

## Fundir

**AÐALFUNDUR FLUGFÉLAGSINS GEIRFUGL EHF**
verður haldinn í Fluggörðum 25, 101 Reykjavík, miðvikudaginn 23. maí 2018, klukkan 20:00. Dagskrá í samræmi við 14. gr. samþykkta félagsins.
**Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins: www.geirfugl.is**

# Aðalfundur

**Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins**

**verður haldinn 24. maí 2018 kl. 15:00. Fundurinn verður haldinn í Húsi Ferðaklasans - Fiskislóð 10, 101 Reykjavik.**

**Dagskrá: Almenn aðalfundarstörf**

## Til Sölu Verslun - Herrafatnaður

**Seljandalán í boði!**

Um er að ræða eina elstu verslun landsins sem sérhæfir sig í að fata upp herramenn fyrir hina ýmsu merkisviðburði, og sú eina sinnar tegundar á Höfuðborgarsvæðinu.

Verslunin hefur verið starfrækt í rúm 30 ár og hefur umboð fyrir topp gæðamerki frá heimsþekktum hönnuðum, nýlegur lager af bæði fatnaði í sölu og leigu.

Rótgróinn rekstur með gott orðspor og hefur mikið magn af árlegum fastakúnnum. Góð velta sem hefur verið vaxandi árlega.

Einstakt tækifæri fyrir þá sem vilja sjálfstæðan rekstur, eða sem viðbót til að efla sinn rekstur.

atv FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI
Björgvin Óskarsson
Kerfisfræðingur
lögg. leigumiðlari
lögg. eignaskiptal.
Dugguvogi 10 | Reykjavík | s. 517 3500 | atv.is | bjorgvin@atv.is


Sveinn Eyland
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820

Landmark leiðir þig heim!
**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
Sími 512 4900
landmark.is

## SKILDINGANES 17 – 101 SKERJAFIRÐI




**OPIÐ HÚS FIMMTUDAG 10.MAÍ KL.16:00 – 17:00**

- Vel skipulagt og fjölskylduvænt 284.6 fm einbýlishús sem stendur á 700 fm hornlóð við Skildinganes í Skerjafirði.
- Fjögur góð svefnherbergi og er hjónaherbergi með baðherbergi innaf, tvö önnur baðherbergi.
- Opnar og bjartar stofur, eldhús rennur saman við borðstofu útgengi á tvo vegu úr stofurými á veröndl.
- Eldhúsinnrétting er frá POGGEN POHL og eru góðar skápaeiningar í þvottaherbergi og bílskúr.
- Sjónsteypa í veggjum innanhúss og er húseign klædd að stórum hluta með Lerki-harðvið að utan.
- Rúmgóður bílskúr og suð-vestur verönd með nýju pallaefni.

**V. 160 millj.**




**519 5500**
SÍÐUMÚLA 23 • 108 REYKJAVÍK • FASTBORG.IS

**BORG**
FASTEIGNASALA

# GERPLUSTRÆTI

**OPIÐ HÚS FIMMTUDAGINN 10. MAÍ. KL. 14:00 - 15:00**

- Nýtt fjölbýlishús við Gerplustræti 31-37 á fallegum útsýnisstað í Helgafellslandi í Mosfellsbæ.
- Íbúðirnar eru 2ja til 5 herbergja og flestar með sérinngengi frá svalagangi.
- Lyftuhús með lokaðri bílgeymslu sem gengið er í beint frá lyftu og stigahúsi.
- Glæsilegt útsýni til suðurs og vesturs.



ⓘ NÁNARI UPPLÝSINGAR | STÆRÐ FRÁ: 60 - 145m² | VERÐ: 44.5M




Davíð Ólafsson
löggiltur fasteignasali
897 1533
david@fastborg.is


Úlfar Þór Davíðsson
löggiltur fasteignasali
897 9030
ulfar@fastborg.is


Sigurður Fannar Guðmundsson
löggiltur fasteignasali
897 5930
sigurdur@fastborg.is


SUMARKROPPIÐ
2018
NÓA
KROPP
SUÐRÆNIR SUMARÁVEXTIR
SUÐRÆNT OG
SEIÐANDI

# Reykjavík til framtíðar



Eyþór Arnalds
skipar 1. sæti á lista Sjálfstæðisflokks í Reykjavík

**Reykjavík á langt í land með að verða snjallborg enda er sumt í stjórnkerfinu sem minnir á 19. aldar bréfaskriftir embættismanna. Þessu ber að breyta.**

Reykjavík stendur á krossgötum. Við getum tekið af skarið og gert betur, eða haldið áfram með óbreytt ástand. Reykjavík þarf að vera samkeppnishæf. Ekki bara við nágrannasveitarfélögin sem hafa vaxið hraðar en borgin. Reykjavík á að vera samkeppnishæf við bestu borgir Evrópu. Hér viljum við að ungt fólk geti keypt og leigt íbúð á viðráðanlegu verði. Í því hverfi sem það velur. Við gerum kröfu um að leikskólarnir hafi pláss fyrir börnin okkar og séu fullmannaðir. Fólk á að komast á milli hverfa borgarinnar á styttri tíma. Og við viljum borg þar sem loftið er hreint og undir hættumörkum. Borg þar sem rými er fyrir þjónustu og fyrirtæki í austurhluta borgarinnar eins og á Keldum og í Mjóddinni. Þar sem skipulag er þannig að umferðin sé ekki stífluð í vesturátt á morgnana og í austur síðdegis. Þar sem almenningssamgöngur virka og eru raunverulegur valkostur. Hér er hægt að gera miklu betur á næstu fjórum árum.

**Uppfærum stjórnkerfið inn í 21. öldina**

Við þurfum stjórnkerfi sem er einfalt og skilvirkt. Stjórnunarkostnað sem er í samræmi við umfang og stærð Reykjavíkur. Í takt við þær kröfur sem við gerum til fyrirtækja á 21. öldinni. Til þess þarf breytingar. Borg sem er vel rekin svo ekki þurfi að hækka álögur á íbúa. Borgarstjóra sem er með viðtalstíma og svarar fyrir erfiðu málin. Borgarstjórn sem framkvæmir í stað þess að lofa. Reykjavík á að vera græn, tæknivædd og manneskjuleg borg. Hún hefur alla burði til þess. Það er einfalt að panta sér flugmiða og skrá sig í flug. Það er líka ekki dýrt. Það kostar álíka mikið að senda inn fyrirspurn í stjórnkerfi Reykjavíkur og að kaupa lággjaldafar til London: 17.000 krónur fyrir hverja spurningu. Við vitum hvenær flugvélin fer frá Keflavík. Það er hins vegar ómögulegt að vita hvenær og hvort spurningum sé svarað hjá borginni. Þessu þarf að breyta.

Við ætlum að vernda grænu svæðin í borginni. Friðlýsing Elliðaárdals er löngu tímabær. Verndun Laugardals sem útivistar- og íþróttasvæðis er sjálfsögð. Reykjavík á langt í land með að verða snjallborg enda er sumt í stjórnkerfinu sem minnir á 19. aldar bréfaskriftir embættismanna. Þessu ber að breyta. Við viljum að skólarnir fái aukið sjálfstæði og geti undirbúið börnin okkar undir nýjar áskoranir fjórðu iðnbyltingarinnar. Áhersla á sjálfstæða hugsun, samskipti og sköpun skiptir miklu máli. Styðjum kennara og skólana okkar til að mæta þessum verkefnum nýrrar aldar. Þannig snjallborg vil ég sjá.

# Amma og afi borguðu fyrir greiningu



Kolbrún Baldursdóttir
skipar 1. sæti Flokks fólksins í Reykjavík

**Efnaminni foreldrar hafa ekki efni á þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðings. Í mest sláandi tilfellum hafa foreldrar fengið lán eða afi og amma hafa greitt fyrir þjónustuna.**

Biðlisti í greiningu og viðtöl hjá sálfræðiþjónustu í skólum borgarinnar er langur. Víða er einum sálfræðingi ætlað að sinna þremur til fjórum skólum.

Í stað þess að fjölga sálfræðingum hefur borgarmeirihlutinn ákveðið „að draga úr svokölluðum greiningum enda séu þær oft ofnotaðar“ en þetta voru orð eins borgarfulltrúa á fundi um daginn þegar spurt var út í málefnið.

Vegna þessa hafa foreldrar neyðst til að fara með börn sem tengja vanlíðan sína við námsgetu á einkareknar sálfræðistofur til að fá styrkleika og veikleika kortlagða. Fyrir þetta er greitt að lágmarki 150.000 krónur.

Að sinna börnum er grunnstefið í stefnu Flokks fólksins og sem oddviti og skólasálfræðingur til fjölda ára er það mat mitt að þegar kemur að sálfræðiþjónustu við skólabörn hafi borgarmeirihlutinn stigið allt of fast á bremsurnar.

Tökum sem dæmi barn sem tengir vanlíðan sína við námið. Kennarar reyna eftir bestu getu að mæta þörfum barnsins. Barnið fær að vinna í smærri hópum, fær e.t.v. léttara námsefni eða minna heimanám. Engu að síður líður því illa í skólanum. Sjálfsmatið versnar og smám saman fer barnið að forðast námið. Þegar komið er í efri bekkina er barnið kvíðið og neitar jafnvel að fara í skólann. Þegar hér er komið sögu er barnið oft búið að vera á biðlista eftir sálfræðiþjónustu í marga mánuði.

Í tilfellum sem þessum, sem eru æði mörg, er brýnt að barnið fái greiningu strax með þar til gerðum greiningartækjum sem aðeins sálfræðingar mega nota. Um gæti verið að ræða sértækan námsvanda; málþroskaröskun, frávik í skynhugsun, slakt vinnsluminni og athyglisbrest. Þegar niðurstöður greiningar liggja fyrir er gerð einstaklingsnámskrá sem sniðin er að þörfum barnsins.

Stefna borgarinnar í þessum málum hefur leitt til þess að fjöldi barna í borginni fær ekki þá þjónustu sem þau þurfa. Efnaminni foreldrar hafa ekki efni á þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðings. Í mest sláandi tilfellum hafa foreldrar fengið lán eða afi og amma hafa greitt fyrir þjónustuna.

Flokkur fólksins getur ekki liðið að sparað sé þegar börn eru annars vegar. Tekjur borgarsjóðs eru yfir hundrað milljarða króna. Við höfum vel efni á að sinna börnunum okkar með fullnægjandi hætti.

Flokkur fólksins er með fjölskylduna í forgrunni í sinni stefnu. Það sem snýr að börnum og foreldrum þeirra er sett í forgang. Markmiðið er að biðlistar eftir þjónustu þar sem börn eru annars vegar hverfi með öllu í stofnunum borgarinnar.

# Hvað er listmeðferð?



Fjóla Eðvarðsdóttir
listmeðferðarfræðingur



Inga Björk Ingadóttir
músíkmeðferðarfræðingur

**Löggilding faggreinanna er mikilvægur þáttur í að tryggja öryggi sjúklinga. Með þessu má koma í veg fyrir að þeir sem ekki hafa lokið námi í viðeigandi meðferðarfræðum valdi skaða vegna vanþekkingar sinnar.**

Grein þessi varðar notkun á hugtakinu „Listmeðferð og músíkmeðferð“.

Mikill er máttur listanna og það hafa menn vitað frá örófi alda. Listir hafa verið notaðar í margs konar tilgangi í fagurlistum, arkitektúr, hönnun, kennslu, til tjáningar, styrkingar og gleði. Að gefnu tilefni er þörf á að skerpa á notkun hugtaksins „meðferð“ frá sjónarhóli list- og músíkmeðferðarfræðinga, ekki síst m.t.t. öryggis og virðingu fyrir sjúklingum og skjólstæðingum.

Félag músíkmeðferðarfræðinga (stofnað 1997) og Félag listmeðferðarfræðinga (stofnað 1998) eru fagfélög einstaklinga hér á landi sem hafa menntað sig sem músík- eða listmeðferðarfræðinga (Music Therapist/Art Therapist). List- og músíkmeðferðarfræðingar hafa lokið meistaragráðu eða sambærilegri menntun frá viðurkenndum skólum á þessu sviði. Menntunin er á háskólastigi og samanstendur hún af kenningum um listsköpun, sálfræðikenningum, geðfræði, reynslu af listsköpun og starfsþjálfun undir handleiðslu reynds listmeðferðarfræðings, sálfræðings eða geðlæknis. Á meðan á námi stendur er lögð áhersla á að nemendur sæki sér persónulega meðferð. Menntun í list og músíkmeðferð er ekki í boði á Íslandi sem stendur.

Síðan um aldamót hafa fagfélögin tvö óskað eftir löggildingu. Félagsmenn vinna með viðkvæma einstaklinga, oft í flókinni tilfinningavinnu. Það krefst þess að viðkomandi hafi þekkingu á listforminu, eigin tilfinningalífi, meðferðarsambandinu, meðferðarkenningum og kunni að beita listrænni tjáningu sem verkfæri til að meðferðin gagnist einstaklingnum. Löggilding faggreinanna er mikilvægur þáttur í að tryggja öryggi sjúklinga. Með þessu má koma í veg fyrir að þeir sem ekki hafa lokið námi í viðeigandi meðferðarfræðum valdi skaða vegna vanþekkingar sinnar.

Í haust verður norræn ráðstefna haldin á Hótel Örk í Hveragerði þar sem menntaðir meðferðafræðingar í skapandi listum flytja erindi og halda vinnustofur. Ein af frumkvöðlum listmeðferðar og stofnendum þessarar ráðstefnu er Sigríður Björnsdóttir sem lengi starfaði á barnadeild Landspítalans. Fyrsta ráðstefnan var haldin á Íslandi árið 1975 en hefur síðan verið haldin annað hvert ár í hverju Norðurlandanna. Frá 2014 hefur ráðstefnan verið haldin í samvinnu við músíkmeðferðarfræðinga og leiklistarmeðferðarfræðinga og verður það gert að þessu sinni líka. Fyrirlesarar og þeir sem halda vinnustofur koma frá ýmsum löndum og er leitast við að fjalla um það sem efst er á baugi í meðferðarfræðunum á hverjum tíma. Þessi ráðstefna er öllum opin og getur gefið áhugasömum góða innsýn í meðferðarform skapandi lista. Hægt er að hafa samband við félög list- eða músíkmeðferðarfræðinga til að fá frekari upplýsingar. Upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á ncatc2018.is.

*Fyrir hönd stjórna Félags listmeðferðarfræðinga (listmedferdisland.com) og Félags músíkmeðferðarfræðinga*

# Mikilvægustu tækifæri Hörpu



Gunnar Guðjónsson
verkefnastjóri

**Klassíkin t.d. skipuleggur sig 2-6 ár fyrirfram og því er nauðsynlegt að ganga í þetta verkefni tafarlaust, ekki síst til þess að gæta að alþjóðlegu orðspori þessa glæsilega húss þegar kemur að tónleikahaldi.**

Í framhaldi af grein minni „Til hagsmunaaðila Hörpu“ sem birt var sl. nóvember og nú nýafstaðins aðalfundar Hörpu vil ég útskýra nánar mikilvægi þeirra tækifæra sem felast í markvissri dagskrárgerð og verkefnastýringu. Fyrir utan baráttuna við að halda utan um reksturinn þá er tilvistargrundvöllur tónleikahúss (listrænn sem og rekstrarlegur) tónleikar, tónleikaraðir og hátíðir með flytjendum í hæsta mögulega gæðaflokki en jafnframt með sjálfbæru sniði. Ef til vill er það þvert á almennar hugmyndir en í raun er það óeðlilegt þegar slíkir viðburðir bera ekki sterka afkomu sem notuð er til þess að styðja við stórviðburði og/eða almenna reksturinn. Slík kjarnastarfsemi mótar einnig helstu viðmiðunarmörk rekstursins og stöðu hússins gagnvart hagsmunaaðilum.

Skilyrðin fyrir öflugri kjarnastarfsemi í Hörpu eru með besta móti. Listamenn hrósa heimsklassa hljómburði Eldborgar, 86% þjóðarinnar hafa heimsótt húsið, starfsemi t.d. Sinfóníunnar bendir til þess að þolmörk markaðarins séu ekkert að gera vart við sig og húsið sjálft er einfaldlega flott! En þessi starfsemi er ný hér á landi og ekki er hægt að bera hana saman við aðrar greinar og/eða „hype“-markaðsstefnu sem við þekkjum helst frá stórborgum eins og London eða New York (enda hefur hún heldur ekki sannað sig þar). Langtímamarkmið eins og miðlun náinna tengsla við listformið sjálft og markviss þróun hóps af kjarna áhorfenda eru undirstöður fyrirsjáanleika og velgengni á þessu sviði.

Fjögur skref þarf að taka til að koma þessu af stað. Helstu aðstandendur klassískra tónleika þurfa að fara í djúpa sjálfsskoðun á eigin styrk- og veikleikum. Þessir aðilar þurfa jafnframt að sjá til þess að samskiptin sín á milli séu mjög góð. Þar með geta þeir betur skilgreint hlutverk hvers og eins en einnig séð betur hvar vantar almennt upp á þekkingu og reynslu. Þá fyrst er hægt að finna viðeigandi lausnir til þess að styrkja verkefnastýringu og samningsstöðu allra. Augljóslega væri Harpa best til þess fallin að halda utan um yfirsýn á markaðnum, að vera samræmingaraðili og að fylla upp í það sem fer út fyrir hlutverk og/eða getu annarra.

Að sauma þessa þræði saman er mjög fíngerð og tímafrek vinna sem alltaf krefst mikillar langtímaskipulagningar og góðra samskipta innanhúss, sem og við aðra tónleikahaldara og alþjóðlega markaðinn. Púslin í þessu spili eru því bæði örsmá og risastór. Oftast er það til dæmis þannig að tónleikahús einbeita sér að ákveðinni sérstöðu. Elbphilharmonie Hamburg er nokkurs konar „borgartorg“ með tengingu við hótel, veitingastaði og gjafabúðir og hefur samstarf við fjölbreytta tónleikahaldara, Musikverein í Vín hefur gyllta salinn sem við þekkjum frá nýárstónleikunum í sjónvarpinu og bæði Vínar og Berlínar Konzerthaus hafa lýðræðislega og nútímalega dagskrárgerð. Harpa hefur mikla möguleika til þess að ala betur á öllum slíkum atriðum.

Þó svo að klassíska tónlistin sé oftast aðalatriði tónleikahúss af þessu tagi þá er margt í hinni miklu flóru íslensku tónlistarsenunnar sem bendir til þess að slík nálgun að tónleikahaldi gæti boðið upp á spennandi og áður óþekkta möguleika á öðrum sviðum tónlistarheimsins. En hvað sem það varðar þá verður erfiðara að koma sterkum kjarna á beina braut eftir því sem tíminn líður. Klassíkin t.d. skipuleggur sig 2-6 ár fyrirfram og því er nauðsynlegt að ganga í þetta verkefni tafarlaust, ekki síst til þess að gæta að alþjóðlegu orðspori þessa glæsilega húss þegar kemur að tónleikahaldi. Það eru forréttindi að eiga Hörpu og aðstaðan er að öllu leyti metnaðarfull til þess að bera sterkan kjarna af eigin viðburðum og vera þar með aflið á bak við uppsprettu tónlistarlífsins.

*Höfundur hefur starfað í klassíska tónlistarheiminum í Vín sl. 7 ár, þar á meðal sem verkefnastjóri í Wiener Konzerthaus við tónleikahald og uppsetningu gæðastjórnunarkerfis.*




# Bílinn yfirfarinn og allir öruggir!

## Láttu skoða bílinn í réttum mánuði hjá Frumherja

Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur · Vatnsvernd · Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Söluskoðun · Hópbílar · Farprófari

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS NE 19 2019 S95

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




**Það er góð tilfinning að vera á nýskoðuðum bíl frá Frumherja!**

Frumherji
www.frumherji.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Hafnfirðingar komu, sáu og sigruðu á Selfossi




**Kunnuglegar slóðir** FH-ingar komust í úrslitaeinvígi Olís-deildar karla annað árið í röð í gærkvöld með 29-26 sigri á Selfossi í Vallaskóla í oddaleik en í úrslitunum mæta Hafnfirðingar ÍBV. Sigurinn var verðskuldaður og tókst FH loksins að vinna í Vallaskóla eftir að hafa tapað þremur leikjum í röð þar. Fær FH því aðra tilraun til að vinna titilinn en þeir þurftu að horfa á eftir titlinum til Valsmanna eftir oddaleik í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hef bætt leik minn hér í Noregi

**Svava Rós Guðmundsdóttir er að endurnýja kynnin við framherjastöðuna hjá Røa. Svava Rós er á sínu fyrsta tímabili með liðinu og hefur látið til sín taka. Henn líður vel og segir sér hafa farið fram hjá liðinu.**

**FÓTBOLTI** Svava Rós Guðmundsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu, hefur byrjað afar vel á sínu fyrsta tímabili hjá norska liðinu Røa. Hún gekk í raðir Røa í upphafi ársins og hefur skorað fjögur mörk í fyrstu fimm leikjum liðsins í norsku efstu deildinni á yfirstandandi leiktíð. Røa gekk reyndar ekki í takt við góða byrjun Svövu Rósar, en liðið beið ósigur í þremur fyrstu leikjum sínum í deildinni.

Gæfan snerist síðan liðinu í hag og liðið hefur haft betur í síðustu tveimur deildarleikjum sínum, en Svava Rós hefur verið á skotskónum í báðum sigurleikjunum. Røa hífði sig þar af leiðandi frá fallsvæði deildarinnar og hún er í seilingarfjarlægð frá markahæstu leikmönnum deildarinnar.

Svava Rós hefur verið viðloðandi íslenska landsliðið, en hún lék sinn fyrsta leik fyrir liðið í undankeppni HM 2019 þegar liðið sigraði Færeyjar nýverið 5-0 í leik liðanna í Þórshöfn. Hún hóf leikinn á hægri kantinum og stóð sig með prýði í 5-0 sigri liðsins. Svava Rós lagði upp annað mark Íslands í leiknum þegar hún renndi boltanum á Rakel Hönnudóttur sem skilaði boltanum í netið.

> Það er mjög gaman að rifja upp gamla takta í framlínunni og að fá að vera meira í baráttunni inni í vítateig andstæðinganna en áður.
>
> Svava Rós Guðmundsdóttir



Svava Rós hefur nú þegar skorað meira fyrir Røa á þessari leiktíð, en allt síðasta keppnistímabil í deildinni fyrir Breiðablik. Hún skoraði þrjú mörk fyrir Breiðablik, en lét svo enn frekar til sín taka þegar kom að því að leggja upp mörk fyrir samherja sína. Svava Rós var stoðsendingahæsti leikmaður deildarinnar síðasta sumar og raunar sumarið þar áður sömuleiðis.

„Við fórum rólega af stað í deildinni, en við stóðum okkur hins vegar vel á móti Lilleström sem er með besta lið deildarinnar. Þetta er mjög jöfn deild og það hafa öll lið verið að kroppa stig af hvert öðru. Lilleström er hins vegar í sérflokki og ég held að þær verði meistarar. Við höfum bætt okkar spilamennsku undanfarið og náð að landa sigrum í tveimur síðustu leikjunum. Það er stutt í liðin fyrir ofan okkur og sigur gegn Avaldsnes gæti lyft okkur upp um nokkur sæti,“ segir Svava Rós.

„Mér líður mjög vel hérna og allur aðbúnaður er mjög góður. Ég get einbeitt mér meira að fótboltanum hérna en heima og ég æfi alla jafna tvisvar á dag. Mér finnst ég hafa bætt mig eftir að ég kom hingað og ýmsir þættir sem voru ekki nógu góðir í mínum leik hafa batnað. Við erum með fínt lið sem getur haft betur í öllum leikjum sem við spilum og við stefnum að því að vera við topp deildarinnar,“ segir hún um það hvernig málin standa hjá liðinu.

„Mér hefur gengið vel persónulega, en aðalástæðan fyrir því að ég er að skora meira hér en hjá Breiðabliki er að ég er að spila frammi hérna. Ég hef klárað vel þau færi sem ég hef fengið og ég er aðgangsharðari fyrir framan markið en áður. Ég hef meira sjálfstraust til þess að klára færin upp á eigin spýtur og ég er orðin betri í að klára færin en ég var. Ég hef ekki sett mér nein markmið um fjölda marka á tímabilinu, en set stefnuna á að skora fyrir hvern leik,“ segir Svava Rós.

„Það er svolítið síðan ég spilaði síðast sem framherji. Ég og Elín Metta [Jensen] skiptum því á milli okkar að spila á kantinum og frammi þegar við vorum saman hjá Val. Það er mjög gaman að rifja upp gamla takta í framlínunni og fá að vera meira í baráttunni inni í vítateig andstæðinganna en áður. Ég get nýtt hraða minn og kraft í þessari stöðu og markmiðið er að bæta skottæknina enn frekar. Það er vonandi að ég haldi áfram á skotskónum,“ segir hún enn frekar um spilamennsku sína.

hjorvaro@frettabladid.is




## Nýjast

### Pepsi-deild kvenna

**FH - ÍBV 1-3**
0-1 Cloé Lacasse (2.), 0-2 Kristín Erna Sigurlásdóttir (32.), 0-3 Guðný Árnadóttir (82., sjálfsmark), 1-3 Marjani Hing-Glover (84.)..

**Þór/KA - HK/Víkingur 3-0**
1-0 Sandra Stephany Mayor Gutierrez (57.), 2-0 Sandra María Jessen (64.), 3-0 Sandra Gutierrez.

**Breiðablik - Grindavík 4-0**
1-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (41.), 2-0 Selma Sól Magnúsdóttir (49.), 3-0 Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir (55.), 4-0 Agla María Albertsdóttir (72.).

**Valur - Stjarnan 1-3**
0-1 María Eva Eyjólfsdóttir (19.), 0-2 Málfríður Erna Sigurðardóttir (39., sjálfsmark), 0-3 Katrín Ásbjörnsdóttir (44.), 1-3 Crystal Thomas (47.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 6 | HK/Víkingur | 3 |
| Þór/KA | 6 | KR | 0 |
| Valur | 3 | FH | 0 |
| ÍBV | 3 | Selfoss | 0 |
| Stjarnan | 3 | Grindavík | 0 |

### Olís-deild karla, undanúrslit

**Selfoss - FH 26-29**
**Selfoss:** Einar Sverrisson 8, Elvar Örn Jónsson6, Haukur Þrastarson 3, Guðni Ingvarsson 2, Richard Sæþór Sigurðsson 2, Teitur Örn Einarsson 2, Sverrir Pálsson 1, Atli Ævar Ingólfsson 1, Árni Steinn Steinþórsson 1.
**FH:** Óðinn Þór Ríkharðsson 6, Arnar Freyr Ársælsson 6, Ásbjörn Friðriksson 6, Gísli Þorgeir Kristjánsson 4, Einar Rafn Eiðsson 3, Jóhann Karl Reynisson 2, Ágúst Birgisson 2.

*FH vinnur einvígið 3-2 og mætir ÍBV í úrslitaeinvígi Olís-deildar karla..*

### Enska úrvalsdeildin

**Chelsea - Huddersf. 1-1**
0-1 Laurent Depoitre (50.), 1-1 Marcus Alonso (62.).

**Leicester - Arsenal 3-1**
1-0 Kelechi Iheanacho (14.), 1-1 Pierre-Emerick Aubameyang (53.), 2-1 Jamie Vardy (76.), 3-1 Riyad Mahrez (90.).

**Man. City - Brighton 3-1**
1-0 Danilo (16.), 1-1 Leonardo Ulloa (20.), 2-1 Bernando Silva (34.), 3-1 Fernandinho (72.)..

**Tottenham - Newcastle 1-0**
1-0 Harry Kane (50.) .

## Hólmar Örn tók silfur í Búlgaríu

**FÓTBOLTI** Hólmar Örn Eyjólfsson og félagar í Levski Sofia þurftu að sætta sig við silfurverðlaunin eftir að hafa tapað bikarúrslitaleiknum í Búlgaríu í gær eftir vítaspyrnukeppni. Staðan var markalaus í leikslok og þurfti því að grípa til framlengingar og síðar vítakeppni.

Jordi Gomez, samherji Hólmars sem lék áður með Wigan á Englandi, misnotaði vítaspyrnu í venjulegum leiktíma en það var aðeins forsmekkurinn fyrir Levski Sofia.

Misnýttu þeir tvær vítaspyrnur af fjórum og dugði Slavia Sofia að skora úr fjórum vítaspyrnum til að innsigla sigurinn.

Er þetta fyrsta leiktímabil Hólmars í Búlgaríu eftir félagskipti frá Ísrael og var þetta möguleiki á fyrsta titli hans þar í landi en hann þarf að bíða eftir fyrsta titlinum.

Er hann þriðji íslenski leikmaðurinn sem leikur þar í landi á eftir Jósef Kristni Jósefssyni og Garðari Bergmanni Gunnlaugssyni. – **kpt**

bauhaus.is

# BAUHAUS®







## SUMARIÐ BYRJAR Í BAUHAUS

...OG ÚRVALIÐ HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA!
GARÐHÚSGÖGN, GRILL, PALLAOLÍA, PENSLAR,
HREINSIEFNI, HÁÞRÝSTIDÆLUR, HELLUR,
PALLAEFNI, ÚTIBLÓM OG MARGT FLEIRA






Opnunartímar: mánudaga til föstudaga 8-19 * laugardaga og sunnudaga 10-18
Söludeild s. 515-0869 og sala@bauhaus.is



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, afi og langafi,

**Gunnar Egilson**
fyrrv. flugumferðarstjóri og bóndi,
Grund 2, Eyjafjarðarsveit,

lést í faðmi fjölskyldunnar á
Sjúkrahúsinu á Akureyri 6. maí sl.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Auður Birna Egilson**
**Þorsteinn Egilson**
**Bryndís Egilson** **Stefán Sch. Árnason**
**Kjartan Steinarr Egilson**
**Snæfríð Egilson** **Ivan Falck-Petersen**
**Agla Egilson** **Jónas Kristjánsson**
**barna- og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðrún Magnea**
**Aðalsteinsdóttir**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu
Grund 24. apríl síðastliðinn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að
ósk hinnar látnu. Starfsfólki Grundar eru færðar sérstakar
þakkir fyrir góða umönnun.

**María Sighvatsdóttir** **Auðunn Eiríksson**
**Aðalheiður H. Sighvatsdóttir**
**Gunnhildur Friðþjófsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Bróðir okkar og frændi,

**Valdimar Bjarnfreðsson**
listamaður,

lést á Droplaugarstöðum þann 4. maí sl.
Jarðarför auglýst síðar.

**F.h. aðstandenda,**
**Bjarnfreður Ólafsson**



Okkar elskulegi

**Hallsteinn Friðþjófsson**
frá Seyðisfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund
fimmtudaginn 26. apríl.
Bálför hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hins látna.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Steinunn Vigfúsdóttir**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
afi, langafi og langalangafi,

**Axel Jóhannesson**
húsgagnasmiður,
áður til heimilis í Ægisgötu 15,

andaðist á dvalarheimilinu Hlíð,
mánudaginn 23. apríl. Útförin fer fram
frá Akureyrarkirkju föstudaginn 11. maí kl. 13.30.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ásdís A. Colbe** **Anker Colbe**
**Björn Þröstur Axelsson** **Anna Halldóra Karlsdóttir**
**Steingerður Axelsdóttir**
**Jóhannes Axelsson** **Sigrún Arnsteinsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
**timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 512 5407.



**Lóa Björk, sem er í rauðum kjól, er meðal þeirra sem útskrifast núna. Hún segir það vera leyndarmál um hvað verkið hennar fjallar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sviðshöfundar sýna lokaverkefni sín í dag

**Í dag byrja fyrstu sýningar á lokaverkefnum sviðshöfundabrautar LHÍ. Verkin eru mjög mismunandi, frá breiðum hópi listamanna sem hafa verið að þróa sig áfram í sköpun síðustu ár.**

Nemar á sviðshöfundabraut Listaháskóla Íslands eru að útskrifast og því fylgir sýning á lokaverkefnum eins og gengur. Í dag hefjast fyrstu sýningar verkanna og þær halda áfram fram til 20. maí. Af brautinni útskrifast nú um þessar mundir níu nemendur og eru verk þeirra ákaflega fjölbreytt – þarna er leikrit sem verður leiklesið og svo er þarna samtal um femíníska útópíu og allt þar á milli.

Lóa Björk Björnsdóttir er ein þeirra sem útskrifast nú af brautinni.

„Við erum tekin þarna inn og boðið að fara frjálsa leið í að þróa okkur áfram sem listamenn. Við erum mörg frekar ólík og alls ekkert sömu pælingar í gangi hjá okkur – sumir koma inn sem handritshöfundar, grínistar eða leikmyndahönnuðir – ég hef til dæmis mestan áhuga á því að vinna með „live art“, ég skrifa smá handrit en það er smá rými fyrir eitthvað óvænt. Við erum öll góðir vinir og saman í þessum bekk þar sem við fáum að prófa okkur áfram. Nú er þetta verk lokaútkoman af þessum tilraunum,“ segir Lóa um námið.

Verk Lóu nefnist Tími til að segja bless og verður sýnt í Tjarnarbíói á föstudaginn. Hún segir það vera algjört „leyndó“ um hvað sýningin fjallar eða hvers eðlis hún nákvæmlega er en segir það fjalla um málefni sem er henni mikilvægt.

„Ég er að vinna með fjórum vinkonum mínum – við erum að gera sýningu um málefni sem brennur mikið á okkur, og ákveðið dilemma sem byrjaði þegar ég fékk eina hugmynd þegar ég bjó í London fyrir jól. Þar var ég að upplifa mjög sterkar tilfinningar – ég tékkaði á nokkrum vinkonum mínu, fékk þær til að vinna með mér í tvo mánuði og úr varð þessi sýning.“

Sýningarnar fara fram í Tjarnarbíói, Kúlunni, Smiðjunni og Borgarleikhúsinu og fyrstu sýningar hefjast í dag. Það er frítt inn á allar sýningarnar og allar upplýsingar og miðapantanir á tix.is.

**stefanthor@frettabladid.is**



Móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**Guðrún Kristín**
**Sigurjónsdóttir**
Gnoðarvogi 28,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 5. maí sl.

**Hólmfríður Þórarinsdóttir** **Jón Þórir Jóhannesson**
**Valdimar Ingi Þórarinsson**
**Elísabet Guðrún Þórarinsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Okkar ástkæra móðir,

**Lovísa Rut Bjargmundsdóttir**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu
Grund mánudaginn 7. maí.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Þorbjörg Grímsdóttir**
**Auður Grímsdóttir**
**Kristján Grímsson**
**Bjargmundur Grímsson**
**og aðrir aðstandendur.**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Valsteinn Jónsson**
Þórunnarstræti 117,

lést föstudaginn 4. maí. Útför hans fer
fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn
14. maí kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast
hans er bent á Dvalarheimilið Hlíð.

**Alda Þórðardóttir**
**Jón Viðar Valsteinsson**
**Arnar Valsteinsson** **Kristín Rós Óladóttir**
**Alda, María og Auður**



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Hulda Steinunn Valtýsdóttir**

er látin. Útför hennar verður gerð frá
Dómkirkjunni þann 16. maí kl. 13.

**Kristín Gunnarsdóttir**
**Helga Gunnarsdóttir** **Michael Dal**
**Hildigunnur Gunnarsdóttir** **Ásgeir Haraldsson**
**og aðrir aðstandendur.**

14. JÚN OG 15. JÚN



JAN VOGLER
VANESSA PEREZ
MIRA WANG

# BILL MURRAY

## NEW WORLDS

ÓGLEYMANLEG KVÖLDSTUND MEÐ STÓRLEIKARANUM
BILL MURRAY OG KLASSÍSKUM HLJÓÐFÆRALEIKURUM

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

1.–17. JÚN 2018

LISTAHÁTÍÐ.IS

KYNNTU ÞÉR
FJÖLBREYTTA OG
GLÆSILEGA DAGSKRÁ
Á VEF LISTAHÁTÍÐAR
Í REYKJAVÍK

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Vaxandi suðvestanátt í dag, 8-15 síðdegs en áfram norðaustanátt á Vestfjörðum. Rigning með köflum, en léttir til norðaustanlands með deginum. Fremur milt í veðri.




### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 1° | 8° |
| ←8 | ←7 | ↖4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° | 9° | 3° |
| ↖11 | ←13 | ↖7 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 6° | 11° |
| ←8 | ↙2 | ↖6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° | 7° | 7° |
| ←7 | ←8 | ↓3 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | 4 | 1 | | 3 | | 5 | | |
| 2 | | | | 8 | 5 | | | 4 |
| 1 | 5 | | 4 | | | 3 | 9 | |
| | 6 | 8 | | 7 | 9 | | | 2 |
| 4 | 2 | | | | | | | |
| 5 | 8 | | 2 | 9 | 7 | | | |
| | 9 | 3 | | | 4 | 7 | | 5 |
| | | | 6 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 1 | | 7 | | |
| | 6 | | 9 | | | | 3 | 1 |
| 3 | 2 | | | | | 4 | | |
| 5 | | | | 7 | | | 2 | |
| 7 | 1 | | | | | | | |
| | | 3 | 1 | | | | 5 | 8 |
| | | | | 9 | 7 | | | 4 |
| | 4 | | 3 | | 8 | | 6 | 7 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | 3 | | | |
| | 6 | 7 | | 9 | | | 2 | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | 4 | |
| 5 | | | | 3 | | | | |
| 2 | 3 | 4 | 9 | | | | | 1 |
| 4 | | | 1 | | | | 9 | |
| 6 | | 1 | | | | | 5 | |
| | 2 | | 4 | | 5 | | | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 |
| 2 | 5 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 5 | 8 |
| 1 | 9 | 5 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 2 |
| 8 | 2 | 6 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 1 | 8 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 3 | 8 | 1 | 9 | 4 | 2 | 7 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 3 | 6 | 5 | 4 | 2 | 1 | 7 | 9 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 7 | 1 | 6 | 3 | 8 |
| 1 | 7 | 9 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 |
| 3 | 1 | 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 5 | 4 |
| 4 | 9 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 | 6 |
| 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 4 | 3 | 8 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 |
| 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 |
| 1 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 9 |
| 3 | 7 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 | 4 | 6 |
| 4 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 8 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 3 | 1 | 6 | 9 | 7 | 2 | 4 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 6 | 5 |
| 6 | 1 | 7 | 5 | 2 | 4 | 9 | 3 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. ullarefni
5. léreft
6. bókstafur
8. granaldin
10. í röð
11. tíðum
12. brestir
13. núna
15. kvöld
17. uppgötva

**LÓÐRÉTT**
1. hvítagull
2. strik
3. kvk nafn
4. skrapa
7. hjákona
9. átt
12. sneið
14. upphrópun
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. pluss, 5. lín, 6. ká, 8. ananas, 10. tu, 11. oft, 12. brak, 13. núið, 15. aftann, 17. finna. **LÓÐRÉTT:** 1. platína, 2. línu, 3. una, 4. skafa, 7. ástkona, 9. norðan, 12. biti, 14. úff, 16. nn.

## Skák Gunnar Björnsson

Pytel átti leik gegn Lederman í Le Havre árið 1977.

**Svartur á leik**

**1...Df3! 2. Rxh3** (2. Dxf3 Hxe1#). **2...Dxc3 3. bxc3 Hxe1+ 0-1.** Heimsmeistaraeinvígi kvenna er í gangi. Ju Wenjun hefur 3½ vinning á móti 1½ vinning á móti Tan Zhongyi.

**www.skak.is:** HM kvenna



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími: 696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leika sér

FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141

# PIER







Allt að
**30%**
afsláttur af LACEY og SHORE ÚTIHÚSGAGNA settinu.

**Taxfree**
AFSLÁTTUR AF FIFTIES, TALISA, ARAN, PORTLAND & BALTIMORE SÓFUM



PORTLAND



BALTIMORE



TALISA



FIFTIES



ARAN

**25%**
afsláttur af COPENHAGEN og MUNICH borðstofusettum.



ALLT AÐ
**25%**
afsláttur af VIENNA & KRETE BORÐBÚNAÐI



**50%**
afsláttur af MÓSAÍK BORÐUM.
Kauptu einn PANDRA STÓL og fáðu annan á hálfvirði

Skoðið nýju sumarhúsgögnin á
**www.pier.is**

Gildir 10. - 16. maí. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Sönggleði í afleitum hljómburði

**TÓNLIST**

**Kórtónleikar**

★★★☆☆

**Söngfjelagið, ásamt INTI Fusion, Hjörlefi Valssyni og Guðmundi Steingrímssyni, flutti Kreólamessuna eftir Ariel Ramirez og nokkur önnur lög.**

**Korpúlfsstaðir laugardaginn 5. maí**



**Það ríkir jafnan fjör á tónleikum Söngfjelagsins, segir í gagnrýni.**

Korpúlfsstaðir eru að öllu jöfnu ekki notaðir fyrir lifandi tónlistarflutning. Ég man ekki eftir að hafa farið þar á tónleika fyrr en nú. Á laugardaginn hélt kammerkórinn Söngfjelagið þar vortónleika sína. Dagskráin var nokkuð óvenjuleg, sem hæfði á vissan hátt staðsetningunni. Tónlistin var nánast öll frá Suður-Ameríku. Þau örfáu íslensku lög sem heyra mátti voru með kraftmiklu latnesku yfirbragði. Sterkur þjóðlagaandi sveif yfir vötnunum og hann rímaði í sjálfu sér við hið hráa útlit sýningarsalarins á Korpúlfsstöðum.

Með Söngfjelaginu lék hljómsveitin INTI Fusion, sem samanstendur af hljóðfæraleikurum frá ýmsum löndum Suður-Ameríku. Þeir er þó allir búsettir í Noregi. Með hljómsveitinni spilaði Hjörleifur Valsson á fiðlu og Guðmundur Steingrímsson á trommur. Hilmar Örn Agnarsson stjórnaði.

Fyrst eru það vondu fréttirnar. Hljómburðurinn á svæðinu var ægilegur. Kassalaga salurinn er mjög stór og allt miðsvæðið var girt af fyrir skúlpúra sem voru til sýnis. Áheyrendur máttu gera sér að góðu að sitja meðfram veggjum. Þeir sem staðsettir voru hinum megin við afgirta rýmið voru svo langt frá að þeir geta varla hafa greint almennilega það sem fram fór.

Ég sjálfur sat á besta stað, en meira að segja þar var útkoman ekki fullnægjandi. Kórinn var að hluta til undir súð og í fyrri parti dagskrárinnar heyrðist lítið í honum. Hljómsveitin spilaði m.a. of sterkt; sérstaklega var slagverksleikur tveggja hljóðfæraleikara yfirgnæfandi.

Kórinn var auk þess í fremur slæmu standi fyrst framan af, ýmsar raddir voru ekki hreinar. Styrkleikahlutföllin voru ekki nægilega góð og heildarhljómurinn gruggugur.

Einn liðsmaður INTI Fusion, Edgar Albitres, söng einsöng. Bæði í hápunkti dagskráinnar, Kreólamessunni eftir Ariel Ramirez, en einnig í nokkrum lögum þar á undan. Hann var nokkuð lengi að komast í gang. Til allrar hamingju óx honum ásmegin og í Kreólamessunni í lokin var rödd hans fagurhljómandi og gædd miklum sjarma.

Góðu fréttirnar eru þær að fjör ríkti á tónleikunum, eins og oft er þegar Söngfjelagið er annars vegar. Sönggleðin var smitandi og þó að hljómurinn hafi ekki verið ásættanlegur í byrjun lagaðist hann. Er á leið fór að heyrast meira í kórnum en minna í hljómsveitinni og í Kreólamessunni var kórsöngurinn afar fallegur.

Höfundur messunnar, Ramirez, var argentínskur og verkið tekur aðeins um korter í flutningi. Kaflarnir eru þessir hefðbundnu, Kyrie, Gloria, o.s.frv. Andrúmsloftið er þrungið andakt, en þó mun afslappaðra en maður á að venjast. Suðuramerískir rytmar eru áberandi. Laglínurnar eru seiðandi, með þýðingarmiklum liggjandi hljómum undir sem kórinn framkallar. Þeir voru prýðilega mótaðir á tónleikunum, og heildarhljómur einsöngs, kórs og hljóðfæraleiks var glæsilegur. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Tónleikarnir byrjuðu illa, kórinn var ekki í jafnvægi og hljómburður afleitur, en svo lagaðist þetta og seinni hluti dagskrárinnar var skemmtilegur.



**„Ég skrifaði hana í janúar, en er samt búinn að vera að vinna að henni í áratugi," segir Einar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Stormfuglar svakalegasta efni sem ég hef fundið

**Stormfuglar er ný bók Einars Kárasonar. Gerist í fárviðri á síðutogara. Bókin hefur þegar verið seld til margra landa. Ævisaga Friðriks Þórs Friðrikssonar er næst á dagskrá.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Stormfuglar er ný bók eftir Einar Kárason sem kemur út næstkomandi þriðjudag, 15. maí. „Þetta er saga sem gerist í fárviðri á síðutogara. Hún byggir á umtöluðum atburðum og frægu veðri sem íslenskir togarar og skip af fleiri þjóðernum lentu í við Nýfundnaland árið 1959. Þarna var barist upp á líf og dauða og margir fórust," segir Einar. „Fyrir 30 árum las ég viðtal við sjómann sem var á á einu skipanna og þessi saga hefur leitað á mig síðan. Þetta efni er kannski það svakalegasta sem ég hef fundið. Skipverjar voru í þrjá til fjóra sólarhringa í yfirvofandi lífshættu. Enginn gat hvílst eða sofið um borð á þeim tíma.

Ég skoðaði það mikið og oft hvernig form myndi best henta þessu efni. Þegar ég fann formið sá ég að rétt væri að skrifa um það sögu. Formið er nóvella, 124 síður, þriðju persónu frásögn. Ég var eiginlega kominn með hana alla í hausinn, nokkurn veginn frá orði til orðs, þannig að ég skrifaði hana í janúar, en er samt búinn að vera að vinna að henni í áratugi."

Forlagið kynnti Stormfugla á bókamessu í London þar sem erlendir útgefendur, frá stærstu Evrópulöndunum, buðu grimmt í hana. „Ég hafði alltaf á tilfinningunni að það gæti verið áhugi á þessu efni víðar og það virðist vera raunin," segir Einar.

**Níu líf Friðriks**

Einar reiknar með að vera með aðra bók í haust, ævisögu æskuvinar síns og samstarfsmanns, Friðriks Þórs Friðrikssonar. „Friðrik er einhver almesti sögumaður sem um getur. Við vinir hans höfum lengi rætt um að það þyrfti að koma sögu hans á framfæri. Þetta er bók um ævintýralegt líf hans en það er eins og hann eigi níu líf. Þarna er úr nógu að moða. Friðrik hefur ferðast til svo að segja allra landa í heiminum og kynnst öllum fjandanum, hvað eftir annað verið mjög hætt kominn, lent í slysum og legið á gjörgæslu en harkað allt af sér með sínum mikla húmor."

**Fleiri bækur um líf á sjó**

Spurður hvaða skáldsagnarefni verði næst fyrir valinu nú þegar Stormfuglar er komin út segir Einar: „Mig hefur alltaf langað til að skrifa um eitthvað sem gerist á sjó. Það vottar fyrir því í fyrstu skáldsögunni minni, Þetta eru asnar Guðjón, þar sem aðalpersónan fer á sjóinn. Það getur verið að Stormfuglar sé sú fyrsta af tveimur eða þremur sögum sem gerast á sjó."


NÝJASTA TÆKNI OG HUGVÍSINDI

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR í íslenskum fræðum

Ársfundur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verður haldinn í Kötlusal Hótel Sögu mánudaginn 14. maí 2018, kl. 8–10.

Tæknibylting síðustu ára hefur haft mikil áhrif á rannsóknir í hugvísindum. Á fundinum verður litið til framtíðar og nokkur þróunar- og rannsóknarverkefni stofnunarinnar verða kynnt. Sagt verður frá tímamótaviðgerð á Flateyjarbók, ný risamálheild verður sýnd og greint frá landvinningum vefnámskeiðsins Icelandic Online. Mennta- og menningarmálaráðherra mun opna nýja gerð þess.

Dagskrá

**8.00** Morgunmatur
**8.30** Fundur settur

**Þorsteinn Pálsson,** formaður stjórnar stofnunarinnar, flytur ávarp
**Guðrún Nordal** forstöðumaður segir frá ársskýrslunni og starfinu undanfarin misseri
**Svanhildur Óskarsdóttir** frá handritasviði: *Inn að skinni – forvarsla Flateyjarbókar*
**Rósa Þorsteinsdóttir** frá þjóðfræðisviði: *Sögulegt manntal og bæjatal*
**Ásta Svavarsdóttir** frá orðfræðisviði: *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans – fortíð, nútíð og framtíð*
**Starkaður Barkarson,** sérfræðingur í máltækni: *Risamálheildin*
**Stefanía G. Halldórsdóttir,** stjórnarformaður Almannaróms: *Af heimsóknum í erlend tæknifyrirtæki*
**Úlfar Bragason** frá alþjóðasviði: *Icelandic Online fyrir snjalltæki*
**Lilja Dögg Alfreðsdóttir,** mennta- og menningarmálaráðherra, flytur lokaávarp



Vinsamlegast skráið ykkur á fundinn á vefnum:
*www.arnastofnun.is/page/arsfundur2018_skraning*



Rósa og Nonni takar nokkur vel valin lög í Petersen svítunni í kvöld.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 10. MAÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Íslenska óperan sýnir í Vestmannaeyjum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Menningarhúsið Kvika, Vestmannaeyjum
Óperan Mannsröddin (La voix humaine) eftir franska tónskáldið Francis Poulenc var samin árið 1958 og er byggð á samnefndu leikriti eftir Jean Cocteau. Óperan er dramatískur einþáttungur sem lýsir síðasta símtali konu til elskhuga síns sem hefur slitið sambandinu eftir fimm ár. Um er að ræða nýja og ferska nálgun á verkið þar sem aðalpersónan, Elle, er túlkuð samtímis af þeim Auði Gunnarsdóttur sópransöngkonu og Elvu Ósk Ólafsdóttur leikkonu í sviðsetningu og leikstjórn Brynhildar Guðjónsdóttur. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem óperunni og leikritinu er fléttað saman á þennan hátt og hér er farið með áhorfandann í hrífandi óvissuferð um allan mannlega tilfinningaskalann.

**Hvað?** Rósa & Nonni í Petersen svítunni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Petersen svítan, Ingólfsstræti
Í kvöld ætla Rósa og Nonni að halda uppi stemningunni í Petersen svítunni. Þau hafa spilað saman í mörg ár. Prógrammið þetta kvöldið samanstendur af tónlist úr öllum áttum í bland við djassstandarda. Þau munu m.a. taka lög frá Ninu Simone, Billie Holiday, Peggy Lee, The Smiths, Grace Jones, Fleetwood Mac, Kanye West, Destiny´s Child og allt þar á milli.

**Hvað?** Nýríki Nonni á Sportbarnum Ölveri
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Ölver, Álfheimum
Hljómsveitin Nýríki Nonni er sveit sem spilar frumsamið rokk í seventies andanum og annan rokkbræðing. Lítið er um coverlög en Nýríki hefur þó stundum slysast til að telja í slík lög. Hljómsveitina skipa þeir Guðlaugur Hjaltason gítaristi, Óskar Torfi Þorvaldsson trommari og Logi Már Einarsson bassisti. Lífleg sviðsframkoma einkennir sveitina og jafnan nóg af aksjón á sviðinu. Nýríki Nonni hefur gefið út nokkur lög, má þar nefna „Svíkjundan skatti“, „Óbóta“ og „Skipstjórasvítuna“ sem út kom fyrir stuttu.

**Hvað?** Eiríkur Orri, Magnús Trygvason Eliassen & Róbert Reynisson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Eiríkur, Róbert og Magnús eru í miðju kafi við að þróa nýja tónlist úr smiðju Eiríks. Þeir hafa soðið niður blöndu af hálfgleymdum laglínum, raftónlist, drunum og þrælhuggulegum stefjum. Tónlistin var frumflutt á tónlistarhátíðinni Norður og niður í desember síðastliðnum og nú er komið að þriðju tónleikunum.

### Viðburðir

**Hvað?** Útgáfuhóf – Heiðra skal ég dætur mínar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsið
Hinn 10. maí gefur Draumsýn út umtalaða bók Lenu Wold, Heiðra skal ég dætur mínar. Bókin sem hefur fengið mikið umtal í Noregi og Danmörku fjallar um gerendur og fórnarlömb heiðursmorða í Jórdaníu. Af því tilefni er efnt til útgáfuhófs í Norræna húsinu kl. 17.00 fimmtudaginn 10. maí nk. þar sem Lene Wold mun segja frá dvöl sinni í Jórdaníu í tengslum við gerð bókarinnar og upplifun sinni á þeim tíma.

**Hvað?** Handverkssýning félagsstarfsins Árskógum 4
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Árskógum 4
Þorvaldur tekur á móti gestum með ljúfum nikkutónum. Afhjúpun á prjónaverki „1918.“ Leikhópurinn Hugleikur, Hráskinna.

**Hvað?** Lærðu að teikna Andrés Önd & félaga. Teiknimyndaverkstæði
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Veröld – hús Vigdísar
Hinn þekkti danski teiknari Flemming Andersen stendur fyrir skemmtilegu teiknimyndaverkstæði fyrir börn og ungmenni í Veröld – húsi Vigdísar í dag. Á stuttum námskeiðum mun Flemming segja þátttakendum frá helstu einkennum teiknimynda og leiðbeina þeim með hvernig hægt er að teikna þær á einfaldan og skemmtilegan hátt.

**Hvað?** Nýjasta tækni og mislyndi – útskriftarverkefni Stefáns Ingvars
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Nýjasta tækni og mislyndi er útskriftarverkefni Stefáns Ingvars Vigfússonar, nema á sviðshöfundabraut.

**Hvað?** Brugðið til beggja vona
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Brugðið til beggja vona er útskriftarverk Hallveigar Kristínar Eiríksdóttur af sviðshöfundabraut Listaháskóla Íslands. Verkið er samsköpunarverk allra sem að því koma.

**Hvað?** Umræðuþræðir: Pari Stave
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið, Tryggvagötu
Þriðji gestur í röð Umræðuþráða árið 2018 er sýningarstjórinn og listfræðingurinn Pari Stave. Í fyrirlestri sínum mun hún fjalla um stöðu samtímalistar innan sögulegra listasafna (encyclopedic museum) og sýningarstefnu The Met Breuer.

### Sýningar

**Hvað?** Vorsýning Myndlistaskólans í Reykjavík
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Myndlistaskólinn í Reykjavík, Hringbraut
Útskriftarsýning nemenda Myndlistaskólans í Reykjavík verður opnuð í dag. Nemendur á keramikbraut, listmálarabraut, teiknibraut og textílbraut sýna sjálfstæð verkefni en um er að ræða tveggja ára námsbrautir í myndlist, hönnun og listhandverki ætlaðar nemendum með stúdentspróf af listnámsbraut.




**Útskriftarnemendur af sviðslistabraut sýna í Tjarnarbíói í dag.**

**Hvað?** Mannleg náttúra / Human Nature
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Grafíksalurinn, Tryggvagötu
Náttúran er mikilvægur hluti af hversdagsleikanum bæði fyrir Finna og Íslendinga. Í báðum löndum er náttúran mjög fjölbreytt, þó ólík sé. Það er því engin furða að bæði Finnar og Íslendingar séu í sterkum yfirskilvitlegum tengslum við náttúruna; bæði í gegnum þjóðsögur en einnig í gegnum mikla nálægð við náttúruna í hversdagsleikanum. Á báðum stöðum hefur náttúran áhrif á það hvernig við upplifum og skynjum heiminn. Hún hefur áhrif á okkur og mótar, og á þátt í því að skapa hver við erum.


# VINNINGASKRÁ

5. flokkur 2018
Útdráttur 8. maí 2018

# HAPPDRÆTTI SÍBS

Happdrætti SÍBS er hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi

AÐALVINNINGUR kr. 5.000.000
20937

AUKAVINNINGAR kr. 100.000
20936 20938

PENINGAVINNINGAR Kr. 500.000

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4421 | 14224 | 22721 | 25807 | 38805 | 40601 | 59534 | 62410 | 75632 | 78620 |

PENINGAVINNINGAR kr. 50.000

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
